Markaðsstofa Suðurlands

FERÐAMÁLASTOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD

# ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN

# DMP Á SUÐURLANDI

Apríl 2017- maí 2018 – Uppfærð 2021

Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála hafa frá árinu 2016 staðið sameiginlega að gerð áfangastaðaáætlana fyrir alla landshluta í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna sem fara með verkefnisstjórn áætlanagerðarinnar á sínum svæðum.

Áfangastaðaáætlun Suðurlands var unnin af Markaðsstofu Suðurlands fyrir Ferðamálastofu. Verkefnastjórar voru Anna V. Sigurðardóttir og Laufey Guðmundsdóttir.

Uppfært nóvember 2021



Markaðsstofa Suðurlands

FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

# Efnisyfirlit

1. Samantekt.....5
2. Áfangastaðaáætlanir.....5
2.1. Hlutverk og gildi áfangastaðaáætlana.....5
2.2. Suðurland.....6
2.3. Uppbygging og framkvæmd áætlunargerðar á svæðinu.....17
3. Stöðugreining.....25
3.1. Staða ferðaþjónustu á Suðurlandi.....25
3.2. Markaðsgreining.....35
3.3. Ímynd svæðis og aðdráttarafl.....36
3.4. Mat á framlagi ferðaþjónustu til svæðisins.....37
3.5. Mat á áhrifum ferðaþjónustu á svæðinu.....41
3.6. Stefnumótun og markaðsmál.....42
3.7. SVÓT greining.....43
3.8. PESTEL greining.....48
3.9. GAP greining.....50
3.10. Helstu áskoranir.....53
4. Framtíðarmarkmið.....55
4.1. Framtíðarsýn Suðurlands.....55
4.2. Tengsl við aðra áætlanagerð.....56
4.3. Meginmarkmið.....56
4.4. Starfsmarkmið.....60
5. Stefna og aðgerðaráætlun.....67
5.1 Hvernig ferðaþjónustu viljum við?.....67
5.2 Helstu markaðir.....70
5.3 Möguleikar svæðisins.....70
5.4 Lágmörkun neikvæðra áhrifa.....71
5.5 Aðgerðaráætlun Áfangastaðaáætlunar Suðurlands.....72
Vestursvæði - aðgerðaráætlun:.....73
Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar – aðgerðaráætlun:.....87
Ríki Vatnajökuls - aðgerðaráætlun:.....102
6. Mælikvarðar.....124
7. Kostnaður, mannafl og úrræði.....125
Heimildaskrá.....130
Viðauki – Markaðsgreining Suðurlands.....132

# Myndatafla

Mynd 1 Svæðaskipting Suðurlands.....7
Mynd 2 Áningarstaðir, útskot, opnir skógar og bílastæði.....12
Mynd 3 Skipurit almannavarna (Ríkislögreglustjórinn Almannavarnardeild, e.d.-a).....14
Mynd 4 Almannavarnarhringrásin (Ríkislögreglustjórinn Almannavarnardeild, e.d.-b).....15
Mynd 5 Sveitarfélög á Íslandi (Landmælingar Íslands, e.d.).....17
Mynd 6 Skipurit áfangastaðaáætlunar á Suðurlandi.....18

Mynd 7 Virðiskeðja ferðaþjónustunnar. ... 19
Mynd 8 Líkan fyrir vinnuhópa. ... 20
Mynd 9 Vinnuhópar svæðanna. ... 20
Mynd 10 Umræðurammi á fyrsta vinnufundi. ... 21
Mynd 11 Gögn tilbúin fyrir fyrsta vinnufund. ... 21
Mynd 12 Þátttakendur á austursvæði á fyrsta vinnufundi. ... 22
Mynd 13 Þátttakendur á vestursvæði á öðrum vinnufundi. ... 22
Mynd 14 Þátttakendur á vestursvæði á öðrum vinnufundi. ... 22
Mynd 15 Ferli vinnufunda. ... 23
Mynd 16 Þróun líftíma ferðamannastaða (Butler, 1980). ... 30
Mynd 17 Suðurlandið á líftímakúrfu Butler´s - byggt á gögunum Áfangastaðaáætlunar Suðurlands. ... 32
Mynd 18 Líftímakúrfa afþreyingar á Suðurlandi. ... 33
Mynd 19 Líftímakúrfa gistingar á Suðurlandi. ... 33
Mynd 20 Líftímakúrfa matarauðs Suðurlands. ... 34
Mynd 21 Líftímakúrfa menningar- og söguferðaþjónustu á Suðurlandi. ... 35
Mynd 22 Slagorð Suðurlands, tillögur úr Markaðsgreiningu Suðurlands. ... 37
Mynd 23 SVÓT greining Suðurlands (Markaðsstofa Suðurlands, 2016). ... 44
Mynd 24 SVÓT greining Vestursvæði Suðurlands (Markaðsstofa Suðurlands, 2016). ... 45
Mynd 25 SVÓT greining Kötlu jarðvangs &Vestmannaeyja (Markaðsstofa Suðurlands, 2016). ... 46
Mynd 26 SVÓT greining Ríki Vatnajökuls (Markaðsstofa Suðurlands, 2016). ... 47
Mynd 27 Þróun líftíma ferðamannastaða. ... 49
Mynd 28 Tengsl yfirþema í verkefninu. ... 54
Mynd 29 Þemu frá fyrsta fundi. ... 54
Mynd 30 Framtíðarsýn Suðurlands í ferðaþjónustu. ... 55
Mynd 31 Meginmarkmið Áfangastaðaáætlunar DMP á Suðurlandi. ... 56
Mynd 32 Svæði Suðurlands mátuð við markhópagreiningu Íslandsstofu og markaðsgreiningu Suðurlands. ... 70



Markaðsstofa Suðurlands

FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

# Töfluyfirlit

Tafla 1 Vestursvæði - helstu tölur a ..... 8
Tafla 2 Vestursvæði - helstu tölur b ..... 8
Tafla 3 Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar - helstu tölur. ..... 8
Tafla 4 Ríki Vatnajökuls - helstu tölur. ..... 8
Tafla 5 Helstu tölur svæðanna þriggja og Suðurland í heild. ..... 9
Tafla 6 Friðlýst svæði á Suðurlandi. ..... 9
Tafla 7 Stórar virkjanir á Suðurlandi. ..... 10
Tafla 8 Veiðivötn og ár á Suðurlandi. ..... 11
Tafla 9 Hafnir, vitar og ferjur á Suðurlandi. ..... 13
Tafla 10 Flugvellir á Suðurlandi. ..... 13
Tafla 11 Björgunarsveitir, Rauða krossdeildir og fjöldahjálparstöðvar. ..... 15
Tafla 12 Greining á gistingu úr gagnagrunni Ferðamálastofu. ..... 26
Tafla 13 Greining á veitingum úr gagnagrunni Ferðamálastofu. ..... 26
Tafla 14 Greining á afþreyingu úr gagnagrunni Ferðamálastofu. ..... 27
Tafla 15 Greining á menningu úr gagnagrunni Ferðamálastofu. ..... 27
Tafla 16 Greining á samgöngum úr gagnagrunni Ferðamálastofu. ..... 28
Tafla 17 Greining á upplýsingastöðum úr gagnagrunni Ferðamálastofu. ..... 28
Tafla 18 Þroskastig líftímakúrfu ferðamannastaða. ..... 30
Tafla 19 Einkenni hópa. ..... 36
Tafla 20 Forgangsröðun meginmarkmiða á Suðurlandi. ..... 59
Tafla 21 Forgangsröðun meginmarkmiða eftir svæðum. ..... 60
Tafla 22 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Grunnþjónusta er öflug. ..... 61
Tafla 23 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu ..... 62
Tafla 24 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Samgöngukerfið er öruggt. ..... 62
Tafla 25 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður. ..... 63
Tafla 26 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Stefna er í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru ..... 63
Tafla 27 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Regluverk er skýrt. ..... 63
Tafla 28 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Samtal og samvinna innan svæðisins er virkt. ..... 64
Tafla 29 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Náttúruvernd er í forgrunni í ferðaþjónustu. ..... 64
Tafla 30 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu. ..... 64
Tafla 31 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Eftirlit með náttúruvernd er gott. ..... 65
Tafla 32 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er góð. ..... 65
Tafla 33 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Gæði á svæðinu eru góð. ..... 66
Tafla 34 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Áningarstaðir eru hugsaðir heildrænt. ..... 66
Tafla 35 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Eftirlit með regluverki er virkt. ..... 66
Tafla 36 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Aðgengi er skilgreint fyrir hvert svæði. ..... 67
Tafla 37 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd. ..... 67
Tafla 38 Hlutfall ferðamanna sem tilheyra hverjum markhóp (Íslandsstofa, 2018) ..... 70
Tafla 39 Forgangsröðun þátta á ferðamannastöðum. ..... 118
Tafla 40 Hagaðilagreining fyrir Áfangastaðaáætlun Suðurlands. ..... 126

# 1. Samantekt

Áfangastaðaáætlun þessi var unnin frá apríl 2017 – maí 2018 og var hún unnin í samstarfi við hagaðila á Suðurlandi. Hér er komin heilstæð áætlun fyrir ferðaþjónustuna á Suðurlandi með tilliti til náttúru, menningarminja og samfélags. Í markaðsgreiningu sem Markaðsstofa Suðurlands lét gera árið 2016 var dregin fram þrískipting svæða á Suðurlandi; Gullnahringssvæðið, Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar og Ríki Vatnajökuls. Gullnahringssvæðið er samansett af sveitarfélögunum innan Árnessýslu ásamt Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar eru Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur og Vestmannaeyjar. Ríki Vatnajökuls er Sveitarfélagið Hornafjörður. Gerð var ein áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland í heild sinni og þrjár aðgerðaráætlanir, ein fyrir hvert svæði.

Mikilvægt er að ferðaþjónustan, sem skapar efnahagsleg verðmæti, þróist í sátt við samfélag og náttúru. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að auka gæði ferðaþjónustunnar og efla rannsóknir hvað varðar þolmörk náttúru, samfélaga og ferðamanna. Áhersla er á að náttúruvernd sé í forgrunni þegar kemur að ferðaþjónustu. Aðgengi sé skilgreint fyrir hvert svæði og að aðgengi að náttúrunni sé aldrei á kostnað hennar heldur sé hugað að sjálfbærni og upplifun. Nauðsynlegt er að auka ábyrga hegðun ferðamanna og leita leiða sem myndu hvetja til þess. Einnig þarf að huga vel að öryggismálum á ferðamannastöðum og reyna þannig eftir fremsta megni að koma í veg fyrir slys á fólki. Áhrif ferðaþjónustu á samfélög geta verið með margvíslegum hætti bæði jákvæð og neikvæð. Íbúar á svæðinu hafa fundið fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu með aukinni þjónustu. Neikvæð áhrif geta birst þegar ferðaþjónustan og ferðamenn ganga of nærri samfélagi og menningu. Á svæðinu hafa þau helst birst með hækkun íbúðaverðs, skorti á íbúðarhúsnæði og álagi á vegakerfið. Góðar samgöngur eru grundvöllur fyrir því að ferðaþjónusta geti starfað og kemur fram rík krafa um bættar samgöngur.

Varðandi dreifingu ferðamanna er mikilvægt að landshlutarnir og mismunandi svæði innan þeirra vinni saman til þess að fá ferðamenn til þess að stoppa lengur og ferðast lengra. Nauðsynlegt er að hefja stýringu á viðkvæmum svæðum, setja fram stefnu um aðgengi og uppbyggingu til verndar náttúru og til þess að takast á við aukinn fjölda ferðamanna. Almennt hafa aðilar sem komu að verkefninu þá sýn að ekki verði rukkað fyrir aðgang að náttúruperlum en telja mikilvægt að sett verði á komugjöld. Komugjöldin yrðu þá nýtt til uppbyggingar og viðhalds á ferðamannastöðum og við náttúruperlur.

Kallað er eftir samtali og samvinnu í greininni bæði innan greinarinnar og við aðra hagsmunaaðila eins og stjórnvöld, íbúa og aðrar atvinnugreinar. Rætt var um skort á skilningi stjórnvalda á ferðaþjónustunni og þörfum hennar, þá sérstaklega á landsbyggðinni. Mikilvægt er að auka gæði enn frekar á svæðinu m.a. með því að ferðaþjónustuaðilar taki upp samræmt gæðakerfi ferðaþjónustunnar, Vakann. Fræðsla og upplýsingagjöf í ferðaþjónustu er grunnur að gæðum og jákvæðri upplifun ferðamanna. Mikilvægt er því að efla menntun í ferðaþjónustu auk þess að vinna að bættri upplýsingagjöf til ferðamanna. Mikilvægt er að efla rannsóknir í ferðaþjónustu og byggja stefnumótun og ákvarðanatöku á traustum upplýsingum. Efla þarf þolmarkarannsóknir bæði í tengslum við náttúru og samfélag. Einnig þarf að efla rannsóknir á ferðahegðun svo og markaðsrannsóknir. Hagtölur eru mjög mikilvægar fyrir greinina til þess að gefa rétta mynd af stöðu hennar og framtíðarhorfum en áhyggjuefni er hvað hagtölum í ferðaþjónustu er ábótavant bæði hvað varðar samræmingu, greiningu niður á svæði og aðgengi.

Næstu skref eru að greina aðgerðir og verkefni út úr áætluninni og hefja innleiðingu. Mikilvægt er að hagaðilar horfi til áætlunarinnar í framtíðinni þegar unnið er að verkefnum sem tengjast ferðaþjónustu á Suðurlandi. Áfangastaðaáætlun er lifandi plagg sem þarf að uppfæra reglubundið í samvinnu við hagaðila og svæðið í heild sinni.

# 2. Áfangastaðaáætlanir

## 2.1. Hlutverk og gildi áfangastaðaáætlana

### 2.1.1. Tækifæri og áskoranir

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem hefur vaxið hratt undanfarin ár, ekki síst á Íslandi. Ef henni er rétt stýrt getur hún skapað töluverðan hagrænan, félagslegan og umhverfislegan ábata fyrir samfélög um land allt.

Einn helsti ábati ferðaþjónustu eru gjaldeyristekjur, þá sérstaklega í dreifbýli á þeim tímum árs sem helst er þörf á að skapa atvinnutækifæri og lífsviðurværi fyrir íbúa en ferðaþjónusta getur aukið við slík tækifæri. Ferðaþjónusta getur styrkt efnahag svæða en með henni skapast aukin eftirspurn eftir þekkingu og aukinni menntun íbúa sem leiðir af sér betur launuð störf. Þá blæs hún oft lífi í menningu og listalíf svæða.

Samfara aukningu ferðamanna eykst þörfin á að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu og tryggja að jákvæð áhrif hennar skili sér til samfélaganna. Jákvæð áhrif birtast meðal annars í fjölbreyttari þjónustu, ekki síst á fámennari svæðum, sem nýtist bæði íbúum og ferðamönnum. Þannig aukast lífs- og búsetugæði heimamanna. Varðandi neikvæð áhrif þarf sérstaklega að huga að því að með auknum áhrifum samfélagsmiðla eykst hætta á umhverfisskaða á svæðum sem ekki eru búin undir skyndilega aukningu í ásókn. Þá getur of mikil ásókn reynt á þolrif heimamanna og haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna en með markvissri stýringu væri hægt að lágmarka þessi áhrif.

### 2.1.2. Þörf fyrir heildstæða áætlanagerð

Möguleg jákvæð og neikvæð áhrif ferðaþjónustu sem eru talin hér að ofan undirstrika mikilvægi þess að ferðaþjónusta sé þróuð og henni stýrt á ábyrgan hátt svo jákvæð áhrif séu hámörkuð. Ferðaþjónusta tengist fjölmörgum ólíkum greinum og því þarf að líta á hana sem mikilvægan þátt í allri áætlanagerð og stefnumótun. Áfangastaðaáætlanir eru heildstæðar áætlanagerðir sem hafa ferðaþjónustu sem meginpunkt. Markmið þeirra er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem styrkir efnahag samfélaga, bætir lífsgæði íbúa og dregur úr mögulegum neikvæðum áhrifum. Mikilvægt er að þær að séu samþættar við aðrar áætlanir hins opinbera.

### 2.1.3. Hvað er áfangastaðaáætlun?

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg viljayfirlýsing um að hvernig skal stýra áfangastað yfir ákveðinn tíma, þar sem hlutverk mismunandi hagaðila eru skilgreind, þar sem fram kemur aðgerðaáætlun og hvernig auðlindum/björgum (e. *resources*) skal skipt. Áfangastaðaáætlun veitir íbúum áfangastaðar besta mögulega tækifæri til að gera áætlun til framtíðar um að laða að þá ferðaþjónustu sem þeir vilja og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.

Gerð áfangastaðaáætlana felur í sér að horft sé á ferðaþjónustu út frá víðu sjónarhorni og tekið tillit til margra ólíkra hagaðila sem eiga hagsmuna að gæta í þróun staðarins. Áætlanagerðin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfisins og reynir að skapa jafnvægi á milli og fullnægja þörfum þessara fjögurra þátta. Áfangastaðaáætlanir gera íbúum kleift að ákveða hvernig þeir vilja að ferðaþjónusta hafi áhrif á efnahag og samfélag þeirra og hvaða skref skuli taka í átt að því marki.

Það er mikilvægt að hafa hugfast að áfangastaðaáætlun er lifandi skjal sem ætti að uppfæra og endurskoða reglulega.

## 2.2. Suðurland

Suðurlandið er ansi víðfemt, nær frá Selvogi í vestri að Lóni í austri eða alls 30.966 $km^2$. Á svæðinu var íbúafjöldi tæplega 29.000 í lok árs 2017 (Hagstofa Íslands, e.d.). Svæðið samanstendur af 15 sveitarfélögum: Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerði, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Hornafjörður, Vestmannaeyjar og Ölfus. Innan Suðurlands starfa tveir þjóðgarðar og einn jarðvangur. Friðlýst svæði eru 23.

Áfangastaður er afmarkaður á ákveðinn hátt með raunverulegum mörkum eða skynjun í huga ferðamannsins. Afmörkun getur verið á markaðslegum forsendum, pólitískum eða landfræðilegum. Áfangastaður getur verið t.d. land, svæði, borg eða gististaður. Áfangastaður samanstendur af ákveðnu aðdráttarafli, innviðum, aðstöðu, viðburðum, samgöngum, gisti og veitingaþjónustu (Kotler, Bowen, & Makens, 2014).

Áfangastaðurinn Suðurland býður upp á mikla fjölbreytni í náttúru, afþreyingu, gistingu og þjónustu. Svæðin þrjú eru ólík en eiga jafnframt margt sameiginlegt. Náttúran er fjölbreytt og tilkomumikil á öllum svæðum og margir stórir seglar. Samspil íss, elds og jökla ásamt svörtum ströndum má segja að einkenni Suðurland. Jarðvarmi og vatnsafl er einkennandi á vestursvæði, eldgos og jarðhræringar eru algengar á miðsvæði og jöklsýnin á austursvæði er tilkomumikil.

Mikil saga er á Suðurlandi og felast tækifæri í því að draga hana enn betur fram og flétta við náttúrutengda upplifun. Afþreyingarmöguleikar eru fjölbreyttir en algengast er að afþreying tengist upplifun í náttúrunni. Suðurland er matarkista og þar er rík matarmenning með sterka tengingu við landbúnað og sjávarútveg.

### 2.2.1. Svæðaskipting

Við undirbúningsvinnu verkefnisins ákvað svæðisráð Suðurlands að notast yrði við svæðaskiptingu sem dregin var fram í Markaðsgreiningu Suðurlands (2016). Á Suðurlandi verður ein áfangastaðaáætlun en þrjár aðgerðaráætlanir sem skiptast niður á vestur-, mið- og austursvæði. Ekki er búið að finna heildrænt nafn fyrir vestursvæðið en miðsvæðið og austursvæðið hafa verið nefnd. Miðsvæðið verður hér eftir nefnt *Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar* og austursvæðið nefnt *Ríki Vatnajökuls*. Á mynd 1 má sjá svæðaskiptingu Suðurlands.




*Mynd 1 Svæðaskipting Suðurlands.*

Vestursvæði samanstendur af 10 sveitarfélögum; Ásahreppur, Bláskógarbyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerði, Rangárþing ytra, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Ölfus. Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar samanstendur af fjórum sveitarfélögum; Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Vestmannaeyjar. Ríki Vantajökuls er Sveitarfélagið Hornafjörður. Á kosningavef RÚV vegna sveitarstjórnarkosninga 2018 var dregið saman stærð, íbúafjöldi, helstu atvinnuvegir og meðal ráðstöfunartekjur sem dæmi, í töflunum hér að neðan má sjá þá samantekt niður á sveitarfélög, svæði og Suðurland í heild.

*Tafla 1 Vestursvæði - helstu tölur a*

| Vestursvæði | Ásahreppur | Bláskógarbyggð | Flóahreppur | Grímsnes- og Grafningshreppur | Hrunamannahreppur |
|---|---|---|---|---|---|
| Stærð í km² | 2.942 | 3.300 | 290 | 900 | 1.375 |
| Mannfjöldi | 247 | 1.115 | 644 | 479 | 774 |
| Stærsti byggðarkjarni | Engir | Reykholt | Engir | Sólheimar | Flúðir |
| Fjöldi íbúa á km² (þéttleiki) | 0,08 | 0,34 | 2,22 | 0,53 | 0,56 |
| Helstu atvinnuvegir | Landbúnaður, ferðaþjónusta | Ferðaþjónusta | Landbúnaður | Iðnaður, ferðaþjónusta | Landbúnaður |
| Meðalráðstöfunartekjur á hvern íbúa *2016 | 369.417 | 296.667 | 316.583 | 296.417 | 274.083 |
| Íslenskt ríkisfang | 79% | 77% | 94% | 85% | 81% |
| Erlent ríkisfang | 21% | 23% | 6% | 15% | 19% |

*Tafla 2 Vestursvæði - helstu tölur b*

| Vestursvæði | Hveragerði | Rangárþing ytra | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | Sveitarfélagið Árborg | Ölfus |
|---|---|---|---|---|---|
| Stærð í km² | 9 | 3.188 | 2.231 | 158 | 737 |
| Mannfjöldi | 2.566 | 1.610 | 690 | 8.995 | 2.111 |
| Stærsti byggðarkjarni | Hveragerði | Hella | Brautarholt og Árnes | Selfoss | Þorlákshöfn |
| Fjöldi íbúa á km² (þéttleiki) | 285,11 | 0,51 | 0,31 | 56,93 | 2,86 |
| Helstu atvinnuvegir | Heilbrigðis- og félagsþjónusta, fræðslustarfssemi, ferðaþjónusta | Ferðaþjónusta, landbúnaður, iðnaður | Landbúnaður, ferðaþjónusta | Fræðslustarfssemi, iðnaður, ferðaþjónusta, verslun | Sjávarútvegur, iðnaður, ferðaþjónusta |
| Meðalráðstöfunartekjur á hvern íbúa *2016 | 320.333 | 299.167 | 305.750 | 332.167 | 490.667 |
| Íslenskt ríkisfang | 95% | 86% | 69% | 94% | 84% |
| Erlent ríkisfang | 5% | 14% | 31% | 6% | 16% |

*Tafla 3 Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar - helstu tölur.*

| | Mýrdalshreppur | Rangárþing eystra | Skaftárhreppur | Vestmannaeyjar |
|---|---|---|---|---|
| Stærð í km² | 755 | 1.841 | 6.946 | 17 |
| Mannfjöldi | 633 | 1798 | 560 | 4284 |
| Stærsti byggðarkjarni | Vík | Hvolsvöllur | Kirkjubæjarklaustur | Vestmannaeyjar |
| Fjöldi íbúa á km² (þéttleiki) | 0,84 | 0,98 | 0,08 | 252 |
| Helstu atvinnuvegir | Ferðaþjónusta, landbúnaður | Ferðaþjónusta, landbúnaður, iðnaður | Ferðaþjónusta, landbúnaður | Sjávarútvegur |
| Meðalráðstöfunartekjur á hvern íbúa *2016 | 357.250 | 292.500 | 311.167 | 391.500 |
| Íslenskt ríkisfang | 65% | 83% | 75% | 92% |
| Erlent ríkisfang | 35% | 17% | 25% | 8% |

*Tafla 4 Ríki Vatnajökuls - helstu tölur.*

| Sveitarfélagið Hornafjörður | |
|---|---|
| Stærð í km² | 6.280 |
| Mannfjöldi | 2.306 |
| Stærsti byggðarkjarni | Höfn |
| Fjöldi íbúa á km² (þéttleiki) | 0,37 |
| Helstu atvinnuvegir | Sjávarútvegur, ferðaþjónusta |
| Meðalráðstöfunartekjur á hvern íbúa *2016 | 406.083 |
| Íslenskt ríkisfang | 83% |
| Erlent ríkisfang | 17% |

*Tafla 5 Helstu tölur svæðanna þriggja og Suðurland í heild.*

| | Vestursvæði | Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | Suðurland |
|---|---|---|---|---|
| Stærð í km² | 15.130 | 9.559 | 6.280 | 30.969 |
| Mannfjöldi | 19.231 | 7.275 | 2.306 | 28.812 |
| Stærsti byggðarkjarni | Selfoss | Vestmannaeyjar | Höfn | Selfoss |
| Fjöldi íbúa á km² (þéttleiki) | 1,27 | 0,76 | 0,37 | 0,93 |
| Meðalráðstöfunartekjur á hvern íbúa *2016 | 338.946 | 357.869 | 406.083 | 349.097 |
| Íslenskt ríkisfang | 90% | 86% | 83% | 88% |
| Erlent ríkisfang | 10% | 14% | 17% | 12% |

## 2.2.2. Samfélagið

Suðurland er landbúnaðar- og þjónustusamfélag. Löng hefð er fyrir því að taka á móti gestum á Suðurlandi, sérstaklega á vestursvæðinu, og hefur því skapast þar áratuga reynsla í greininni. Íbúar eru því nokkuð vanir ferðafólki og mörg fyrirtæki eiga sér langa sögu. Margt hefur einnig þróast og breyst í gegnum tíðina og sum staðar eru greinilegar vísbendingar um að samfélagið sé að breytast. Mikil gerjun hefur verið í ferðaþjónustu, mörg ný fyrirtæki og frumkvöðlar sprottið upp. Vöxturinn í greininni hefur valdið því að mikið er af innfluttu vinnuafli og sest hluti þess að hér á landi. Þetta veldur samfélagslegum breytingum sem þarf að huga að og stjórnvöld þurfa að vera meðvituð um en mikilvægt er að taka vel á móti erlendu starfsfólki og leiðbeina þeim um íslenska menningu og hefðir.

## 2.2.3. Landslag og náttúrufar

**Veður:** Ástæða þess að veðurfar á Íslandi er tiltölulega milt, miðað við breiddargráðu, eru áhrifin frá Golfstraumnum. Talið er að ef Golfstraumurinn stöðvast sé hætta á að Ísland verði óbyggilegt. Þó svo að veðurfar sé milt miðað við staðsetningu landsins koma djúpar lægðir inn á landið. Slæmt veður getur gert það að verkum að vegir lokast vegna vinda og/eða ófærðar, einnig geta verstu veður hamlað för Herjólfs til og frá Vestmannaeyjum. Í Öræfum, við Reynisfjall og undir Eyjafjöllum myndast oft sterkir vindar. Að vetri til getur Hellisheiðin og Lyngdalsheiðin lokast vegna veðra. Veðurstofan er opinber aðili sem varar við veðri. Tilkynningar og viðvaranir eru tilkynntar í útvarpi, sjónvarpi og á vefnum. Veðurstofan er í nánu samstarfi við Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og Safetravel.

**Náttúruvá:** Helstu náttúruvár sem eru yfirvofandi á Suðurlandi eru jarðskjálftar, eldgos, jökulhlaup, óveður og flóð.

## 2.2.4. Náttúruvættir og minjar

Friðlýst svæði á Suðurlandi eru 23, reyndar er Hornafjörður enn skilgreindur með Austurlandi inni á vef Umhverfisstofnunar (Umhverfisstofnun, e.d.).

*Tafla 6 Friðlýst svæði á Suðurlandi.*

| Friðlýst svæði | | | |
|---|---|---|---|
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | Alls fjöldi |
| *Árnahellir í Lamahrauni* | *Álftaversgígar* | *Díma í Lóni* | |
| *Friðland að Fjallabaki* | *Dverghamrar* | *Háalda* | |
| *Geysir í Haukadal* | *Dyrhólaey* | *Ingólfshöfði* | |
| *Gullfoss* | *Kirkjugólf* | *Lónsöræfi* | |
| *Herdísarvík* | *Skógarfoss* | *Ósland* | |
| *Jörundur í Lambahrauni* | *Surtsey* | *Salthöfði og Salthöfðamýrar* | *23* |
| *Oddaflóð* | | | |
| *Pollengi og Tunguey* | | | |
| *Viðey í Þjórsá* | | | |
| *Þjóðgarðurinn Þingvellir* | | | |
| *Þjórsárver* | | | |

Auk þessara staða er verið að vinna að friðlýsingu Kerlingarfjalla.

Fjöldi minja (fornleifa og byggingararfs) á Suðurlandi eru í umsjón Minjastofnunar Íslands. Friðlýst hús og mannvirki eru 66 (Minjastofnun Íslands, e.d.).

### 2.2.5. Landnotkun

**Landbúnaður:** Árið 2010 voru um 30% allra landbúnaðarbýla landsins á Suðurlandi eða 770 býli. Nytjað landbúnaðarland á Suðurlandi eru 330.097 hektarar (Hagstofa Íslands, 2012).

**Ferðaþjónusta:** Náttúra Íslands er eitt helsta aðdráttarafl ferðamanna, Suðurland er ríkt af náttúrufegurð og nýtir því ferðaþjónusta náttúruna.

**Skógrækt:** Skógræktin á eða hefur umsjón með Þjóðskógum landsins, á Suðurlandi eru þeir; Haukadalsskógur, Laugarvatnsskógur, Múlakot, Skógarreitur á Kirkjubæjarklaustri, Furulundurinn á Þingvöllum, Þjórsárdalur, Þórsmörk og Tumastaðir

**Orkuvinnsla:** Á Suðurlandi er nokkuð um orkuvinnslu. Þar ber helst að nefna Landsvirkjun sem starfrækir á svæðinu níu vatnsaflsvirkjanir í rekstri ásamt því að framkvæmdir við Búrfell 2 eru langt komnar. Landsvirkjun er einnig með vindmyllur við Búrfell. Orkuveita Reykjavíkur er með tvær jarðvarmavirkjanir á svæðinu; sjá töflu 7.

*Tafla 7 Stórar virkjanir á Suðurlandi.*

| Stórar virkjanir | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tegund | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | Alls fjöldi |
| *Vatnsaflvirkjanir* | *Búðarhálsstöð<br>Búrfellsstöð<br>Hrauneyjafossstöð<br>Írafossstöð<br>Ljósafossstöð<br>Sigöldustöð<br>Steingrímsstöð<br>Vatnsfellsstöð<br>Sultartangastöð* | | | *9* |
| *Jarðvarmavirkjanir* | *Nesjavellir<br>Hellisheiði* | | | *2* |
| *Vindafl* | *Hafið* | | | *1* |

Auk þess er heilmikið um smávirkjanir víðsvegar um landshlutann.

**Veiðar:** Sjávarútvegur er sterkur á Höfn, í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. Samkvæmt heimasíðunni www.nat.is eru laxveiðiár á Suðurlandi 14, silungsveiðiár 29 og veiðivötn 20; sjá töflu 8.

*Tafla 8 Veiðivötn og ár á Suðurlandi.*

| Veiði - vötn og ár | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | **Alls fjöldi** |
| Laxveiðiár | *Ytri Rangá<br>Stóra Laxá<br>Iða<br>Tungufljót<br>Kálfá<br>Brúará<br>Hvítá<br>Sogið<br>Ölfusá* | *Geirlandsá<br>Kerlingadalsá og Vatnsá<br>Skógá<br>Eystri Rangá* | *Laxá í Nesjum* | *14* |
| Silungsveiðiár | *Minnivallalækur<br>Ytri Rangá<br>Hólsá<br>Baugstaðarós<br>Volalækur<br>Bitrulækur<br>Einholtslækur<br>Tungufljót<br>Fullsæll<br>Brúará<br>Hólaá<br>Ölfusá<br>Varmá* | *Laxá - Brúará<br>Djúpá<br>Núpsvötn<br>Fossálar<br>Hörgsá<br>Vatnamót<br>Hólmasvæðið og Mávabótarálar<br>Geirlandsá<br>Tungulækur<br>Jónskvísl<br>Víkurflóð<br>Grenlækur<br>Eldvatn<br>Tungufljót<br>Eystri Rangá* | *Veiðiós* | *29* |
| Vatnaveiði | *Hrútsvatn<br>Tangavatn<br>Gíslholtsvatn<br>Flókatjörn<br>Hvítárvatn<br>Hestvatn<br>Villingaholtsvatn<br>Úlfljótsvatn<br>Álftavatn<br>Apavatn<br>Laugarvatn<br>Þingvallavatn<br>Mjóavatn<br>Stíflisdalsvatn* | *Þórutjörn<br>Hæðagarðsvatn<br>Nýjalón<br>Víkurflóð<br>Höfðabrekkutjarnir<br>Heiðarvatn* | | *20* |

## 2.2.6. Samgöngur og innviðir

**Landleið:** Vegir landsins eru á forræði Vegagerðarinnar, það er hefur forræði yfir vegum og vegsvæðum þar með talið vegagerð, þjónusta á vegum og viðhald vega. Vegagerðin skilgreinir hlutverk sitt:

> *„Að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.*
>
> *Með þessu er átt við að samgöngur séu tryggar allt árið með eins litlum tilkostnaði og eins miklum þægindum og hægt er fyrir vegfarendur. Sérstök áhersla er lögð á samgöngur innan þjónustusvæða og að leiðarvísun sé eins skilmerkileg og frekast er kostur. Við gerð vega og viðhald þeirra er lögð sérstök áhersla á að slys verði sem fæst á vegfarendum ekki síst hinum óvarða eða gangandi vegfaranda. Reynt er að taka sem mest tillit til óska vegfarenda og að sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa sé sem best. Sérstaklega er reynt að hafa mengun eins litla og hægt er og sýna náttúru og minjum tillitssemi.“* (Vegagerðin, e.d.-b).

Áningarstaðir eru settir við þjóðvegi á þeim stöðum þar sem ferðalangar geta áð þar sem horft er til umferðaröryggissjónamiða auk þess eru þeir settir þar sem útsýni og umhverfið er fallegt svo að vegfarendur geti notið þess. Áningarstaðir eru margvíslegir að stærð, eru flestir með aðstöðu til að borða nesti og á sumum eru upplýsingaskilti með fróðleik um sögu í nánasta umhverfi og áhugaverða staði í nágrenninu.




*Mynd 2 Áningarstaðir, útskot, opnir skógar og bílastæði.*

Mynd 2 sýnir þá áningarstaði, útskot, opna skóga og bílastæði sem eru á vegum Vegagerðarinnar (Vegagerðin, e.d.-a).

Fjölmargar reiðleiðir, bæði styttri og lengri, liggja um landið. Umsjón með þeim liggur ýmist hjá sveitarfélögum eða viðkomandi hestamannafélagi.

Göngu- og hjólreiðastígar eru aðallega í og við þéttbýliskjarna. Vitundarvakning hefur verið hjá sveitarfélögum að leggja slíka stíga og þá sérstaklega til að tengja saman þéttbýliskjarna.

**Almenningssamgöngur á landi:** Strætó á Suðurlandi sér um all flestar almenningssamgöngur á landi og eru sex leiðir í boði.

- Leið 51: Höfn – Skaftafell – Vík – Hvolsvöllur – Selfoss – Hveragerði – Selfoss
- Leið 52: Reykjavík – Hveragerði – Selfoss – Hella – Hvolsvöllur – Landeyjarhöfn
- Leið 71: Þorlákshöfn – Hveragerði
- Leið 72: Selfoss – Borg – Reykholt – Flúðir – Selfoss
- Leið 73: Selfoss – Flúðir – Reykholt – Laugarvatn – Grímsnes – Selfoss
- Leið 75: Selfoss – Stokkseyri – Eyrarbakki - Selfoss

Nokkrir þjónustuaðilar bjóða upp á reglulegar ferðir eins m.a. Gullna hringinn, um Suðurströndina og að Jökulsárlóni þar sem möguleiki er m.a. á að hefja ferðina frá Selfossi og Hveragerði. Á sumrin er einnig boðið upp á ferðir þar sem hægt er að kaupa rútupassa og hoppa inn og út þar sem viðkomandi hentar á þeim leiðum sem rúturnar ganga. Á þeim leiðum er hægt að ferðast um suðurströndina, yfir Kjöl og Sprengisand og Friðland að Fjallabaki.

**Sjóleið og hafnir:** Á Suðurlandi gengur ein ferja, Herjólfur, til Vestmannaeyja frá Landeyjarhöfn. Þann tíma ársins þegar Landeyjarhöfn er ófær vegna grynninga siglir Herjólfur til Þorlákshafnar.

Þrjár stórar fiskihafnir eru á Suðurlandi. Þær eru í Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum og Höfn. Aðrar hafnir eru þrjár samkvæmt heimasíðu Vegagerðarinnar. Á sömu heimasíðu eru skráðir 16 vitar. Sjá lista yfir hafnir, vita og ferjur í töflu 9.

*Tafla 9 Hafnir, vitar og ferjur á Suðurlandi.*

| Hafnir, vitar og ferjur samkvæmt Vegagerðinni | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | **Alls fjöldi** |
| *Hafnir, flokkur I - stór fiskihöfn* | *Þorlákshöfn* | *Vestmannaeyjar* | *Höfn* | *3* |
| *Aðrar hafnir* | *Eyrarbakki*<br>*Stokkseyri* | *Landeyjahöfn* | | *3* |
| *Vitar* | *Selvogsviti*<br>*Hafnarnesviti*<br>*Knarrarósviti* | *Þrídrangaviti*<br>*Geirfuglaskersviti*<br>*Stórhöfði*<br>*Urðaviti*<br>*Dyrhólaeyjarviti*<br>*Alviðruhamraviti*<br>*Skarðsfjöruviti*<br>*Skaftárósviti* | *Ingólfshöfðaviti*<br>*Hrollaugseyjarviti*<br>*Hvanneyjarviti*<br>*Stokksnesviti*<br>*Hvalnesviti* | *16* |
| *Ferjur* | | *Herjólfur* | | *1* |

**Loftleið:** Á Suðurlandi eru tveir áætlunarflugvellir sem flogið er til frá Reykjavíkurflugvelli, í Vestmannaeyjum og á Höfn. Isavia hefur einnig á skrá hjá sér 12 aðrar flugbrautir víðsvegar um Suðurland; sjá töflu 10.

*Tafla 10 Flugvellir á Suðurlandi.*

| Flugvellir á Suðurlandi samkvæmt Isavia | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | **Alls fjöldi** |
| *Áætlunarflugvellir* | | *Vestmannaeyjar* | *Hornafjörður* | *2* |
| *Flugbautir með bundnu slitlagi* | | *Bakki* | | *1* |
| *Flugbrautir með marlarslitlagi* | *Kerlingarfjöll*<br>*Sandskeið*<br>*Skálavatn*<br>*Nýidalur* | *Kirkjubæjarklaustur*<br>*Skógarsandur*<br>*Þórsmörk*<br>*Vík* | *Fagurhólsmýri* | *9* |
| *Grasbrautir* | *HellaFlúðir* | | | *2* |

Auk ofangreinda flugvalla eru einkaflugvellir á svæðinu, dæmi um slíka er Selfossflugvöllur og flugvöllurinn við Skaftafell.

**Sorpmál** eru ekki samræmd á Suðurlandi, þau eru á forræði hvers sveitarfélags fyrir sig.

## 2.2.7. Öryggismál

**Upplýsingagjöf:** Upplýsingamiðstöðvar eru ýmist reknar af sveitarfélögum, ríki eða í samstarfi þessara aðila. Ein landshlutamiðstöð er á Suðurlandi og er hún staðsett í Hveragerði. Upplýsingamiðstöðvar eru einnig í Þorlákshöfn, Hrauneyjum, Vík, Skaftafelli, á Selfossi, Þingvöllum, Hvolsvelli, Kirkjubæjarklaustri og Höfn.

**Landvarsla:** Landvarsla er á höndum þjóðgarða og Umhverfisstofnunar. Hlutverk landvarða er margþætt, helstu þættir eru móttaka, fræðsla, náttúruvernd og eftirlit. Landvarsla er helst á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum. Helstu staðir á Suðurlandi eru Geysir, Gullfoss, Dyrhólaey, Friðland að Fjallabaki, Skaftárhreppur, Kerlingarfjöll, Hrauneyjar, Vatnajökulsþjóðgarður og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Landsvæði og tímabil landvörslu fara sífellt stækkandi sökum aukins ferðamannastraums en þó ekki í takt við þá aukningu (Þingskjal 823 — 384. mál, 2018). Á vormánuðum 2018 hafa landverðir einnig starfað í Reykjadal, Fjaðrárgljúfri og við Skógarfoss sökum lokunar svæða vegna átroðnings.

**Sýslumenn og lögregla:** Tveir sýslumenn eru á Suðurlandi, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, með aðalskrifstofu á Selfossi, og Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum. Lögreglustjórinn á Suðurlandi er með aðalskrifstofu sína á Hvolsvelli auk þess sem lögreglustöðvar eru á Hvolsvelli, Selfossi, Höfn og í Vestmannaeyjum. Lögregluvarðstofur eru í Vík og á Kirkjubæjarklaustri.

**Heilsugæslustöðvar og sjúkrahús:** Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) starfrækir starfsstöðvar á Selfossi, Vestmannaeyjum, Hveragerði, Laugarási, Hellu, Þorlákshöfn og Hvolsvelli, Vík, Kirkjubæjarklaustri og Höfn. Á öllum fyrrgreindum stöðum eru heilsugæslustöðvar. Á Selfossi er bráða- og slysamóttaka. Sjúkrahús eru á Selfossi og í Vestmannaeyjum.

**Sjúkraflutningar og sjúkraflug:** Aðalstarfsstöð sjúkraflutninga HSU er á Selfossi, en alls eru starfstöðvarnar fimm. Þessar starfstöðvar sinna öllu Suðurlandi frá Hellisheiði að Höfn í Hornafirði. 10 fullbúnir bílar eru staðsettir á Selfossi, Hvolsvelli, Vík, Kirkjubæjarklaustri og Vestmannaeyjum. Á árinu 2017 voru að meðaltali þrjú útköll á dag í umdæminu.

> *„Gríðarleg aukning hefur verið á sjúkraflutningum í umdæminu síðustu ár en þar munar mestu aukning ferðamanna á svæðinu, enda heilbrigðisumdæmið með stærstu sumarhúsabyggð á landinu og mest sóttu ferðamannastaðina.„* (Heilbrigðisstofnun Suðurlands, e.d.)

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar (2013) um sjúkraflug er notast við þyrlu Landhelgisgæslunnar til sjúkraflutninga á Suðurlandi þar sem ekki er hægt að flytja sjúklinga með sjúkrabíl. Undantekning er þegar flytja þarf sjúklinga frá Vestmannaeyjum, þá er notast er við sjúkraflugvél, ef sjúkraflugvél að einhverjum ástæðum getur ekki flogið til Eyja er notast við þyrlu Landhelgisgæslunnar.

**Brunavarnir:** Brunavarnir Rangárvallasýslu eru með starfstöðvar á Hvolsvelli og Hellu. Slökkvilið Hornafjarðar þar sem útkallsstöðvar eru tvær á Höfn og í Öræfum. Slökkvilið er í Vestmannaeyjum. Höfuðstöðvar Brunavarna Árnessýslu eru á Selfossi en auk þess eru minni starfstöðvar á Stokkseyri, Laugarvatni, Reykholti, Árnesi, Þorlákshöfn, Hveragerði og Hellu.

**Almannavarnir:** Almannavarnanefndir eru fjórar á Suðurlandi. Almannavarnanefnd Árnessýslu, Almannavarnanefnd Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu, Almannavarnanefnd Vestmannaeyja og Almannavarnanefnd Hornafjarðar. Þær eru skipaðar lögreglustjóra viðkomandi umdæmis, fulltrúum sveitarstjórna og þar að auki þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Skipurit almannavarna má sjá á mynd 3.




*Mynd 3 Skipurit almannavarna (Ríkislögreglustjórinn Almannavarnardeild, e.d.-a).*




*Mynd 4 Almannavarnarhringrásin* (Ríkislögreglustjórinn Almannavarnardeild, e.d.-b).

Mynd 4 sýnir hlutverk almannavarna fyrir, á meðan og eftir hamfarir.

**Björgunarsveitir, Rauði krossinn og aðrir viðbragðsaðilar:** Á Suðurlandi eru starfræktar 22 björgunarsveitir, ein slysavarnadeild og sjö deildir Rauða krossins. Ein hópslysakerra er á svæðinu. 19 Fjöldahjálpastöðvar eru starfræktar á vegum Rauða krossins á neyðartímum og eru þær almennt í skólum eða félagsheimilum; sjá töflu 11.

*Tafla 11 Björgunarsveitir, Rauða krossdeildir og fjöldahjálparstöðvar.*

| Björgunarsveitir, Rauða krossdeildir og fjöldahjálparstöðvar | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tegund | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | Alls fjöldi |
| *Björgunarsveitir* | *Björgunarsveit Biskupstungna<br>Björgunarsveitin Ingunn<br>Hjálparsveitin Tintron<br>Björgunarsveitin Mannbjörg<br>Björgunarsveitin Björg Eyrarbakka<br>Hjálparsveit skáta Hveragerði<br>Björgunarfélag Árborgar<br>Björgunarsveitin Sigurgeir<br>Björgunarfélagið Eyvindur<br>Flugbjörgunarsveitin Hellu* | *Björgunarsveitin Dagrenning<br>Björgunarsveit Landeyja<br>Björgunarsveitin Bróðurhöndin<br>Björgunarfélag Vestmannaeyja<br>Björgunarsveitin Víkverji<br>SL-Vík Björgunarsveitin Lífgjöf<br>Björgunarsveitin Stjarnan<br>Björgunarsveitin Kyndill Kbkl.* | *SL-Freysnes<br>Björgunarsveitin Kári<br>Björgunarfélag Hornafjarðar* | *22* |
| *Slysavarnardeildir* | | *Slysavarnadeildin Eykindill, Vestmannaeyjum* | *Slysavarnadeildin Framtíð* | *2* |
| *Hópslysakerrur* | | *SL - Flúðir* | | *1* |
| *Rauði krossinn* | *Árnessýsludeild<br>Hveragerðisdeild* | *Klausturdeild<br>Rangárvallasýsludeild<br>Vestmannaejardeild<br>Víkurdeild* | *Hornafjarðardeild* | *7* |
| *Fjöldahjálparstöðvar* | *Barnaskólinn Stokkseyri<br>Flúðaskóli<br>Grunnskólinn á Hellu<br>Grunnskólinn í Hveragerði<br>Grunnskólinn í Þorlákshöfn<br>Laugaland í Holtum<br>Menntaskólinn að Laugarvatni* | *Arnardrangur<br>Drangshlíð<br>Grunnskóli Vestmannaeyja<br>Gunnarshólmi<br>Heimaland<br>Hvolsskóli<br>Kirkjubæjarskóli á Síðu<br>Víkurskóli* | *Hafnarskóli<br>Hofgarður<br>Hrollaugsstaðir* | *19* |

**Safetravel:** Landsbjörg hefur í nokkur ár starfrækt slysavarnarverkefnið Safetravel. Á vef Safetravel má finna ýmsar upplýsingar er varða öryggi ferðamanna, veður og ástand vega. Upplýsingarnar birtast einnig á samfélagsmiðlum Safetravel þ.e. Twitter, Facebook og Instagram. Einnig er boðið upp á að ferðalangar geti skilað inn ferðaáætlun og leigt neyðarsendi.

### 2.2.8. Menntun, rannsóknir og vöktun

**Menntastofnanir:** Auk grunnskóla sveitarfélaganna þá eru fjórir framhaldsskólar á Suðurlandi, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Menntaskólinn að Laugarvatni og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi, sér um og skipuleggur nám og námskeið fyrir fullorðna, er með aðalstarfsstöð sína á Selfossi auk starfsemi á Hvolsvelli, Kirkjubæjarklaustri Höfn og í Vík. Viska er fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja. Háskólafélag Suðurlands er staðsett á Selfossi.

Fræðslunetið, Háskólafélagið og Markaðsstofan eru með sínar starfstöðvar í sama húsnæði á Selfossi og hafa skipað teymi um fræðslu og fræðsluþörf í ferðaþjónustu þar með talið átt samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar um fræðslu til fyrirtækja og starfsmanna í ferðaþjónustu.

**Rannsóknarstofnanir:** Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Hornafirði er staðsett á Höfn þar sem lögð er áhersla á rannsóknir sem tengjast ferðaþjónustu. Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi er staðsett á Laugarvatni og fæst við rannsóknir á landnýtingarmálum á breiðum grunni. Náttúrustofa Suðausturlands er staðsett á Höfn. Náttúrustofa Suðurlands er staðsett í Vestmannaeyjum en hún starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Ísland og náttúrustofur.

### 2.2.9. Tengsl við grannsvæði

Suðurlandið tengist landfræðilega öllum öðrum landshlutum fyrir utan Vestfirði.

**Reykjanes:** Í vestri liggur saman Suðurlandið og Reykjanesið á hreppamörkum Ölfus og Grindavíkurbæjar. Suðurland og Reykjanesið skipa saman Suðurkjördæmi.

**Höfuðborgarsvæðið:** Við Höfuðborgarsvæðið liggur Suðurlandið á hreppamörkum; hreppamörk Garðabæjar, Kópavogs, Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar við Ölfus; hreppamörk Mosfellsbæjar við Grímsnes- og Grafningshrepp og mörk Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar og Kjósarhrepp við hreppamörk Bláskógarbyggðar.

**Vesturland:** Við Vesturlandið liggja hreppamörk Bláskógarbyggðar við Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð og Grímsnes- og Grafningshrepps við Borgarbyggð.

**Norðurland:** Suðurland liggur við Norðurland í gegnum hálendið þar sem Bláskógarbyggð liggur við Húnavatnshrepp og Akrahrepp; Skeiða- og Gnúpverjahreppur við Akrahrepp og Eyjafjarðarsveit; Ásahreppur við Eyjafjarðarsveit og Þingeyjarsveit; Skaftárhreppur við Þingeyjarsveit og Sveitarfélagið Hornafjörður við Skútufjarðarhrepp.

**Austurland:** Við Austurlandið liggja hreppamörk Sveitarfélagsins Hornafjarðar við Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp og Djúpavogshrepp.




*Mynd 5 Sveitarfélög á Íslandi (Landmælingar Íslands, e.d.).*

Mynd 5 sýnir kort af Íslandi með sveitarfélagsmörkum.

## 2.3. Uppbyging og framkvæmd áætlunargerðar á svæðinu

Til að geta dregið fram raunhæfa og gilda áfangastaðaáætlun er mikilvægt að huga vel að grunngreiningum, huga að helstu hagaðilum og gæta þess að raddir þeirra heyrist.

- Hver er staðan?
- Hvar viljum við vera?
- Hvernig komumst við þangað?
- Hvenær vitum við að árangri er náð?

### 2.3.1. Undirbúningur og skipulag

Áður en að verkefnastjórar voru ráðnir til starfa var búið að vinna góða undirbúningsvinnu á svæðinu. Þar leiddi Markaðsstofan, með aðkomu faghóps um ferðamál, vinnu við gerð hagaðilagreiningar ferðaþjónustunnar á Suðurlandi sem var notuð m.a. til grundvallar að myndun svæðisráðs. Svæðaskiptin var síðan ákvörðuð í svæðisráði ásamt grófum ramma fyrir verkefnið.

Í apríl 2017 tóku verkefnastjórar til starfa. Mikilvægt er að huga vel að undirbúningi verkefnis áður en lagt er í sjálfa vinnunna. Fóru því fyrstu mánuðirnir í að kynna sér þá verkfærakistu fyrir verkefnið sem Ferðamálastofa lagði til, kynna sér svæðin, skoða og lesa þær skýrslur sem gerðar hafa verið og ekki síst að skilgreina umfang verkefnisins það er hvað á heima innan áfangastaðaáætlunar og hvað ekki.

Áður en farið er af stað í verkefni líkt og áfangastaðaáætlun er nauðsynlegt að kortleggja hvað á að gera og hvernig á að vinna verkefnið með góðri verkefnisáætlun. Innan verkefnisáætlunar rúmast greiningar um umfang verkefnisins (e.*scope*), skipurit verkefnisins, óvissugreining og annað sem þarf að huga að áður en lagt er af stað.

### 2.3.2. Svæðisráð og tengiliðir svæða

Svæðisráð á Suðurlandi er skipað stjórn og framkvæmdarstjóra Markaðsstofu Suðurlands, Dagný Jóhannsdóttir, ásamt tengiliðum svæðanna sem eru: Vestursvæði, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu, miðsvæði Árný Lára Karvelsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings eystra og Árdís Erna Halldórsdóttir atvinnu- og ferðamálafulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.




*Mynd 6 Skipurit áfangastaðaáætlunar á Suðurlandi*

Mynd 6 sýnir skipurit í vinnunni við gerð áfangastaðaáætlunar á Suðurlandi.

### 2.3.3. Hagaðilagreining

Hagaðilagreining er gerð til að sjá hverjir verða fyrir áhrifum af ferðaþjónustunni, með beinum eða óbeinum hætti. Þeir hagaðilar eru listaðir upp eftir hlutverki/framlagi, mikilvægi eða hagsmunum og áhrifum. Sjá hagaðilagreiningu Áfangastaðaáætlunar DMP Suðurlands í kafla 7.

## 2.3.4. Virðiskeðja ferðaþjónustunnar

Ein leiðin til að greina virði ferðaþjónustunnar á svæðinu er að lista upp virðiskeðju ferðaþjónustunnar. Með henni er hægt að sjá hvaða þjónusta er gerð út af svæðinu og skapar þannig virði fyrir svæðið í formi atvinnu, aukinnar þjónustu og þar af leiðandi tekjur fyrir sveitarfélagið og íbúa á svæðinu. Einnig er hægt að greina með virðiskeðjunni hvar „haglekinn“ er á svæðinu, það er að segja hvaða þjónusta er seld utan svæðis þó verið sé að nýta svæðið til að veita þjónustuna. Einnig má sjá með virðiskeðjunni hvar „götin“ eru í keðjunni á svæðinu, það er að segja hvað er ekki í boði á svæðinu og eru þá möguleg tækifæri. Auk þeirrar þjónustu sem veitt er á svæðinu eru það inniviðir svæðisins sem styðja við ferðaþjónustuna og svæðið. Við styrkingu innviða skapast sem dæmi aukið virði í formi atvinnu en á oft á tíðum kalla þau á aukinn kostnað fyrir sveitarfélagið. Því er mikilvægt að jafnvægi sé sem best þar á milli svo að samfélagið virki sem best.




*Mynd 7 Virðiskeðja ferðaþjónustunnar.*

Á mynd 7 má sjá virðiskeðju ferðaþjónustunnar.

## 2.3.5. Vinnuhópar

Til þess að tryggja aðkomu allra helstu hagaðila var notast við hagaðilagreininguna sem fyrir var. Var hún skoðuð og betrumbætt með það að leiðarljósi að allir hagaðilar sem tengjast ferðaþjónustu á einhvern hátt hefðu tök á að koma að vinnu áfangastaðaáætlunar. Eftir að hagaðilagreiningin var skoðuð var líkan fyrir vinnuhópa útbúið sem samanstendur af fulltrúum matvælaframleiðenda, landeigenda, sveitarstjórnaraðila, íbúa, ferðaþjónustuaðila í gistingu, afþreyingu og veitingum auk aðila frá þjóðgarði/jarðvangi og upplýsingamiðstöð; sjá mynd 8.




*Mynd 8 Líkan fyrir vinnuhópa.*

Hugað var að því að fulltrúar frá öllum sveitarfélögum kæmu inn í vinnuhópana, hvort sem það væri aðili í sveitarstjórn, íbúi eða landeigandi svo að dæmi séu tekin. Einnig var haft samráð við lögregluna, Vegagerðina og Minjastofnun ekki náðist að hafa samráð við aðra hlutaðeigandi aðila en það verður gert í næsta fasa.

Auk þess að auglýsa eftir áhugasömum einstaklingum inn í vinnuhópa svæðanna á heimasíðu Markaðsstofu Suðurlands, www.south.is/is/dmp, í Dagskránni, Eyjafréttum og Eystrahorni var haft samband við aðila eftir ráðgjöf frá tengiliðum svæðanna og starfsmönnum Markaðsstofu Suðurlands.

**Vinnuhópar:**

| Svæði 1 | Svæði 2 | Svæði 3 |
|---|---|---|
| Ásborg Arnþórsdóttir, **tengiliður hóps** | Árný Lára Karvelsdóttir, **tengiliður hóps** | Árdís Erna Halldórsdóttir, **tengiliður hóps** |
| Ása Valdís Árnadóttir | Arnar Gauti Markússon | Adisa Mesetovic |
| Ásta Stefánsdóttir | Benedikt Benediktsson | Anna María Kristjánsdóttir/Sigurður Guðm. |
| Dagný Magnúsdóttir | Brynja Davíðsdóttir/Berglind Sigmundsdóttir | Anna María Ragnarsdóttir |
| Einar Sæmundsen | Halla Ólafsdóttir | Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir |
| Gunnar Aron Ólason | Hildur Sólveig Sigurðardóttir | Ari Þorsteinsson/Eik Aradóttir |
| Halldóra Hjörleifsdóttir | Jóna Björk Jónsdóttir | Berglind Steinþórsdóttir |
| Haraldur Einarsson | Kristín Jóhannsdóttir | Erla Rún Guðmundsdóttir |
| Hermann Örn Kristjánsson | Magnús Bragason | Fanney Björg Sveinsdóttir |
| Katrín Sigurðardóttir | Rannveig Ólafsdóttir | Gunnlaugur Róbertsson |
| Knútur Ármann | Sveinn Hreiðar Jensson/Eva Björk Harðardóttir | Hjalti Þór Vignisson |
| Mábil Másdóttir | Vigfús Þór Hróbjartsson | Olga M Ingólfsdóttir |
| Nanna Jónsdóttir | Þórir Kjartansson | Regína Hreinsdóttir |
| Sigurdís Guðjónsdóttir | | |
| Tómas Þóroddsson | | |

*Mynd 9 Vinnuhópar svæðanna.*


Markaðsstofa Suðurlands
FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

Þegar búið var að mynda vinnuhópana á svæðunum (sjá hópana á mynd 9) fóru verkefnastjórar í heimsóknir til aðila vinnuhópanna ásamt öðrum hagaðilum og fylgdu tengiliðir svæðanna með í þeim ferðum. Tilgangur heimsóknanna var að mynda tengsl og traust við þá sem myndu taka þátt í vinnunni sem og að heyra hvað það væri sem helst brynni á fólki í sambandi við ferðaþjónustuna. Þessar heimsóknir voru gott innlegg í skipulag og undirbúning fyrir vinnufundina. Úr þeim samtölum drógu verkefnastjórar fram umræðuramma til að vinna með á fyrsta vinnufundinum. Umræðuramminn var myndaður úr eftirfarandi þáttum: Opinberir aðilar, innviðir, samfélagið, náttúran, ímynd og gæði og að lokum samtal og samvinna; sjá mynd 10.




*Mynd 10 Umræðurammi á fyrsta vinnufundi.*

## 2.3.6. Vinnufundir

Við gerð verkefnisáætlunar var ákveðið að fjórir vinnufundir yrðu á hverju svæði fyrir sig þar sem sama vinnuferli var notað á öllum svæðum. Ástæða þess var að auðvelda alla samræmingu á milli svæða. Ferli vinnufunda var rammað inn eftir verkfærakistunni sem verkefnastjórar fengu í hendur frá skoska ráðgjafanum Tom Buncle og Ferðamálastofu. Ákveðið var að hafa vinnufundina stutta og hnitmiðaða til að þeir væru sem skilvirkastir. Hugað var vel að tímasetningum og skrifað var handrit að fundunum til að ná að klára yfirferðina á ekki lengri tíma en tveimur klukkustundum. Eftir fundina varð svo oft til óformlegt spjall yfir hádegismat eða kaffi, það spjall var ekki síður mikilvægt innlegg inn í verkefnið. Hugað var að því að raddir allra í vinnuhópunum fengju að heyrast. Alls tóku 46 manns þátt í vinnufundum.



*Mynd 11 Gögn tilbúin fyrir fyrsta vinnufund.*



**Staðan -**

Spurning fundar: *Hver er staðan?*

Á fyrsta vinnufundi var farið yfir stöðuna eins og hún er þar sem þátttakendur voru spurðir „Af hverju ertu stolt(ur) af eða hvað er verið að gera vel?“ annarsvegar og hins vegar „Hvað má bæta?“. Þátttakendur voru beðnir að flokka svörin inn í umræðurammann sem verkefnastjórar settu saman eftir heimsóknir á svæðin.

**Framtíðarsýn og meginmarkmið**

Spurning fundar: *Hvert viljum við stefna?*

Á öðrum fundi var unnið með framtíðarsýn svæðanna og meginmarkmið. Verkefnastjórar höfðu þemagreint þau gögn sem komu fram á fyrsta fundinum og var sú greining nýtt sem grunnur fyrir mótun framtíðarsýnar.

*Mynd 12 Þátttakendur á austursvæði á fyrsta vinnufundi.*

**Starfsmarkmið og aðgerðaráætlun**

Spurning fundar: *Hvernig komumst við þangað?*

Á fundi þrjú var áfram unnið með þau þemu sem dregin höfðu verið fram. Unnið var að leiðum til að ná framtíðarsýninni og meginmarkmiðum með starfsmarkmiðum og aðgerðum.



*Mynd 13 Þátttakendur á vestursvæði á öðrum vinnufundi.*

**Forgangsröðun**

Spurning fundar: *Hvernig forgangsröðum við aðgerðum og ferðamannastöðum?*

Á fjórða og síðasta fundinum var unnið með forgangsröðun meginmarkmiða og starfsmarkmiða. Að auki var unnið með forgangsröðun þeirra þátta sem oftast hafa borið á góma þegar rætt er um ferðamannastaði. Að lokum voru þeir ferðamannastaðir, sem sveitarfélögin sendu inn sem áherslustaðir, greindir eftir þeim þáttum og þannig fengin út forgangsröðun á þeim stöðum. Við forgangsröðunina var notast við ákvörðunarlíkanið *Analytic Hierarchy Process* eða AHP.



*Mynd 14 Þátttakendur á vestursvæði á öðrum vinnufundi.*

**Breytt markmið fjórða fundar:** Í upphaflegri áætlun vinnufundanna var áætlað að fjórði og síðasti vinnufundurinn yrði nýttur til að ræða og draga fram leiðir til að mæla árangur á innleiðingu Áfangastaðaáætlunarinnar. Verkefnastjórar tóku þá ákvörðun að breyta upplagi þess fundar og að unnið yrði með forgangsröðun markmiða og ferðamannastaða samkvæmt upplýsingum sem sendar voru inn af sveitarfélögum. Einnig yrði unnið að greiningu þeirra staða fyrir forgangsröðunina. Í næsta fasa verkefnisins verður unnið betur með mælitæki og mælingar á aðgerðum þegar farið verður í að greina aðgerðir enn frekar.




*Mynd 15 Ferli vinnufunda.*

Á mynd 15 má sjá ferli vinnufunda í heild sinni.

### 2.3.7. Íbúafundir

Á milli þriðja og fjórða vinnufundar var farið í að halda íbúafundi inni á svæðunum með það að markmiði að spegla helstu línur sem komnar eru fram við íbúa.

Eftirfarandi íbúafundir hafa verið haldnir:

- Höfn 24. janúar 2018 í Nýheimum – austursvæði
- Selfoss 31. janúar 2018 í Tryggvaskála – vestursvæði
- Vestmannaeyjar 1. febrúar 2018 í Þekkingarsetri Vestmannaeyja – miðsvæði
- Hvolsvöllur 5. febrúar 2018 í Midgard – miðsvæði
- Kirkjubæjarklaustur 20. febrúar 2018, félagsheimilinu Kirkjuhvoli – miðsvæði/austursvæði

Ákveðið var að bæta við íbúafundi á Kirkjubæjarklaustri 20. febrúar þar sem íbúar á eystri hluta miðsvæðis og vestari hluta austursvæðis fá tækifæri til að koma með sitt innlegg.

Íbúafundirnir voru auglýstir eða fengu umfjöllun í Dagskránni og Eyjafréttum en ekki náðist að setja inn auglýsingu í Eystrahorn í tíma. Einnig voru auglýsingar um fundina á www.south.is, www.ferdamalastofa.is og á Facebook síðu Markaðsstofu Suðurlands. Sendir voru tölvupóstar á öll sveitarfélög þar sem óskað var eftir að auglýsing yrði sett inn á heimasíður sveitarfélagana. Tölvupóstur var sendur á ferðamálaklasa og helstu tengiliði svæða í ferðaþjónustu.

Í byrjun fundar var farið stuttlega yfir hvað áfangastaðaáætlun er, svæðaskiptingu Suðurlands og tilgang og skipulag verkefnisins. Þátttakendur úr vinnuhópum voru fengnir til að gera stuttlega grein fyrir þátttöku sinni í vinnuhópum og hvers virði það er að slík áætlun sé gerð á svæðinu.

Þátttakendum var skipt upp í 3-5 manna hópa og þeir beðnir að vinna með spurninguna: *„Hvert vilt þú að framlag ferðaþjónustunnar sé á svæðinu?“*

Eftir þá vinnu var farið yfir þær helstu línur sem komnar voru frá vinnuhópum til viðbótar við þau þemu er fjallað hefur verið um á fundum og þá framtíðarsýn sem dregin hefur verið fram ásamt meginmarkmiðum. Einnig var farið yfir dæmi um starfsmarkmið og aðgerðir.

Þátttakendum var aftur skipt upp í hópa og fékk hver hópur eitt til tvö þemu til að vinna með. Hóparnir unnu með spurningarnar:

- *„Ertu sammála meginmarkmiðum og starfsmarkmiðum sem komin eru fram?“*
- *„Ertu ósammála einhverju eða finnst þér eitthvað vanta?“*
- *„Getur þú nefnt aðgerðir sem eru mikilvægar til þess að ná markmiðunum?“*

Hóparnir gerðu svo grein fyrir sínum niðurstöðum og góðar umræður áttu sér stað.

Alls tóku um 100 manns þátt í íbúafundum.

### 2.3.8. Fundir með sveitarfélögum

Sveitarfélögin á Suðurlandi hafa beint og óbeint tekið þátt í þeirri vinnu sem hefur átt sér stað við gerð Áfangastaðaáætlunar DMP á Suðurlandi, sem dæmi hafa sum sveitarfélög átt fulltrúa í vinnuhópum. Í janúar og febrúar buðu verkefnastjórar upp á kynningarfundi fyrir sveitarstjórnir ásamt atvinnu- og ferðamálanefndum þar sem við á. Verkefnastjórar ýmist komu inn á sveitarstjórnarfundi með kynningu eða héldu sér kynningarfundi, eftir óskum hvers sveitarfélags.

Á vestursvæði eru 10 sveitarfélög og hefði því hvað tíma varðar verið erfitt að koma á sérfundi fyrir hvert og eitt sveitarfélag. Því var ákveðið að bjóða upp á sameiginlegan fund fyrir sveitarstjórnir ásamt atvinnu- og ferðamálanefndum á Hótel Flúðum 17. janúar. Á miðsvæðinu fóru verkefnastjórar inn á sveitarstjórnarfund hjá Rangárþingi eystra þann 11. janúar. Mýrdalshreppur boðaði til sérfundar fyrir sveitarstjórn og atvinnu- og ferðamálanefnd þann 23. janúar. Skaftárhreppur óskaði ekki eftir sér kynningu fyrir sveitarstjórnina heldur voru sveitarstjórnaraðilar boðaðir á íbúafundinn 20. febrúar. Vestmannaeyjabær er með kjörinn fulltrúa í vinnuhópnum á miðsvæði og lét það nægja sem kynningu. Sveitarfélagið Hornafjörður boðaði til fundar með bæjarstjórn ásamt atvinnumálanefnd þar sem verkefnastjórar voru með kynningarfund.

**Samþykktarferli**

Til þess að áætlun líkt og áfangastaðaáætlun öðlist aukið vægi og að það myndist sátt um að nýta sér áætlunina sem leiðarljós inn í skipulagsvinnu og aðra stefnumótun innan svæðisins er mikilvægt að áætlunin fari í umsagnarferli og fái formlegt samþykki frá sveitarfélögum á Suðurlandi og SASS.

Lagði því svæðisráð Suðurlands til eftirfarandi umsagnar- og samþykktarferli:

- 19. febrúar 2018: Drög að Áfangastaðaáætlun DMP send út til allra sveitarstjórna innan SASS. Óskað eftir umsögn og athugasemdum varðandi áherslur og efnistök áætlunarinnar fyrir 28. mars 2018.
- 6. apríl 2018: Stjórnarfundur SASS - Umsagnir og athugasemdir frá sveitarfélögunum kynntar og ræddar. Auk þess sem farið verður yfir helstu áhersluþætti og efnistök í fyrirliggjandi drögum að Áfangstaðaáætlun DMP á Suðurlandi 2018-2020 og þau rædd á fundinum.
- 30. apríl 2018: Lokaútgáfa af Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi 2018-2020 send út til samþykktar í öllum sveitarstjórnum SASS.
- Óskað verður eftir formlegu samþykki hvers sveitarfélags innan SASS í síðasta lagi 22. maí 2018.
    - Samþykki sveitarfélaganna snýr að efnistökum, áherslum og aðgerðaáætlun sem sett er fram í áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi 2018-2020.
    - Samþykki sveitarfélaganna er áheit um að sveitarfélögin muni stuðla að framgangi umræddrar Áfangastaðaáætlunar DMP á Suðurlandi 2018-2020.
    - Samþykki sveitarfélaganna staðfestir vilja þeirra til að umrædd áætlun verði afhent Ferðamálastofu sem formleg opinber Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurlandi 2018-2020.

### 2.3.9. Fundir með hagaðilum

**Minjastofnun** – Fundað hefur verið með Minjaverði Suðurlands, Ugga Ævarssyni, í janúar 2018 þar sem farið var yfir helstu línur sem hafa komið fram á vinnufundum.

**Framkvæmdastjóri SASS** – Fundað með Bjarna Guðmundssyni í desember 2017, farið yfir helstu línur, aðkomu sveitarfélaga og tillögu að samþykktarferli SASS og sveitarfélaga á Suðurlandi.

**Katla jarðvangur –** Fundað með Brynju Davíðsdóttur framkvæmdastjóra Kötlu jarðvangs í júní 2017 og janúar 2018. Unnið er að því að samræma Áfangastaðaáætlun Suðurlands og stjórnunaráætlun jarðvangsins.

**Vatnajökulsþjóðgarður –** Fundað með Fanneyju Ásgeirsdóttur, þjóðgarðsverði á Kirkjubæjarklaustri, Jónu Björk Jónsdóttur aðstoðarmanni hennar og Regínu Hreinsdóttur þjóðgarðsverði í Skaftafelli í ágúst 2017. Auk þess er Jóna Björk í vinnuhópi miðsvæðis og Regína í vinnuhópi á austursvæðis.

**Stofnun Rannsóknarsetra Háskóla Íslands –** Fundað með Þorvarði Árnasyni, forstöðumanni, í janúar 2018. Farið var yfir helstu línur verkefnisins og samlegðaráhrif rannsókna rannsóknarsetursins og Áfangastaðaáætlunar.

**Þingvallaþjóðgarður –** Fundað var með þáverandi fræðslustjóra Þingvallaþjóðgarðar og núverandi þjóðgarðsverði í júlí 2017, einnig er fulltrúi Þingvallaþjóðgarðs í vinnuhópi vestursvæðis.

**Vegagerðin –** Fundað hefur verið með Einari Pálssyni, forstöðumanni þjónustudeildar hjá Vegagerðinni. Rætt var um verklag og hvað það er sem ræður þjónustustigi á vegum hjá Vegagerðinni.

**Lögreglan** Fundað var með Víði Reynissyni lögreglufulltrúa á Suðurlandi á haustmánuðum.

**Aðrir hagaðilar:** Gert var ráð fyrir að ræða við aðra hagaðila líkt og Umhverfisstofnun, Skógræktina, Landgræðsluna og Ungmennaráð SASS svo að dæmi séu tekin en þar sem ekki gafst tími til að hitta alla í þessum fasa verkefnisins mun því verða frestað þar til í næsta fasa verkefnisins sem hefst í maí 2018.

Það eru því fjölmargir sem koma beint eða óbeint að vinnu við Áfangastaðaáætlun á Suðurlandi.

### 2.3.10. Samráðsfundir með Ferðamálastofu og Tom Buncle

Unnið er að gerð Áfangastaðaáætlunar í öllum landshlutum og er það Ferðamálastofa sem heldur utan um og fer með verkefnastjórnun yfir verkefninu á landsvísu. Sameiginlegir snertifundir allra verkefnastjóra áfangastaðaáætlana með Ferðamálastofu hafa verið haldnir á eins til tveggja mánaða fresti. Þess á milli hafa verið netfundir á tveggja vikna fresti.

Skoski ráðgjafinn Tom Buncle lagði til verkfærakistuna (e. *toolkit*) sem verkefnastjórar hafa nýtt sér sem ramma utan um vinnuna. Auk þess hefur Tom verið með þrjár vinnustofur fyrir verkefnastjóra þar sem hann aðstoðaði og veitti ráðgjöf gagnvart þeim spurningum og áskorunum sem komið hafa fram hjá landsvæðunum.

# 3. Stöðugreining

Til að fá betri yfirsýn yfir stöðuna á Suðurlandi er mikilvægt að fara í ýtarlegri greiningar á stöðu ferðaþjónustunnar með innri og ytri greiningum.

## 3.1. Staða ferðaþjónustu á Suðurlandi

Ferðamálastofa heldur úti gagnagrunni um fyrirtæki í ferðaþjónustu. Í þessum gagnagrunni eru líka ferðamannastaðir, náttúru- og menningarstaðir sem og þéttbýli. Þar sem gagnagrunnurinn er ekki samtengdur öðrum leyfisútgefendum líkt og sýslumönnum eða heilbrigðiseftirliti er grunnurinn ekki tæmandi. Aðilar í gisti- og veitingarekstri verða sjálfir að óska eftir skráningu í gagnagrunninn. Engin fyrirtæki fara þó inn í grunninn án tilheyrandi leyfa. Þá er möguleiki á að ferðaþjónustuaðilar séu ekki rétt flokkaðir þar sem það er á ábyrgð þeirra sjálfra að uppfæra sínar skráningar, hvort sem um er að ræða að bæta við nýjum flokkum hjá sér líkt og „Matarupplifun" ef það á við eða að taka sig út úr einhverjum flokkum – t.d. „Bátsferðir". Leyfisveitingar fyrir ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur eru á höndum Ferðamálastofu og eru því aðilar með þau leyfi inni í grunninum.

Þar sem stofnanir sem sjá um útgáfu leyfa (sýslumenn, Ferðamálastofa og heilbrigðiseftirlit) og þær sem halda utan um hagtölur (Hagstofan, RSK) eru ekki alltaf með sömu skilgreiningar eða flokkun eins og t.d. yfir, gistingu auk þess sem mismunandi er hvernig gögn eru framsett (er það kennitala einstaklings eða

fyrirtækis, flokkun undirflokka, póstnúmer eða landsvæði), getur verið erfitt að lesa saman gögn til að fá út raunhæfa mynd af heildinni. Því var ákveðið að notast hér við gagnagrunn Ferðamálastofu til að sjá fjölda og flokkun á ferðaþjónustunni á Suðurlandi. Einnig er verið að vinna í ítarlegri innviðagreiningu á vegum SASS (Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga), sem mun verða grunnur sem Suðurland getur notast við í framtíðinni. Bæta þarf úr samræmingu gagna og einfalda leyfisferlið innan ferðaþjónustunnar. Það hafa verið teknar saman skýrslur og verkefni sem fjalla einmitt um flækjustig gagna, umsókn leyfa og dreifðar rannsóknir (Ferðamálastofa, 2014; Oddný Þóra Óladóttir, 2017).

Í töflum 12 – 17 er listaður upp fjöldi og heildartala í hverjum flokki niður á svæðin þrjú, líkt og skráningar í gagnagrunni Ferðamálastofu segja til um.

*Tafla 12 Greining á gistingu úr gagnagrunni Ferðamálastofu.*

| Greining úr gagnagrunni Ferðamálastofu | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | **Alls án hálendis** | **Hálendið** | **Alls með hálendi** |
| **Gisting** | **297** | **164** | **87** | **548** | **55** | **603** |
| *Bændagisting* | *38* | *27* | *16* | ***81*** | | ***81*** |
| *Farfuglaheimili og Hostel* | *10* | *4* | *6* | ***20*** | *1* | ***21*** |
| *Fjallaskálar* | *3* | *1* | *1* | ***5*** | *33* | ***38*** |
| *Gistiheimili* | *40* | *32* | *21* | ***93*** | *1* | ***94*** |
| *Heimagisting* | *31* | *12* | *14* | ***57*** | | ***57*** |
| *Hótel* | *29* | *16* | *8* | ***53*** | | ***53*** |
| *Íbúðir* | *27* | *11* | *4* | ***42*** | | ***42*** |
| *Sumarhús* | *70* | *31* | *6* | ***107*** | *3* | ***110*** |
| *Svefnpokagisting* | *9* | *7* | *6* | ***22*** | *1* | ***23*** |
| *Tjaldsvæði* | *32* | *18* | *4* | ***54*** | *16* | ***70*** |
| *Vetrarþjónusta við campera / húsbíla* | *8* | *5* | *1* | ***14*** | | ***14*** |

*Tafla 13 Greining á veitingum úr gagnagrunni Ferðamálastofu.*

| Greining úr gagnagrunni Ferðamálastofu | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | **Alls án hálendis** | **Hálendið** | **Alls með hálendi** |
| **Veitingar** | **120** | **53** | **29** | **202** | **2** | **204** |
| *Barir og skemmtistaðir* | *6* | *2* | *1* | ***9*** | | ***9*** |
| *Beint frá býli* | *15* | *5* | *3* | ***23*** | | ***23*** |
| *Heimsending* | *2* | | | ***2*** | | ***2*** |
| *Kaffihús* | *29* | *12* | *4* | ***45*** | | ***45*** |
| *Skyndibiti* | *9* | *3* | *3* | ***15*** | | ***15*** |
| *Veitingahús* | *59* | *31* | *18* | ***108*** | *2* | ***110*** |

*Tafla 14 Greining á afþreyingu úr gagnagrunni Ferðamálastofu.*

| Greining úr gagnagrunni Ferðamálastofu | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | **Alls án hálendis** | **Hálendið** | **Alls með hálendi** |
| **Afþreying** | **203** | **120** | **92** | **415** | **2** | **417** |
| *Almenningshlaup* | | | | ***0*** | *1* | ***1*** |
| *Bátaferðir* | *4* | *4* | *6* | ***14*** | | ***14*** |
| *Bæjarganga* | *1* | | *1* | ***2*** | | ***2*** |
| *Dagsferðir* | *47* | *29* | *20* | ***96*** | | ***96*** |
| *Dýragarðar og opinn landbúnaður* | *3* | | *1* | ***4*** | | ***4*** |
| *Fjórhjóla- og Buggy ferðir* | *3* | *2* | | ***5*** | | ***5*** |
| *Fjölskyldu- og skemmtigarðar* | *4* | | | ***4*** | | ***4*** |
| *Flúðasiglingar* | *2* | | | ***2*** | | ***2*** |
| *Fuglaskoðun* | *6* | *2* | *3* | ***11*** | | ***11*** |
| *Golfvellir* | *9* | *5* | *1* | ***15*** | | ***15*** |
| *Gönguferðir* | *14* | *13* | *11* | ***38*** | *1* | ***39*** |
| *Heilsurækt og Spa* | *1* | | | ***1*** | | ***1*** |
| *Hellaskoðun* | *3* | *2* | *8* | ***13*** | | ***13*** |
| *Hestaafþreying* | *35* | *7* | *3* | ***45*** | | ***45*** |
| *Hjólaferðir* | *1* | *3* | *1* | ***5*** | | ***5*** |
| *Hjólaleigur* | *1* | *3* | | ***4*** | | ***4*** |
| *Hópefli* | *3* | *2* | | ***5*** | | ***5*** |
| *Ísklifur* | | *2* | *4* | ***6*** | | ***6*** |
| *Jeppa- og jöklaferðir* | *12* | *14* | *15* | ***41*** | | ***41*** |
| *Kajakferðir* | *3* | | *1* | ***4*** | | ***4*** |
| *Köfun & Yfirborðsköfun* | | *1* | | ***1*** | | ***1*** |
| *Ljósmyndaferðir* | *1* | *1* | *1* | ***3*** | | ***3*** |
| *Lúxusferðir* | *1* | *2* | | ***3*** | | ***3*** |
| *Matarupplifun* | *4* | | | ***4*** | | ***4*** |
| *Mótorhjólaferðir* | *1* | | | ***1*** | | ***1*** |
| *Náttúrulegir baðstaðir* | *4* | *1* | *1* | ***6*** | | ***6*** |
| *Norðurljósaskoðun* | *2* | *1* | *1* | ***4*** | | ***4*** |
| *Paintball og Lasertag* | *1* | | | ***1*** | | ***1*** |
| *Sjóstangaveiði* | | *1* | | ***1*** | | ***1*** |
| *Skotveiði* | | *2* | *1* | ***3*** | | ***3*** |
| *Stangveiði* | *6* | *9* | *1* | ***16*** | | ***16*** |
| *Sundlaugar* | *16* | *4* | *1* | ***21*** | | ***21*** |
| *Útsýnisflug og þyrluflug* | *1* | *4* | *1* | ***6*** | | ***6*** |
| *Vetrar afþreying* | *10* | *2* | *8* | ***20*** | | ***20*** |
| *Vélsleða- og snjóbílaferðir* | *4* | *4* | *2* | ***10*** | | ***10*** |

*Tafla 15 Greining á menningu úr gagnagrunni Ferðamálastofu.*

| Greining úr gagnagrunni Ferðamálastofu | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | **Alls án hálendis** | **Hálendið** | **Alls með hálendi** |
| **Menning** | **68** | **35** | **12** | **115** | **0** | **115** |
| *Bóka- og skjalasöfn* | *2* | *3* | *1* | ***6*** | | ***6*** |
| *Gestastofur* | *2* | *1* | *1* | ***4*** | | ***4*** |
| *Handverk og hönnun* | *10* | *4* | | ***14*** | | ***14*** |
| *Setur og menningarhús* | *8* | *4* | *1* | ***13*** | | ***13*** |
| *Sýningar* | *20* | *10* | *4* | ***34*** | | ***34*** |
| *Söfn* | *19* | *6* | *2* | ***27*** | | ***27*** |
| *Söguferðaþjónusta* | *7* | *7* | *3* | ***17*** | | ***17*** |

*Tafla 16 Greining á samgöngum úr gagnagrunni Ferðamálastofu.*

| Greining úr gagnagrunni Ferðamálastofu | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | **Alls án hálendis** | **Hálendið** | **Alls með hálendi** |
| **Samgöngur** | 8 | 14 | 9 | **31** | **0** | **31** |
| *Almenningssamgöngur* | *2* | *4* | *2* | ***8*** | | ***8*** |
| *Bílaleigur* | *2* | *1* | *3* | ***6*** | | ***6*** |
| *Ferjur* | | *1* | | ***1*** | | ***1*** |
| *Innanlandsflug* | | *2* | *1* | ***3*** | | ***3*** |
| *Leigubílar* | *2* | | | ***2*** | | ***2*** |
| *Rútuferðir* | *2* | *6* | *3* | ***11*** | | ***11*** |

*Tafla 17 Greining á upplýsingastöðum úr gagnagrunni Ferðamálastofu.*

| Greining úr gagnagrunni Ferðamálastofu | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | **Alls án hálendis** | **Hálendið** | **Alls með hálendi** |
| **Upplýsingar** | 123 | 68 | 37 | **228** | **1** | **229** |
| *Bókunarþjónusta* | *7* | *7* | *4* | ***18*** | | ***18*** |
| *Ferðaskipuleggjendur* | *69* | *43* | *27* | ***139*** | *1* | ***140*** |
| *Ferðaskrifstofur* | *31* | *6* | *4* | ***41*** | | ***41*** |
| *Opinberir kynningaraðilar* | *1* | | | ***1*** | | ***1*** |
| *Upplýsingamiðstöðvar* | *10* | *9* | *2* | ***21*** | | ***21*** |
| *Verslun* | *5* | *3* | | ***8*** | | ***8*** |

Þær stofnanir sem halda utan um leyfisveitingar og hagtölur þyrftu að fara í allsherjar samræmingarvinnu svo að hægt sé með góðu móti að lesa saman gögn og hagtölur frá þeim og þannig fá nokkuð raunhæfa mynd af stöðu ferðaþjónustunnar hverju sinni. Mælaborð ferðaþjónustunnar er gott skref í þá átt en betur má ef duga skal, þar má greina gögn betur niður á landsvæði. Allt of oft er talað um höfuðborgina annarsvegar og landsbyggðina hins vegar líkt og að landsbyggðin sé bara ein breyta. Einnig er stór %%i á forsíðu mælaborðsins um að Stjórnstöð ferðamála ábyrgist ekki áreiðanleika þeirra gagna sem þar birtast. Eftirfarandi er tekið af heimasíðu Mælaborðs ferðaþjónustunnar:

> ***Fyrirvari Mælaborðs ferðaþjónustunnar:***
>
> *Stjórnstöð ferðamála leitast við að hafa allar upplýsingar sem fram koma á mælaborði ferðaþjónustunnar áreiðanlegar og réttar. Stjórnstöð ferðamála ábyrgist ekki áreiðanleika þeirra gagna sem birt eru og ber ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem rekja má til notkunar upplýsinga á mælaborði ferðaþjónustunnar. Öllum er heimil afnot upplýsinga á mælaborði ferðaþjónustunnar. Hafa ber þó í huga að þar sem uppruni gagna er mismunandi, gilda mismunandi skilmálar um dreifingu og nýtingu gagna sem eru í mælaborði ferðaþjónustunnar. Öll gögn í mælaborði ferðaþjónustunnar eru í eigu stjórnvalda og eru ekki framseljanleg. Vinsamlegast getið heimilda.*
>
> (Stjórnstöð ferðamála, e.d.)

### 3.1.1. Staðan á svæðum

Efni þessa kafla er unnið upp úr gögnum af fyrsta vinnufundi með vinnuhópum á hverju svæði.

*Vestursvæði:*

Mikil uppbygging hefur verið í ferðaþjónustu á Suðurlandi síðustu ár. Ferðaþjónustan er fjölbreytt en mestur vöxtur hefur verið í gistingu og veitingum en einnig hefur afþreyingarmöguleikum fjölgað. Fjármagn hefur verið sett í metnaðarfulla uppbyggingu og mörg spennandi fyrirtæki orðið til. Frumkvöðlar og kraftmiklir ferðaþjónustuaðilar eru á svæðinu, tækifæri hafa skapast og möguleikum á

vinnumarkaði hefur fjölgað. Ánægja er með gott samstarf og samvinnu bæði sveitarfélaga og fyrirtækja en gott aðgengi er að stoðþjónustu s.s. ferðamálafulltrúa, kynningar- og markaðsfulltrúum og Markaðsstofu Suðurlands. Mikil ánægja er með gæði þeirra fyrirtækja sem eru á svæðinu og gæðavitund fer vaxandi. Rík hefð er fyrir ferðaþjónustu og mörg rótgróin fyrirtæki starfandi. Matvælaframleiðsla er sjálfbær og matur er víða seldur beint frá býli. Jákvæðni er gagnvart upplýsingamiðstöðvum og upplýsingaflæði varðandi veður og færð á vegum hefur eflst síðustu ár.

*Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar:*

Fólk virðist vera ánægt með þá uppbyggingu sem hefur verið í ferðaþjónustu á svæðinu enda fjöldi áhugaverðra staða á Suðurlandi og fjölmörg tækifæri til uppbyggingar. Uppbygging ferðamannastaða hefur aukist töluvert, úrval er af gistingu og veitingastöðum og fjölbreytt afþreying er í boði fyrir ferðamenn og heimamenn. Mikil jákvæðni ríkir gagnvart sprotafyrirtækjum sem hafa sprottið fram sem og gagnvart uppbyggingu á handverki úr héraði. Ferðaþjónustan er skemmtileg atvinnugrein og í raun eitt helsta byggðamálið og því mikilvægt að stutt sé við uppbyggingu hennar. Vatnajökulsþjóðgarður og sú starfsemi sem þar fer fram er mikilvægur fyrir svæðið en þar er helst að nefna gerð göngustíga og stýring.

Gæði ferðaþjónustu hefur aukist mikið undanfarin ár. Vöruþróun, metnaðarfullir gististaðir, betri, fleiri og fjölbreyttari veitingastaðir sem bjóða upp á mat úr héraði (e.*local food*). Samvinna er töluverð á svæðinu og aukinn slagkraftur er í jarðvangnum. Yfirleitt virðist vera góður andi og jákvætt samtal í gangi. Fram kemur að mikil samvinna sé meðal ferðaþjónustuaðila í Skaftárhreppi. Mikil ánægja ríkir með Kötlu jarðvang og stuðning ríkisins við jarðvanginn. Óánægja kemur helst fram varðandi innviði, samgöngur og stefnumótun í ferðaþjónustu.

*Ríki Vatnajökuls:*

Fram kemur jákvæðni gagnvart þeirri uppbyggingu sem hefur verið í ferðaþjónustu á svæðinu og við ákveðna ferðamannastaði. Mikil ánægja er með lagningu göngustíga, byggingu göngubrúa og merkingu gönguleiða. Ferðamönnum hefur fjölgað yfir vetrartímann og fjölbreytni í afþreying hefur aukist, sérstaklega tengd jöklinum. Margir gististaðir, staðbundin (e.*local)* fyrirtæki og mikil fjölbreytni einkenna svæðið. Frumkvöðlastarf er öflugt, framsýni hefur alltaf verið mikil í sveitarfélaginu og töluverð þróun í vöru og þjónustu.

Fólk virðist ánægt með samvinnu ferðaþjónustuaðila á svæðinu t.d. innan Ríki Vatnajökuls og gæði þeirrar ferðaþjónustu sem er í boði. Að einhverju leyti kemur einnig fram ánægja með stefnumótun sveitarfélagsins í ferðamálum. Þjónustustig er almennt gott á svæðinu, gott úrval veitingahúsa, fagmennska í afþreyingu og almennt góð gæði. Sterk ímynd svæðis, humarbær, góður matur, jöklar, norðurljós og náttúruperlur eru hugtök sem eru efst á baugi hvað varðar svæðið. Margir metnaðarfullir ferðaþjónustuaðilar eru á svæðinu og margir aðilar í Vakanum eða í umsóknarferli. Almennt er vilji til framfara og árangurs meðal aðila á svæðinu.

Upplýsingagjöf um veður er góð og merkingar ágætar. Upplýsingamiðstöðin er talin mikilvæg og ánægja með faglega upplýsingagjöf. Stefna sveitarfélagsins í ferðamálum, endurskoðun á aðalskipulagi og stuðningur við fyrirtæki sem eru að byrja í ferðaþjónustu er talinn mikilvægur. Almennt virðist mikil ánægja vera með Vatnajökulsþjóðgarð og það starf sem þar fer fram, bæði hvað varðar stýringu og verndun.

### 3.1.2 Ferðaþjónustan á Suðurlandi á líftímakúrfunni

Árið 1980 kom Richard W. Butler fram með líftímakúrfu ferðamannastaða. Með því að máta ferðamannastaði við líftímakúrfuna er hægt að skoða þroskastig svæðisins, hvaða þætti þarf að styrkja og hvað ber að varast svo að svæðið fari ekki á stig stöðnunar og þaðan af í hnignun, mynd 16.




*Mynd 16 Þróun líftíma ferðamannastaða (Butler, 1980).*

Þroskastigin eru uppgötvun, þátttaka, þróun, styrking og stöðnun sem leiðir til hnignunar eða endurnýjunar, sjá Tafla 18.

*Tafla 18 Þroskastig líftímakúrfu ferðamannastaða (Butler, 1980).*



Markaðsstofa Suðurlands
FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

| | |
|---|---|
| **Uppgötvun** | — Fáir ferðamenn.<br>— Engin sértæk aðstaða/þjónusta fyrir ferðamenn.<br>— Samskipti á milli heimamanna og gesta er mikil.<br>— Samfélagsleg og efnahagsleg áhrif af ferðamönnum lítil sem engin. |
| **Þáttaka** | — Ferðamönnum fjölgar, opnunartímar verða reglulegir (í fastari skorðum).<br>— Byrjað er að útbúa sértæka aðstöðu/þjónustu fyrir ferðamenn.<br>— Heimamenn taka þátt í þróun svæðisins varðandi innviði og aðgengi.<br>— Samskipti á milli heimamanna og gesta er enþá tiltölulega mikið.<br>— Skilgreind ferðamannasvæði byrja að myndast sem og ferðamannatímabil.<br>— Samgöngur aukast. |
| **Þróun** | — Ferðamannasvæði eru orðin vel skilgreind og auglýst.<br>— Þátttaka heimamanna og stýring þeirra á þróuninni minnkar hratt.<br>— Umhverfið er farið að láta á sjá.<br>— Það verður meira um manngerða umgjörð sem er ekki endilega samþykkt af heimamönnum.<br>— Staðbundna aðstaðan/þjónustan hverfur og í staðinn kemur stærri og nýtískulegri aðstaða/þjónusta byggð upp af utanaðkomandi fyrirtækjum sem sérhæfa sig í þjónustu við ferðamenn.<br>— Náttúru- og menningarleg upplifun þróast og verður sérstaklega markaðssett.<br>— Aðflutt vinnuafl kemur í auknum mæli inn á svæðið. |
| **Styrking** | — Hægist á fjölgun ferðamanna.<br>— Fjöldi ferðamanna er orðinn meiri en heimamenn.<br>— Stór hluti af hagkerfi svæðisins er drifinn af ferðaþjónustunni.<br>— Markaðssetning er breið og markmiðið er að lengja ferðamannatímabilið og stækka markhópa.<br>— Stærri keðjur/merki koma á svæðið með sína starfsemi en lítil vöruþróun.<br>— Mikill fjöldi ferðamanna og aðstaða fyrir þá getur vakið andstöðu og óánægju hjá heimamönnum, sér í lagi hjá þeim sem ekki tengjast ferðaþjónustunni. |
| **Stöðnun** | — Hámarki í fjölda ferðamanna hefur verið náð.<br>— Samfélagslegum-, umhverfislegum- og efnahagslegumþolmörkum hefur verið náð.<br>— Svæðið er vel þekkt en ekki lengur í tísku.<br>— Treyst er á endurkomu gesta, viðtekna venju eða sambærilega ferðahegðun.<br>— Offramboð af gistingu er í boði og mikið þarf að hafa fyrir því að viðhalda gestakomu.<br>— Náttúrulegri og ósvikinni menningarlegri upplifun er skipt út fyrir tilbúna og óekta aðstöðu. |
| **Hnignun** | — Svæðið getur ekki lengur keppt við nýrri svæði þannig að markaðshlutdeild þess fer minnkandi.<br>— Svæðið höfðar ekki lengur til gesta en er nýtt í styttri ferðir, helgar eða dagsferðir fyrir stóra hópa.<br>— Eignir skipta oft um eigendur og aðstöðu fyrir ferðamenn er oft skipt út fyrir annað ótengt ferðaþjónustu.<br>— Þátttaka heimamanna við ferðaþjónustu eykst á ný.<br>— Aðstaða fyrir ferðaþjónustu fær nýjan tilgang t.d. verða hótel endurnýtt sem heimili fyrir eldriborgara. |
| **Endurnýjun** | — Hægt er að ná stigi endurnýjunar með allsherjar endurgerð á svæðinu og nýrri nálgun.<br>— Hægt er að nýta sér ónýttar náttúruauðlindir, með því að nýta aðstöðu sem annars er eingöngu nýtt á sumartíma með því t.d að markaðssetja aðstöðuna á vetrartíma og þannig ná nýtingu allt árið.<br>— Til að koma í veg fyrir að svæði komist á stig stöðnunar og svo á stig hnignunar er mikilvægt að leggja áherslu á sjálfbæra þróun og virða þolmörk staða og svæða. |

Þegar skoðuð er ferðaþjónusta á Suðurlandi og staðan á einstaka tegundum ferðaþjónustu má sjá að það er helst gisting, ýmiskonar afþreying og náttúruupplifun sem eiga langa sögu. Tilraun var gerð til að máta einstaka tegundir ferðaþjónustu á Suðurlandi við líftímakúrfu Butler´s til þess að átta sig á þroskastigi svæðisins, hvaða þætti þarf að styrkja og hvað ber að varast svo að svæðið fari ekki á stig stöðnunar og þaðan af í hnignun, sjá mynd 17.




*Mynd 17 Suðurlandið á líftímakúrfu Butler´s - byggt á gögunum Áfangastaðaáætlunar Suðurlands.*

Athuga ber þó að hér er ekki stuðst við nein tölfræðileg gögn eða rannsóknir, heldur aðeins umræðu og gögn út frá vinnu við áfangastaðaáætlun Suðurlands. Til þess að hægt sé að fá réttari niðurstöðu þarf að notast við áreiðanleg gögn en til þess að það sé mögulegt þurfa gögn og hagtölur að vera greinanleg niður á landshluta og landssvæði og vinna þarf betur í að samræma og setja skýra stefnu í rannsóknum og hagtölum er lúta að ferðaþjónustunni.

**Náttúruupplifun – þroskastig styrking:**
Huga þarf vel að náttúruupplifuninni þar sem með auknum ferðamannastraumi til landsins hefur á sumum stöðum átroðningur aukist mikið. Auk þess sem fleira fólk er á stöðunum sem getur haft neikvæð áhrif á upplifun gesta. Því er mikilvægt að byggja upp áningarstaði og ferðamannastaði heildrænt með bílastæði þannig staðsett að þau skyggi ekki á sjálfa upplifunina á staðnum, frekar að þau séu lengra frá og skapi jafnvel eftirvæntingu eftir því sem má sjá á svæðinu, betra skipulagi, greinagóðum merkingum og stýringu.

Þar sem náttúruupplifun er helsta aðdráttarafl þeirra ferðamanna sem sækja Ísland heim þarf að gæta þess vel að vinna ofangreinda þætti vel svo að náttúruupplifunin fari ekki á stig stöðnunar og þar af í hnignun.

**Afþreying – þroskastig þátttaka, byrjun á þróun:**
Afþreyingarferðaþjónustan hefur þróast og fjölbreytni aukist mikið síðustu ár. Einhverjar tegundir eru komnar tiltölulega hátt í þroskastigi á líftímakúrfunni, aðrar eru í þróun og enn aðrar í uppgötvun eða komnar í þátttöku. Heimamenn hafa verið duglegir að nýta auðlindirnar í nágrenninu á sjálfbæran hátt, bjóða upp á nýja afþreyingu, sér í lagi í kringum jöklana á Hornafirði. Farið er að útbúa sérstaka aðstöðu í kringum þá afþreyingu og huga betur að gæðum og ferlum. Afþreyingarferðaþjónustan hefur verið að nálgast meira stig þróunar á líftímakúrfunni þar sem utanaðkomandi aðilar (aðrir en heimamenn) eru farnir að nýta sér svæðin og byggja upp aðstöðu. Einnig hefur aukist að aðflutt vinnuafl sjái um að


Markaðsstofa Suðurlands
FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

leiðsegja og vinna í kringum afþreyinguna. Helstu áskoranirnar gagnvart afþreyingunni er að halda góðu samtali og samvinnu við heimamenn.




*Mynd 18 Líftímakúrfa afþreyingar á Suðurlandi.*

Mynd 18 sýnir stöðuna á mismunandi afþreyingaferðaþjónustu á Suðurlandi. Neðst á kúrfunni eru sú afþreying sem er komin minnst á veg og á verulega mikið inni, dæmi um það eru tónlistaviðburðir og aðrir listviðburðir og útsýnisflug. Sú afþreying sem er á byrjunarstigi þróunar eru helst hjólaafþreying ýmiskonar og hellaskoðun. Matarupplifun hefur verið í nokkurri þróun á Suðurlandi sem og siglingar og bátaferðir ýmiskonar, einnig hefur jöklaafþreyingin verið á góðu skriði í þróun. Sundlaugar og náttúrulaugar er stór hluti af menningu íslendinga og því eru þeir staðir ansi sterkir og þéttir um Suðurlandið. Löng saga er yfir gönguferðir á Íslandi, sem hófst sem helsta samgönguaðferðin ásamt íslenska hestinum sem er stór afþreyingaþáttur í ferðaþjónustunni í dag.

**Gisting – þroskastig styrking:**

Mikil fjölbreytni er í gistingu á Suðurlandi og löng hefð er fyrir að taka á móti ferðamönnum. Í tengingu við þá miklu fjölgun á komu ferðamanna til landsins þá hefur skortur á gistirými verið á hluta Suðurlands líkt og í öðrum landshlutum. Því hefur verið mikil uppbygging á hótelum og öðru gistirými í landshlutanum.

Mikilvægt er að huga vel að gæðum, aðgreiningu og nýta sérstöðu viðkomandi svæðis/staðar. Á sumum svæðum hefur verið kallað eftir meiri fjölbreytileika í lúxusgistingu (e. high end).




*Mynd 19 Líftímakúrfa gistingar á Suðurlandi.*

Fjölmörg hótel eru á Suðurlandi og hefur bæst vel í þann flokk á síðustu árum. Einnig hefur fjölgað svokölluðum lúxushótelum. Síðustu ár hafa skilin á milli gistiheimila, heimagistingu, farfuglaheimilis og

bændagistingu verið að dofna. Í því ferli hafa þó farfuglaheimilin eða „hostel“ verið í ágætis þróun. Mynd 19 sýnir gistinguna á líftímakúrfunni.

**Matarupplifun – þroskastig þátttaka:**

Matarauður Suðurlands á mikið inni. Þó svo að framleiðsla á kjöt, fisk, mjólk og grænmeti sem dæmi sé öflug á svæðinu þá má skoða betur hvort verið sé að vinna hráefnið „rétt“, á besta eða fjölbreyttastan máta. Vakning hefur verið í að auka við matarupplifun ferðamanna, hvort sem er að nýta meira staðbundin hráefni í framreiðslu á mat eða í þróun matarminjagripa. Mikil óinnleyst tækifæri eru í matarferðaþjónustunni/upplifun. Áskorun er að fá framleiðendur og ferðaþjónustuna til að vinna meira saman í vöruþróun, kynningu og fjárfestingu.




*Mynd 20 Líftímakúrfa matarauðs Suðurlands.*

Einstaka matvælaframleiðendur hafa opnað sinn stað fyrir gestum og hafa þróað og unnið að fjölbreyttri matarupplifun. Við höfum gott og hreint hráefni með tiltölulega litlu magni af eða engum aukaefnum, ræktað með hreinu vatni og ómenguðum jarðvegi – þessu eigum við að hampa enn betur með því að auka við þá matarupplifun sem nú þegar er til staðar, betri hráefnisvinnslu og þróun og gerð matarminjagripa.

**Menning og saga – þroskastig þátttaka:**

Eins og náttúruupplifunin þá er menningararfur og saga okkar Íslendinga mikilvæg og er sterk hefð fyrir því að kynna hana á söfnum og sýningum.

Áskorun er að færa menningartengda ferðaþjónustu nær okkur, vekja áhuga og mæta þörfum nýrra kynslóða um miðlun. Það er einnig áskorun að fara í aukna fjárfestingu í þessari tegund ferðaþjónustu og nýta tækniframfarir betur.

Menningar- og söguferðaþjónusta hefur fylgt ferðaþjónustunni frá því að ferðamenn fóru að heimsækja Ísland heim. Þessi gerð af ferðaþjónustu á mikið inni hvort sem verið er að tala um söfn og sýningar, handverk og hönnun eða gestastofur. Síðastliðin ár hefur verið þó nokkur þróun í gangi í samsetningu sýninga og safna, en í þeim flokki má bæta enn betur. Gestastofur hafa verið að styrkjast og oft í

tengslum við upplýsingamiðstöðvar. Tækifæri gætu verið í að samræma og ná meiri samlegð á milli upplýsingamiðstöðva og gestastofa ýmiskonar og mögulega söfn og sýningar.




*Mynd 21 Líftímakúrfa menningar- og söguferðaþjónustu á Suðurlandi.*

**Íþróttaviðburðir og æfingabúðir - þroskastig uppgötvun /þátttaka:**
Íþróttaviðburðir og æfingabúðir eru helst nýtt af Íslendingum, bæði fullorðnum og börnum. Það eru helst: hjólreiðakeppnir, hestamannamót, hlaup, frjálsíþróttamót, golfmót, strandblakskeppnir og knattspyrnumót sem dæmi. Síðustu ár hafa „jaðar“ keppnir aukist líkt og utanvegahlaup, hjólreiðakeppnir og annað. Hér liggja mikil tækifæri í því að opna íþróttakeppnir og/eða æfingabúðir fyrir erlendum mörkuðum.

**Ráðstefnur og viðskiptatengsl – þroskastig uppgötvun:**
Aðstaða til stærra ráðstefnuhalds og annarskonar viðskiptatengdrar ferðaþjónustu er lítil sem engin. Einstaka aðilar bjóða uppá ráðstefnusali á Suðurlandi en þeir duga ekki fyrir stærri erlenda viðburði. Tækifæri er í að finna „sillu“ á mörkuðum, auka framboð eða sérhæfa sig í tiltekinni stærð viðburða.

## 3.2. Markaðsgreining

Í Markaðsgreiningu Suðurlands (2016) eru dregnir fram þeir markhópar sem heimsækja Suðurland. Þeir sem koma á Suðurlandið gera það vegna hvata eða ákveðinna þátta sem skapar þá persónugerð sem dregur þá til Íslands og síðan inn á Suðurland. Þessum hvötum eða persónugerð er skipt gróflega í þrjá flokka. Hér að neðan má sjá einkenni hvers flokks fyrir sig þar sem markhópar Suðurlands eru settir við hvern og einn flokk:

**Njóta og slappa af (e. Relax and enjoy)**
- a) Borgarferðamenn
- b) Safnarar

**Náttúra og menning (e. Nature and culture)**
- a) Náttúruunnendur
- b) Eldra fólk (Norður Ameríka, Evrópa)
- c) Ferðamenn frá nýmarkaðslöndum

**Virk upplifun og ævintýramennska (e. Action and adventure** )
- a) Virkt útivistarfólk

Í raun er hægt að máta þessa þrjá markhópa við svæðin þrjú. Vestursvæði – *Njóta og slappa af*, Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar – *Náttúra og menning* og svo að lokum Ríki Vatnajökuls – *Virk upplifun* og *ævintýramennska*. Nánar má sjá einkenni þeirra hópa í töflu 19.

*Tafla 19 Einkenni hópa.*

| Atriði sem einkenna hvern hóp | Njóta og slappa af | Náttúra og menning | Virk upplifun og ævintýramennska |
|---|---|---|---|
| Náttúruseglar | x | x | x |
| Menning og saga | x | x | |
| Gera vel við sig í mat og drykk | x | | |
| Heitar laugar | x | | |
| Gisting og afþreying | x | x | |
| Íslenskar matarvenjur | | x | |
| Söfn og sýningar | | x | |
| Eldfjalla- og jöklaferðir | | | x |
| Göngur um hálendið | | | x |
| Jaðaríþróttir | | | x |
| Virk afþreying | | | x |
| Líkamleg áskorun | | | x |

Markhópagreiningin sem dregin var fram í Markaðsgreiningu Suðulands mátast einnig vel við markhópagreiningu Íslandsstofu sem gefin var út á haustmánuðum 2017. Þar eru dregnir fram þrír ákjósanlegustu markhópar fyrir Ísland en þeir eru *Lífsglaði heimsborgarinn* (e. The Fun-loving Globetrotter), *Sjálfstæði Landkönnuðurinn* (e. The Independent Explorer) og *Makindalegi menningarvitinn* (e. The Cultural Comfort Seeker) (Íslandsstofa, 2018).

Nánar má sjá markaðsgreiningu Suðurlands í viðauka.

## 3.3. Ímynd svæðis og aðdráttarafl

Í áðurnefndri markaðsgreiningu var dregin fram ímynd Suðurlands og aðdráttarafl. Til að aðgreina svæðið frá öðrum landshlutum er mikilvægt að stjórnendur í ferðaþjónustu á Suðurlandi sameinist og hlúi vel að þeirri sérstöðu sem aðgreining þess byggir á.

Aðgreiningin sem Suðurland býr yfir er grunnurinn að mótun markaðsstefnu svæðisins og þeim markaðsskilaboðum sem flutt verða markhópnum. Aðgreining og sérstaða Suðurlands sem áfangastaðar byggir á:

a) Þroskuðum og reyndum fyrirtækjum

b) Fjölbreyttri náttúru og sterkum náttúruseglum

c) Góðum samgöngum og nálægð við höfuðborgarsvæðið og Keflavíkurflugvöll

Markaðsskilaboð svæðisins þurfa að endurspegla þessa þætti og þeir hafðir að leiðarljósi við staðfærslu Suðurlands.

> *"Suðurland er fyrir alla sem vilja njóta náttúru, menningar, kyrrðar eða krefjandi aðstæðna til að uppfylla sínar þarfir, óskir, drauma og langanir. Hver sem ástæða heimsóknarinnar er þá ætti Suðurland að vera ómissandi áfangastaður ferðamanna á leið til landsins. Mikilvægt er að tryggja að gestir njóti alls hins besta sem Suðurland hefur upp á að bjóða, hvort sem um er að ræða fjölbreyta náttúrusegla eða margvíslega þjónustu. Lykilatriði er að gestir geti nálgast upplýsingar um svæðið á auðveldan hátt í gegnum heimasíðu, leitarvélar, samfélagsmiðla, kort og bæklinga sem vísa gestum á það sem þeir vilja finna og uppfyllir óskir þeirra og þarfir. "*
> (Markaðsstofa Suðurlands, 2016)

Staðfærsla markaðssvæðisins miðlar sérstöðu Suðurlands og endurspeglar þau hugrenningatengsl sem hagsmunaaðilar vilja að myndist þegar ferðamenn hugsa um Suðurland sem áfangastað.

Þegar slík yfirlýsing er sköpuð fyrir Suðurland er ljóst að svæðið heillar langflesta erlenda gesti sem heimsækja Ísland og því mikilvægt að staðfærslan endurspegli þá staðreynd. Í Markaðsgreiningu Suðurlands var lögð til eftirfarandi staðfærsla:

***"Suðurland býr yfir fjölbreyttri og stórfenglegri náttúru með mikið aðdráttarafl sem auðvelt er að nálgast og upplifa. Fjölbreytileiki og gæði þjónustu gerir gestum kleift að njóta þess besta sem Ísland hefur upp á að bjóða".***

Staðfærslan skapar ákveðið loforð fyrir markaðssvæðið og undirstrikar það sem Suðurland og þjónustuaðilar á svæðinu skuldbinda sig til að standa við gagnvart ferðamönnum sem leggja leið sína þangað. (Markaðsstofa Suðurlands, 2016)

**South Iceland**

*It's easy to get here. It's hard to leave.*

**South Iceland**

*Discover breathtaking.*

**South Iceland**

*Stay with us. It will stay with you.*

**South Iceland**

*Welcome to Spectacular.*

*Mynd 22 Slagorð Suðurlands, tillögur úr Markaðsgreiningu Suðurlands.*

## 3.4. Mat á framlagi ferðaþjónustu til svæðisins

Efni þessa kafla er unnin upp úr gögnum af fyrsta vinnufundi með vinnuhópum á hverju svæði.

### 3.4.1. Það sem vel er gert

**Vestursvæði:**

Jákvæð áhrif ferðaþjónustu á íbúa svæðisins birtist meðal annars sem aukin þjónusta; verslanir eru opnar lengur, fjölbreyttari veitingastaðir, betra vöruúrval og meiri afþreying í boði. Næg atvinna er í boði, íbúar eru almennt jákvæðir gagnvart ferðaþjónustu og þjóðin er í grunninn gestrisin. Grunnþjónusta er öflug s.s. löggæsla, sjúkraflutningar, þjónusta HSU og brunavarnir þrátt fyrir takmarkað fjármagn. Varðandi samgöngur þá kemur skýrt fram ánægja varðandi nálægð við höfuðborgina. Einnig kemur fram jákvæðni varðandi göngu- og hjólreiðastíga þar sem þeir eru og bættar samgöngur þar sem þeim hefur verið viðkomið.

Mikil ánægja kemur fram varðandi náttúruna s.s. falleg, hrein og fjölbreytt náttúra. Einstakar náttúruperlur eru á svæðinu allt frá hálendinu og niður á strönd. Víðsýni er mikið og útsýni til allra átta. Aukin vitund um náttúruvernd, hreint vatn og endurnýjanlega orku. Varðandi aðgengi að náttúrunni kemur fram ánægja með uppbyggingu göngustíga, það er stutt á milli náttúruperla og aðgengi að þeim er almennt gott.

**Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar:**

Almennt er fólk stolt af náttúrufegurð á svæðinu, fallegri og einstakri náttúru. Ánægja er með aukna landvörslu, verndun náttúru og aukna vitund íbúa á náttúruvernd.

Samfélagslegir þættir sem snerta íbúa virðast vera það sem fólk nefnir oftast þegar fjallað er um það sem fólk er ánægt með. Mikil afþreying er í boði fyrir íbúa svo sem fjölbreyttir viðburðir, sundlaugar, íþróttaaðstaða, golfvellir og öflug söfn en mikill auður er í menningu og sögu á svæðinu. Ferðaþjónustan hefur skapað fjölbreyttara samfélag, íbúum hefur fjölgað, næg atvinna er í boði og fleiri möguleikar eru fyrir ungt fólk. Viðhorf íbúa gagnvart ferðamönnum virðist gott, meiri áhugi er á ferðaþjónustu og hinn

almenni íbúi sér tækifæri í uppbyggingu greinarinnar. Ánægja er með uppbyggingu í litlum sveitarfélögum og fólk er stolt af slökkviliði og björgunarsveitum á svæðinu.

Ánægja er með að siglt sé í Landeyjahöfn þó svo auðvitað þurfi að bæta samgöngur til Vestmannaeyja og leysa úr þeim vandamálum sem tengjast Landeyjahöfn og Herjólfi.

**Ríki Vatnajökuls:**

Íbúar eru mjög stoltir af náttúrufegurð svæðisins, fjölbreytni í náttúrunni er mikil og aðgengi mjög gott. Fram kemur að aukin vitund er meðal almennings á umhverfismálum og náttúruvernd.

Áhrif ferðaþjónustu á íbúa og samfélag er með margvíslegum hætti og það sem fólk telur jákvæðast er fjölgun íbúa t.d. ungt fólk sem snýr aftur vegna tækifæra í ferðaþjónustu. Fjölgun starfa, aukin þjónusta, góð verslun í Nettó, fjölbreyttir veitingastaðir og úrval af afþreyingu tengdri útivist. Samfélagið er meira lifandi og þátttaka íbúa er góð. Áhugi og velvilji virðist vera gagnvart ferðamönnum.

Ánægja er með ákveðna þætti í samgöngum á svæðinu og þær betrumbættur sem hafa verið gerðar á vegakerfinu en þjóðvegurinn er almennt greiðfær allt árið.

### 3.4.2. Það sem þarf að bæta

**Vestursvæði:**

Aukið fjármagn þarf að setja í samgöngur. Vegakerfið er komið að þolmörkum víða og nauðsynlegt að bregðast við því. Þörf er á betri samgöngum almennt til þess að grundvöllur sé fyrir betri dreifingu ferðamanna. Laga þarf vegi sem liggja að hinum ýmsu ferðamannastöðum og náttúruperlum. Nauðsynlegt er að klára tvöföldun vegarins milli Reykjavíkur og Selfoss til þess að auka umferðaröryggi. Átak þarf til að fækka einbreiðum brúm. Gatnagerð innanbæjar og lýsingu þarf að bæta. Talað er um „fleiri leiðir“ inn í landið og í því sambandi er t.d. þörf á að auka þjónustu við Suðurstrandaveg og skoða uppbyggingu á alþjóðaflugvelli á svæðinu.

Heildræn uppbygging áningarstaða er mikilvæg. Koma þarf upp viðeigandi þjónustu líkt og salernisaðstöðu auk þess að byggja upp, viðhalda og malbika bílastæði.

Þörf er á að styrkja grunnþjónustu og innviði almennt. Auka þarf sérstaklega fjárframlög til löggæslu, sjúkraflutninga og heilsugæslu á svæðinu. Mikilvægt er að tryggja orkubúskap, styrkja fjarskipti, leggja ljósleiðara og tryggja öruggt netsamband. Finna þarf lausn varðandi sorpmál og fráveitu.

Mikilvægt er að ferðaþjónustan byggist upp í sátt við íbúa. Hegðun ferðamanna er sums staðar farin að nálgast þolmörk heimamanna og nauðsynlegt er að bregðast við því. Bregðast þarf við skorti á íbúðarhúsnæði og leggja áherslu á að leysa þau mál. Í því sambandi þarf að huga að regluverki varðandi leigu á íbúðum og herbergjum í íbúðarhverfum.

Þó fólk sé ánægt með þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað í ferðaþjónustu á síðustu árum þá er það samtímis þáttur sem fólk telur að þurfi að efla. Aukið fjármagn vantar frá ríkinu í uppbyggingu innviða. Öll uppbygging þarf að byggjast á stefnumótun og fagþekkingu. Mikilvægt er að byggja upp afþreyingu í samræmi við þá gistingu sem býðst á svæðin.

Fram hefur komið að móta þurfi skýra stefnu í ferðaþjónustu. Það vantar stefnumótun til langs tíma og þörf er á betri skilningi yfirvalda. Móta þarf stefnu varðandi aðgangsstýringu og gjaldtöku. Nauðsynlegt er að aðgangsstýring sé skynsöm og sanngjörn og ákveða þarf hvernig haga á gjaldtöku á svæðinu. Stuðla þarf að stöðugu vaxta- og skattaumhverfi. Hugmyndir komu fram um að nýta betur nálægð við höfuðborgarsvæðið, fá fólk til að dvelja á Suðurlandi þar sem stutt er í náttúruperlur og fara í dagsferðir til Reykjavíkur.

Endurskoða þarf regluverk í ferðaþjónustu. Lög og reglur þurfa að vera skýrar og eftirfylgni þarf að vera öflug. Það þarf að vera skýrt hvað má og hvað má ekki s.s. varðandi erlenda fjárfestingu, ferðamenn, gistingu, tjaldstæði, húsbíla o.fl. Það hefur áhrif á alla þegar illa er staðið að

starfsmannamálum og huga þarf sérstaklega að kjaramálum. Auka þarf tekjur sveitarfélaga og stuðla að því að þær séu í samræmi við ferðamannafjölda á svæðinu.

Gæði eru þáttur sem talið er að þurfi að efla og viðhalda. Það þarf að huga að gæðum þjónustunnar, gæðastjórnun innan fyrirtækja, ímynd og opnunartíma fyrirtækja og stofnana.

Auka þarf samstarf hagsmunaaðila og huga að samskipta- og siðareglum í greininni. Virkara samstarf þarf að vera á milli ferðaþjónustuaðila á svæðinu en einnig er þörf á auknu samstarfi við ríki og sveitarfélög. Að auki mætti efla samstarf ferðaþjónustunnar við hina ýmsu matvælaframleiðendur svo nýta megi betur matarkistuna sem þetta svæði er.

Efla þarf upplýsingagjöf og fræðslu bæði til starfsmanna í ferðaþjónustu og ferðamanna t.d. þeirra sem ferðast á bílaleigubílum. Það er þörf á samræmdum skiltum almennt og betri leiðbeiningum til ferðamanna. Við þurfum einnig að halda í sérstöðuna og vera óhrædd að nota tungumálið okkar. Það þarf að gæta vel að umræðunni í samfélaginu og efla jákvæða umræðu um ferðaþjónustu og hvaða áhrif hún hefur.

Náttúran er ein aðal ástæða þess að ferðamenn koma til Íslands. Nauðsynlegt er að vernda náttúruna og efla þarf vitund um náttúruvernd bæði meðal almennings, fyrirtækja og ferðamanna. Þörf er á að bregðast við þar sem ferðamannastaðir við náttúruperlur eru farnir að láta á sjá. Tryggja þarf aðgengi að náttúrunni með því að byggja upp við náttúruperlur, gera göngustíga og fjölga merktum gönguleiðum. Sums staðar er þörf á einhverskonar aðgangsstýringu.

### Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar:

Eitt af þeim atriðum sem fólk telur mjög mikilvægt að bæta og laga er samgöngukerfi landsins. Þörf er á auknum og bættum samgöngum. Vegakerfið á Suðurlandi þarf að endurskoða og bæta í heild sinni. Þjóðvegurinn er lélegur og þarf að útfæra breytingar og umbætur á honum. Á svæðinu er mikilvægt að bæta sérstaklega samgöngur yfir vetrartímann. Einnig kemur fram að sveitarfélög þurfi að byggja upp gatnakerfi innanbæjar.

Fyrir ferðaþjónustuna er gríðarlega mikilvægt að byggja upp áningarstaði. Gera þarf útskot og áningarstaði með þjóðvegi þar sem þörf er á í samstarfi við heimamenn. Uppbygging áningarstaða er mikilvægur liður í að bæta umferðaröryggi, auka aðgengi að salernisaðstöðu og annarri þjónustu. Uppbygging þjónustumiðstöðvar v/Herjólfs við þjóðveg er mikilvæg til þess að tengja betur saman Kötlu jarðvang og Vestmannaeyjar.

Grunnþjónustu þarf að bæta á svæðinu. Byggja þarf upp heilbrigðisþjónustu og heilsugæslu á svæðinu. Símasamband, þráðlaust net og þriggja fasa rafmagn er grunnþjónusta sem er ein af undirstöðum ferðaþjónustunnar. Huga þarf að sorphirðu á ferðamannastöðum. Uppbygging íbúðarhúsnæðis er mikilvæg fyrir íbúa samfélagsins og uppbyggingu ferðaþjónustu.

Uppbygging er mikilvæg í ferðaþjónustu. Þörf er fyrir aukið fjármagn í uppbyggingu s.s. í náttúrulega uppbyggingu innviða, göngustíga og viðhald á ferðamannastöðum.

Varðandi regluverkið kemur fram að mikilvægt sé að herða lög, efla eftirlit og auka samhæfingu milli svæða. Uppræta þarf svarta atvinnustarfsemi með því bæði að herða reglur og auka eftirlit. Yfirfara þarf lög og reglugerðir m.t.t. aukins fjölda ferðamanna. Það kemur fram að mikil þörf sé á því að lögleiða gæðakerfi (Vakinn) og lögbinda starfsheiti. Bregðast þarf við vandamálinu sem skapast þegar ferðaþjónustufyrirtæki með lögheimili utan svæðisins nýta þjónustu á svæðinu án þess að borga fyrir það, litlar fjárhæðir sitja oft á tíðum eftir hjá sveitarfélögum vegna þessa. Þörf er á að skoða eða taka út andmælarétt útlendinga því þeir nýta sér andmæléttinn og eru farnir áður en hægt er að rukka þá.

Áhersla er lögð á stefnumótun í ferðaþjónustu. Marka þarf heildarsýn fyrir svæðin og allt Suðurland. Skýrari stefnumótun þarf í skipulagsáætlunum sveitarfélaga og stýringu ferðamanna. Þörf er á meiri stuðningi frá ríkinu, mikilvægt er að þjónusta sé í samræmi við aukinn fjölda ferðamanna og nauðsynlegt

er að hætta við fyrirhugaðar áætlanir um hækkaðan virðisaukaskatt. Samræmi vantar í skilti/merkingar og gjaldtöku. Einnig vantar upplýsingar um raunverulegan hagnað af ferðaþjónustu.

Samvinna er allra hagur og þörf er á að auka samvinnu og samstarf í greininni. Meira, virkara og sveigjanlegra samstarf þarf við heimamenn hvort sem það eru landeigendur, bændur eða almennir íbúar í borgum og bæjum. Mikilvægt er að svæða/deiliskipulag sé unnið í samstarfi við ferðaþjónustuna.

Upplýsingagjöf og fræðsla skiptir miklu máli fyrir ferðaþjónustuna og hvernig hún þróast í sátt við samfélagið. Mikilvægt er að upplýsa ferðamennina t.d. varðandi umferð og siðareglur en ekki síður að upplýsa og fræða íbúa samfélagsins um þessa stóru atvinnugrein og hvaða áhrif hún hefur. Gæta þarf að samfélagslegum og umhverfislegum þolmörkum og getur upplýsingagjöf og fræðsla haft þar mikið að segja. Þörf er á meiri jákvæðni gagnvart greininni og bregðast þarf við neikvæðri orðræðu en varast þarf slæmt viðmót og umtal um gestina okkar. Auka þarf við og bæta upplýsingaefni og leggja þarf áherslu á upplýsingaskilti frekar en bannskilti.

Merkingar þarf að bæta og samræma. Þörf er á að hjálpa nýbúum að aðlagast en eins og allir vita er mikið af erlendu starfsfólki í þessari atvinnugrein og upplýsingagjöf og fræðsla eru stórir þættir í að hjálpa þeim að aðlagast. Einnig er þörf á að laða íslenskt starfsfólk að greininni og gera nám tengt þessari atvinnugrein aðlaðandi. Mikilvægt er að taka vel á móti öllum gestum og undirbúa komu þeirra. Ef markmiðið er t.d. ferðamönnum frá Asíu þurfum við að undirbúa komu þeirra, fræða bæði ferðamennina og þá aðila sem taka á móti þeim og jafnvel að ákveðnir aðilar sérhæfi sig í móttöku þessara gesta. Höfða þarf betur til mismunandi markhópa bæði hvað varðar samgöngur, gistingu og afþreyingu. Einnig mætti markaðssetja afþreyingu fyrir íbúa og ferðamenn á svæðunum betur á netmiðlum.

Þegar litið er til náttúru og menningarminja þá er verndun og aðgengi ofarlega í huga fólks. Bæði er talað um að byggja þurfi upp göngustíga til þess að auka aðgengi að náttúrunni og til þess að koma í veg fyrir ágang og álag á náttúruperlur. Einnig er mikilvægt að finna gott efni í göngustíga sem þægilegt er að ganga á til þess að fólk gangi ekki á grasinu meðfram göngustígum. Góðar merkingar og landvarsla er grundvallaratriði þegar kemur að verndun náttúrunnar. Stýra þarf ferðamönnum betur á viðkvæmum svæðum og huga að þolmörkum náttúrunnar.

**Ríki Vatnajökuls:**

Hvað varðar samgöngur í sveitarfélaginu þá er vegakerfið komið að þolmörkum, vegir eru of mjóir og þörf er á veggirðingum á ákveðnum stöðum. Viðhald þarf að auka sérstaklega við fjölfarna ferðamannastaði. Það þarf að útrýma einbreiðum brúm en það er atriði sem flestum finnst mikilvægast að verði lagað þegar horft er til öryggis.

Þörf er á betri og fleiri áningarstöðum í samræmi við ferðamannafjölda á svæðinu. Það vantar áningarstaði með þjónustu þar sem fólk kemst á salerni. Þar að auki vantar góða staði þar sem hægt er að skoða norðurljósin. Fjölga þarf áningarstöðum í öllu sveitarfélaginu og austur fyrir Höfn. Það þarf einnig að gæta að því að salerni séu aðgengileg inni á Höfn eftir að veitingastaðir og bensínstöðvar loka.

Mikilvægt er að efla grunnþjónustu í öllu sveitarfélaginu í samræmi við raunverulegan íbúafjölda þ.e. íbúa og ferðamenn. Það þarf að efla heilbrigðisþjónustu, löggæslu og stuðning við björgunarsveitir. Það þarf að efla grunnþjónustu í dreifbýli, þar vantar betra aðgengi að lækni/hjúkrunarfræðingi, leikskóla, skóla og leiguhúsnæði. Póstþjónusta hefur verið skert á svæðinu og kemur það íbúum í dreifbýli sérstaklega illa. Það vantar sárlega fleiri iðnaðarmenn á svæðið og fráveitumál þarf að laga.

Huga þarf að þolmörkum íbúa í sveitarfélaginu en sums staðar gætir ágangs ferðamanna. Mikilvægt er að byggja upp þjónustu fyrir íbúa s.s. afþreyingu fyrir fólk með börn, t.d. leikvelli. Einnig þarf að byggja upp afþreyingu fyrir ungt fólk og eldri borgara. Það þarf að laða fólk að svæðinu og fá það til að búa í sveitarfélaginu en þá þarf að leysa húsnæðisvandann og byggja meira íbúðarhúsnæði. Þetta er mjög

víðfeðmt sveitarfélag og því langt fyrir suma íbúa að sækja alla þjónustu og viðburði inn á Höfn og þess vegna mikilvægt að dreifa þjónustu og viðburðum.

Mikilvægt er að sett verði aukið fjármagn í uppbyggingu. Mikilvægt er að fegra aðkomu inn á Höfn og annarra lykilstaða inni í bænum. Byggja þarf upp áfangastaði t.d. við Heinaberg og Hoffell og auka/bæta uppbyggingu við Jökulsárlón. Það vantar fleiri gönguleiðir utan Hafnar og setja þarf upp söguskilti á fleiri stöðum. Nauðsynlegt er að byggja vandaðar, varanlegar byggingar og setja upp jöklasafn á svæðinu. Mikilvægt er að nýta Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Bæta þarf ímyndasköpun á svæðinu og þörf er á fleiri verslunum og meiri þjónustu því hún er ekki í takt við aukinn fjölda ferðamanna.

Hvað varðar regluverk í ferðaþjónustu þá virðist það vera stór þáttur sem brennur á fólki. Mikilvægt er að skýrar reglur séu í ferðaþjónustu t.d. hvað varðar húsbíla, tjaldstæði, eignarlönd og afleggjara, það sem er leyfilegt og það sem er ekki leyfilegt. Virkara eftirlit þarf að vera með leyfum og starfsemi. Gistináttaskattur þarf að renna beint til sveitarfélaganna. Tekjur til uppbyggingar innviða og ferðaþjónustu eru óstöðugar og skortur er á að fjármunir skili sér til baka úr greininni.

Hvað varðar stefnumótun í ferðaþjónustu þá þarf að skoða dreifingu ferðamanna. Það vantar töluleg gögn og rannsóknir í ferðaþjónustu. Þörf er á heildstæðari þróun ferðamannastaða og betri skilning á atvinnugreininni hjá stjórnvöldum.

Samskipti og samvinnu á milli stofnana þarf að bæta. Samtalið mætti vera meira og skilvirkara til þess að úrbætur verði að veruleika. Mikilvægt er að auka samtal milli opinberra- og einkaaðila og færa samstarf yfir á næsta stig ákvarðanatöku.

Nauðsynlegt er að leggja meiri áherslu á fagmennsku í allri þjónustu og samræma verð og gæði. Þörf er á því að fagmennta fólk sem starfar í ferðaþjónustu auk þess að fræða og þjálfa hinn almenna starfsmann í ferðaþjónustu.

Mikilvægt er að efla upplýsingagjöf og fræðslu. Bæta þarf merkingar og efla upplýsingagjöf til ferðamanna t.d. hvað varðar umferðaröryggi. Það vantar framboð af fjölbreyttara námi fyrir ferðaþjónustuna og meiri fagþekkingu í greinina. Það vantar betri upplýsingagjöf frá stjórn þjóðgarðsins en efla þarf samtal á milli aðila. Mikilvægt er að bregðast við neikvæðri orðræðu í samfélaginu. Margt jákvætt er að gerast í samfélaginu sem mætti tala um og fræða íbúa um t.d. með því að skrifa um það í Eystrahorni. Það mætti einnig tengja sögu svæðisins betur við staðinn.

Mikilvægt er að vernda náttúruna og virða en gefa öllum tækifæri á að njóta hennar. Það þarf að stýra ferðamönnum betur á ákveðnum svæðum með það að markmiði að minnka ágang á íbúa og náttúru. Þörf er á auknu fjármagni til þjóðgarðsins og að fjölga landvörðum en mikilvægt er að koma höndum á utanvegaakstur t.d. á söndunum. Auka þarf þjónustu við náttúruperlur til þess að vernda náttúruna bæði með fræðslu og þjónustu eins og salernisaðstöðu. Það vantar framtíðaráætlun fyrir þjóðgarðinn þar sem m.a. er þörf á framtíðarskipulagi fyrir afþreyingarfyrirtækin sem starfa á svæðinu.

## 3.5. Mat á áhrifum ferðaþjónustu á svæðinu

Á heimsvísu hefur ferðamennska vaxið gríðarlega síðastliðna áratugi en fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi hefur verið mun meiri en meðalvöxtur á heimsvísu síðustu ár. Gera má ráð fyrir að vöxturinn verði áfram meiri hér á landi en á heimsvísu næstu ár þó gert sé ráð fyrir því að það hægist á vextinum. Ferðaþjónustan aflar mestra gjaldeyristekna af öllum útflutningsgreinum og er orðin lykilatvinnugrein á Íslandi en störfum og fyrirtækjum í greininni hefur fjölgað mikið. Álag af ferðamennsku er misjafnt á Íslandi bæði eftir landshlutum og eftir árstíma. Áhrif ferðaþjónustu geta verið margvísleg og haft áhrif bæði um stuttan tíma og langan. Mikilvægt er að skoða félagsleg,- efnahagsleg og umhverfisleg áhrif ferðaþjónustu á svæðinu bæði jákvæð og neikvæð (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2018).

Ferðaþjónusta á Suðurlandi hefur almennt haft margvísleg jákvæð félagsleg áhrif í samfélaginu s.s. hærra þjónustustig, fjölbreyttari þjónusta og viðhald byggða í dreifbýli. Veitingastöðum hefur t.d. fjölgað

og opnunartími lengst. Á dreifbýlli svæðum og í minni þorpum og bæjum hefur lágvöruverðsverslunum fjölgað og vöruúrval orðið fjölbreyttara. Neikvæð félagsleg áhrif hafa komið fram að sama skapi og má þar nefna að þó svo lágvöruverðsverslunum hafi fjölgað þá kemur fyrir að vöruúrval sé frekar miðað að ferðamönnum en heimamönnum.
Þegar rætt er um þolmörk heimafólks er gott að skoða áreitiskala Georg Doxey (*Irridex model*) en kvarðinn hefur fjögur stig en það er ánægja, áhugaleysi, gremja og óvild (Doxey, 1975). Yfirleitt eru íbúar ánægðir með athygli og auknar tekjur sem fylgir ferðaþjónustu þegar ferðamenn eru fáir og áfangastaður er að uppgötvast. Flestir íbúar sem ekki starfa í greininni missa smá saman áhugann þegar ferðafólki fjölgar. Þegar íbúar eru farnir að sýna gremju eða óvild í garð heimafólks þá má segja að komið sé að þolmörkum íbúa. Gremja getur komið fram t.d. þegar íbúar geta ekki nýtt sér þjónustu vegna fjölda ferðamanna og borið getur á óvild ef miklar samfélagsbreytingar hafa átt sér stað vegna ferðafólks (Edwaed Hákon Huijbens & Gunnar Þór Jóhannesson, 2013). Íbúðir á Suðurlandi hafa verið settar í auknum mæli í leigu til ferðamanna og hefur það valdið skorti á íbúðarhúsnæði á flestum svæðum, sér í lagi í smærri þorpum og bæjum. Ferðaþjónustan er vinnuaflsfrek atvinnugrein og því fjölgar íbúum sem hafa hér búsetu um lengri eða skemmri tíma en það eykur enn á húsnæðisvandann. Álag á vegakerfið á Suðurlandi er eitthvað sem hefur neikvæð áhrif á íbúa bæði hvað varðar möguleika til ferðalaga, með tilliti til tíma, og umferðaröryggis. Með auknum hagvexti í samfélaginu og ef ferðaþjónustan sem atvinnugrein fær þann stuðning sem hún þarf frá ríki og sveitarfélögum ættu áhrifin af greininni að vera með þeim hætti að innviðir eins og vegakerfið yrðu öruggari og betri á allan hátt.

Efnahagsumsvif sem skapast vegna útgjalda ferðamanna á afmörkuðu svæði er hægt að skoða með tilliti til margfeldisáhrifa sem geta verið bein, óbein eða afleidd áhrif. Bein áhrif verða þegar ferðamaðurinn borgar fyrir vörur eða þjónustu þ.e. tekjur fyrirtækja, óbein áhrif verða vegna útgjalda fyrirtækja og afleidd áhrif skapast vegna útgjalda eftir aðra umferð t.d. útgjöld heimila (Mill & Alistair M. Morrison, 2012). Jákvæð efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á Suðurlandi koma t.d. fram í fjölbreyttara atvinnulífi, auknu framboði af atvinnu og í auknum tækifærum til atvinnureksturs. Einnig hefur ferðaþjónustan jákvæð áhrif á verslun á öllum svæðum. Margfeldisáhrif af útgjöldum ferðamanna teygja anga sína víða og hafa jákvæð áhrif í ólíkum atvinnugreinum s.s. í tengslum við landbúnað og sölu sjávarafurða.
Leki getur átt sér stað vegna innfluttra afurða en leki á sér frekar stað í smærri hagkerfum þegar vörur eða þjónusta er innflutt til þess að uppfylla þarfir ferðamanna (Mill & Alistair M. Morrison, 2012).
Mikilvægt er að styðja við efnahag á svæðinu og minnka leka með því að nota staðbundnar vörur og í því sambandi er fjöldi tækifæra í því að efla tengsl ferðaþjónustu við landbúnað og sjávarútveg. Neikvæð efnahagsleg áhrif hafa helst birst á svæðinu í hækkandi húsnæðisverði sem hefur mikil áhrif á íbúa á svæðinu og koma þessi áhrif sterkast fram á minni þorpum og bæjum.

Náttúran er meginaðdráttarafl Íslands sem áfangastaðar en álag á náttúruna er orðið mikið á ákveðnum stöðum og er orðin mikil þörf er á að kanna hvort náttúran sé í hættu vegna átroðnings og/eða hvort skortur sé á uppbygging eða viðeigandi aðstöðu til þess að taka á móti auknum fjölda ferðamanna. Áhrif á umhverfi fylgir einnig auknum fjölda ferðamanna og má þar nefna innviði landsins, sér í lagi á helstu á helstu ferðamannaleiðum. Á Suðurlandi er álag af ferðamennsku hvað mest á náttúruskoðunarstöðum, á Gullna hringnum og með suðurströndinni (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2018). Ferðamennska á Suðurlandi hefur valdið álagi á náttúruna en þar ber helst að nefna fjölfarna ferðamannastaði þar sem uppbyggingu, stýringu og verndun er ábótavant s.s. í Reykjadal, við Geysi, Seljalandsfoss, Dverghamra, Skógafoss, Dyrhólaey, Fjaðrárgljúfur og fleiri staði. Á vinnufundum með vinnuhópum var mikil áhersla lögð á að bætt verði úr á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir náttúruspjöllum og farið verði í markvissa uppbyggingu til verndar náttúru en einnig er mikil áhersla lögð á aukna landvörslu almennt á Suðurlandi.

## 3.6. Stefnumótun og markaðsmál

Allnokkrar stefnur og áætlanir hafa verið gerðar og eru í gildi á hinum ýmsum stigum, hvort sem þær tengjast Suðurlandi í heild sinni eða ákveðnu svæði innan þess. Dæmi um svæðisbundna áætlun fyrir

Suðurland í heild sinni er Sóknaráætlun Suðurlands sem er stefnumörkun fyrir Suðurland fyrir árin 2016 – 2020. Í þeirri áætlun er tekið á einkennum Suðurlands, framtíðarsýn og áherslum í tengslum við menningu, menntun, mannauð, lýðfræðilega þróun, atvinnulíf og nýsköpun.

***Megin áherslur sóknaráætlunar til 2020:***

- *Auka samvinnu á milli sveitarfélaga í sem flestum málefnum.*
- *Vinna að heildrænni kortlagningu á náttúru, mannauði og menningu á Suðurlandi og draga fram sérstöðu einstakra svæða.*
- *Skapa jákvæða ímynd af Suðurlandi sem byggir á gæðum og hreinleika.*
- *Vinna að umhverfisvakningu með sjálfbærni að leiðarljósi og auka sjálfbæra nýtingu á orku og auðlindum.*
- *Hækka menntunarstig á Suðurlandi með eflingu framboðs og aðgengis að menntun í heimabyggð.*
- *Auka fjölbreytni í atvinnulífi, mannlífi, menningu og menntun.*

(SASS, e.d.)

Árið 2016 lét Markaðsstofan vinna fyrir sig markaðsgreiningu og markaðslega stefnumótun fyrir áfangastaðinn Suðurland. Markaðsgreiningin var einmitt fjármögnuð af Sóknaráætlun Suðurlands sem áhersluverkefni SASS. Sveitarfélögin gera svo hvert fyrir sig aðalskipulag fyrir viðkomandi sveitarfélag þar sem oft er tekinn fyrir sérstakur kafli um ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. SASS hefur einnig unnið Samgönguáætlun fyrir Suðurland 2017 – 2026 þar sem komið er inn á vegakerfið, fjarskipti, flugvelli, almenningssamgöngur og hafnir. Einnig er þar tekið á þörf fyrir aukna löggæslu á Suðurlandi og þá sérstaklega vegna þess fjölda ferðamanna sem fer um Suðurland. Ferjusiglingar til Vestmannaeyja var einn kafli og að sú leið verði skilgreind sem hluti af þjóðvegakerfinu.

Þjóðgarðar og jarðvangur hafa gert sínar áætlanir og stefnur. Vatnajökulsþjóðgarður gaf út í júlí 2013 Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn þar sem stefna Vatnajökulsþjóðgarðs er sett fram. Árið 2004 gaf Þjóðgarðurinn á Þingvöllum út stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum fyrir árin 2004 - 2024. Katla jarðvangur vann sína stjórnunaráætlun árið 2017.

Á landsvísu hefur Umhverfis- og auðlindaráðuneytið látið vinna *Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum* sem gefin var út til umsagnar í byrjun þessa árs. Sú landsáætlun er til 12 ára með þriggja ára verkefnaáætlun. Landsáætlun er stefnumarkandi um gerð innviða á ferðamannastöðum til verndar náttúru og minja til 12 ára (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Alþingi samþykkti árið 2011 *Ferðamálaáætlun 2011-2020* þar sem meðal annars er unnið að því að auka arðsemi ferðaþjónustunnar, að uppbygging áfangastaða sé markviss, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að minnka árstíðarsveiflu og dreifa ferðamönnum, auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar og að lokum að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar m.a. með öflugu greininga- og rannsóknarstarfi (Ferðamálastofa, e.d.). Auk þess er Skrifstofa ferðamála innan Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis að vinna að stefnumótun í ferðamálum.

Mikilvægt er að stjórnvöld marki stefnu um uppbyggingu ferðaþjónustu en stefna á að virka sem leiðarvísir og rammi utan um þróun greinarinnar um leið og vilji hins opinbera er gefinn til kynna (Edwaed Hákon Huijbens & Gunnar Þór Jóhannesson, 2013). Mikilvægt er að það sé rauður þráður í gegnum þær áætlanir og stefnur sem eru í gildi á hverjum tíma svo að unnið sé að því að ganga í takt og í sömu átt. Því er mikilvægt að tengja sýn, markmið og aðgerðir áfangastaðaáætlunarinnar þar sem við á við aðrar áætlanir sem og að eiga gott samtal og samvinnu við þá sem vinna að öðrum áætlunum sem tengjast svæðinu eða ferðaþjónustunni.

## 3.7. SVÓT greining

Í SVÓT greiningu eru greindir styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri. SVÓT greining þessi er tekin upp úr Markaðsgreiningu Suðurlands. Frekari umræður og útskýringar á greiningunni má finna í



**SVÓT greining Suðurland í heild**

Markaðsgreiningunni í heild sinni í viðhengi. Á myndum 23 - 26 má sjá SVÓT greiningu Suðurlands í heild sinni og hvers svæðis fyrir sig.




*Mynd 23 SVÓT greining Suðurlands (Markaðsstofa Suðurlands, 2016).*




*Mynd 24 SVÓT greining Vestursvæði Suðurlands (Markaðsstofa Suðurlands, 2016).*




*Mynd 25 SVÓT greining Kötlu jarðvangs &Vestmannaeyja (Markaðsstofa Suðurlands, 2016).*




*Mynd 26 SVÓT greining Ríki Vatnajökuls (Markaðsstofa Suðurlands, 2016).*

## 3.8. PESTEL greining

**Pólitíska umhverfið:** Tíðar kosningar á undanförnum árum hafa skapað töluverða óvissu í pólitísku umhverfi Íslands en í aðdraganda þeirra hefur töluvert verið rætt um ferðaþjónustu. Almennt ríkir jákvætt viðhorf til ferðaþjónustunnar meðal stjórnmálaflokka sem eru sammála um að þörf sé á uppbyggingu innviða og að vel sé stutt við þessa mikilvægu atvinnugrein.

Eitt helsta deilumál síðasta kjörtímabils var hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna. Þessi áform hafa nú verið lögð til hliðar og lagt hefur verið til að skoða aðrar leiðir til gjaldtöku. Afstaða almennings gagnvart gjaldtöku og rétt landsmanna til að ferðast óheft um landið hafa verið töluvert í umræðunni. Í stefnu ríkisstjórnarinnar er ráðgert að ljúka við þá vinnu sem er hafin við að leysa úr árekstrum almannaréttar og ferðaþjónustu. Þar kemur einnig fram að á kjörtímabilinu verði mörkuð langtímastefna um ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunaaðila með sjálfbærni að leiðarljósi. Þessi vinna er hafin, en hópur þvert á ráðuneyti vinnur nú að stefnu ríkisins í ferðaþjónustu. Þá er áformað að setja lög um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðaþjónustu sem leysa munu af hólmi núgildandi lög um skipan ferðamála (Stjórnarráð Íslands, 2017).

**Samfélagslega umhverfið:** Ferðaþjónusta getur haft áhrif á nær alla þætti samfélagsins sem er ein af lykilstoðum sjálfbærrar ferðamennsku.

Áhrif ferðaþjónustu á húsnæðismarkaðinn hafa verið mikið í umræðunni. Ný löggjöf um heimagistingu tók gildi þann 1. janúar 2017, en helstu markmið með löggjöfinni voru að bregðast við miklum fjölda leyfislausrar gistingar. Áhrif Airbnb á íslenskan húsnæðismarkað hefur skapað neikvæða umræðu en niðurstöður rannsóknar Seðlabanka Íslands benda til þess að árleg hækkun raunverðs íbúðarhúsnæðis sem rekja megi til aukinna umsvifa Airbnb á síðustu þremur árum sé um 2%. Þessi hækkun er um 15% af heildarhækkun íbúðarverðs á sama tíma (Seðlabanki Íslands, 2018).

Könnun sem Rannsóknarmiðstöð ferðamála vann árið 2017 sýnir að níu af hverjum tíu landsmönnum telja ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífs og að ferðaþjónustan sé mikilvæg í heimabyggð. Könnunin sýndi að meirihluti Íslendinga telur fjölda ferðamanna á Íslandi á sumrin hæfilegan en um fjórðungur telur fjöldann þó vera of mikinn. Könnunin sýndi einnig að í flestum landshlutum sjá landsmenn ferðaþjónustuna sem blómstrandi atvinnugrein sem efli byggð, auki fjölbreytni í mannlífi, atvinnuháttum og þjónustu á svæðinu vegna fjöldans sem heimamenn njóta góðs af. Vísbendingar um neikvæða áhrifaþætti koma þó einnig fram. Þannig er nokkuð stór hópur landsmanna hræddari nú en áður við að keyra á vegum úti og margir kannast við að forðast nú að sækja heim ákveðna fjölsótta ferðamannastaði (Ferðamálastofa, 2018).

**Efnahagslega umhverfið:** Ferðaþjónustan hefur gegnt lykilhlutverki í bata íslenska efnahagskerfisins eftir hrun bankanna 2008. Vöxtur greinarinnar hefur verið gríðarlegur undanfarin ár, en ýmis teikn eru nú á lofti um að hægt hafi á vextinum þó svo að fjölgun ferðamanna hér á landi sé enn hlutfallslega meiri en í mörgum samanburðarlöndum.

Efnahagsaðgerðir stjórnavalda síðustu ár hafa haft ýmis jákvæð áhrif á efnahagslífið. Má þar helst nefna lagabreytingar til losunar gjaldeyrishafta, sem tók gildi í áföngum í október 2016 og janúar 2017. Eftir þá breytingu má segja að fjármagnshöft séu nánast með öllu afnumin.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt var í febrúar 2018 var hámarki hagvaxtartímans náð seinni hluta árs 2016, en eftir það hafi tölur sýnt að heldur minni hagvöxtur hafi verið árið 2017 en áður var talið og það sama er líklegt að gildi um árið 2018. Seðlabankinn telur þetta endurspegla hækkun raungengis og „aðlögun ferðaþjónustunnar að sjálfbærum vexti eftir hraðan vöxt undanfarin ár“.

Talningar Ferðamálastofu á brottförum frá Keflavíkurflugvelli sýna að hlutfallsleg fjölgun farþega er lægri frá 2016 til 2017 (24,2%) en frá 2015 til 2016 (40,1%). Tekið skal fram að þó hægt hafi á straumnum fjölgar ferðamönnum til Íslands ennþá hlutfallslega meira en til helstu nágrannalanda. Ýmsar ástæður hafa verið taldar upp fyrir hægari fjölgun ferðamanna og hægari vexti ferðaþjónustunnar en þar má helst nefna styrkingu íslensku krónunnar, aukna neyslu innanlands og ýmsar breytingar á lykilmörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu (s.s. vegna Brexit) en vöxtur á Bretlandsmarkaði fór úr 30% milli áranna 2015 og 2016 niður í 1,9% vöxt milli áranna 2016 og 2017.

Ef litið er til ferðamálafræðanna s.s. kenningar Butlers (Butler, 1980) um þróun líftíma ferðamannastaða (*Butler's Tourism Area LIfe Cycle*), Mynd 27, má ætla að breytingar sem þessar séu hluti af eðlilegri þróun áfangastaða. Af myndinni hér til hliðar má ætla að Ísland sé nú að færast ofar á kúrfuna þar sem hægist á vexti og meiri stöðugleiki tekur við. Um leið vekur kenningin athygli á mikilvægi þess að gripið sé til aðgerða til að viðhalda þeim stöðugleika svo ekki taki við hnignun.




**Tæknilegt umhverfi:** Veraldarvefurinn og stóraukin notkun snjalltækja hefur opnað nýja möguleika fyrir ferðaþjónustuna, þá sérstaklega hvað varðar markaðssetningu staða. Samfélagsmiðlar gera fyrirtækjum og áfangastöðum kleift að senda markvissari skilaboð til vænlegra kaupenda um allan heim s.s. hópa áhugafólks um ljósmyndun, fjallgöngur, fuglaskoðun og auka tækifæri til að nálgast þá á fjölbreytan hátt. Að sama skapi deilir fólkið sjálft myndum af upplifunum sínum sem um leið verða hvati fyrir aðra að upplifa þær líka.

Áhrif samfélagsmiðla geta líka verið neikvæð, til dæmis þegar athygli er vakin á stöðum sem ekki eru í stakk búnir til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Þetta á sérstaklega við ef þekktir einstaklingar með milljónir fylgjenda birta af sér myndir á ákveðnum stöðum sem aðdáendur reyna svo að líkja eftir. Slíkar myndir og myndbönd geta í sumum tilvikum hvatt til óábyrgrar ferðahegðunar og því er mikilvægt fyrir áfangastaði að fylgjast vel með því sem í gangi er á samfélagsmiðlum hverju sinni. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir áfangastað eins og Ísland þar sem viðkvæm náttúra er helsta aðdráttaraflið.

Íslandsstofa hefur með mjög góðum árangri nýtt veraldarvefinn til markaðssetningar á Íslandi síðustu ár og með því laðað að fjöldann allan af ferðamönnum frá hinum ýmsu mörkuðum.

Þegar til landsins er komið eru góðar síma- og nettengingar afar mikilvægur þáttur í að stuðla að frekari dreifingu ferðamanna um landið og ýta undir vöruþróun. Á landi eins og Íslandi þar sem veður eru oft válynd, færð erfið og önnur náttúruvá eins og eldgos og flóð stöðugt yfirvofandi er mikilvægt öryggisatriði að búa yfir tækjum og tólum til að koma mikilvægum öryggisupplýsingum á framfæri við ferðamenn. Slysavarnarfélagið Landsbjörg/Safetravel hefur unnið afar gott starf hvað þetta varðar og heldur áfram að vinna að bættum öryggismálum ferðamanna í samstarfi við helstu hagaðila.

Ennþá vantar þó töluvert upp á að hið opinbera nýti tæknina í þaula til að koma upplýsingum á framfæri við ferðamenn þegar þeir eru komnir til landsins og má segja að Ísland sé nokkuð á eftir sínum helstu samanburðarlöndum hvað það varðar m.a. hvað varðar nýtingu framfara í útvarpstækni, net- og símasamband á vegum og notkun leiðsögukerfa til samskipta. Flest þessara atriða eru í stöðugri skoðun en skortur á fjármagni og skilvirkari stefnumótun hafa hægt á framþróun.

**Lagalegt umhverfi:** Lagalegt umhverfi á Íslandi hefur mikil áhrif á ferðaþjónustu, enda snertir hún flest svið samfélagsins. Horfið hefur verið frá hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, en sú ákvörðun var afar umdeild. Þess í stað verða aðrar leiðir til gjaldtöku skoðaðar á næstu misserum. Ný löggjöf um heimagistingu tók gildi þann 1. janúar 2017, en helstu markmið með löggjöfinni voru að bregðast við miklum fjölda leyfislausra gistiplássa. Áformuð er lagasetning vegna innleiðingar tilskipunar ESB um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Þá er einnig áformað að setja lög um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðaþjónustu sem leysa munu af hólmi núgildandi lög um skipan ferðamála. Lagalegir þættir geta haft mikil áhrif á ferðaþjónustu og því er mikilvægt að rödd ferðaþjónustunnar heyrist og að samtal við stjórnvöld sé mikið og gott.

**Náttúra og umhverfið:** Hrein og ósnert náttúra er eitt helsta aðdráttarafl Íslands og ein helsta ástæða þess að ferðamenn sækja landið heim. Í drögum að Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum eru sett fram drög að stefnu stjórnvalda í þessum efnum til að bregðast við auknum fjölda ferðamanna sem sækja landið heim, enda náttúran einn helsti grundvöllur ferðaþjónustunnar (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, e.d.). Núverandi ríkisstjórn hefur einnig boðað metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum og þar er ekki síður mikilvægt að fjalla um hlut ferðaþjónustunnar, til dæmis varðandi samgöngur (Stjórnarráð Íslands, 2017). Neytendur eru sífellt meðvitaðri um umhverfis- og loftslagsmál og því mikilvægt að Íslendingar vinni að því að gera enn betur í þessum málum og viðhaldi góðu orðspori sínu. Ferðamenn sem sækja Ísland heim geta flestir fundið upplifanir og ferðir við sitt hæfi. Þetta fjölbreytta landslag þýðir þó einnig að hættur leynast víða og því mikilvægt að ferðaþjónustuaðilar séu með öryggismál í lagi.

## 3.9. GAP greining

Þegar dregin eru saman helstu áherslur sem komu fram hjá svæðunum þá eru það helst náttúruvernd, krafa um bættar samgöngur, sjálfbærni í ferðaþjónustu, gæði og gæðamál, samtal og samvinna, gjaldtaka og stýring ferðamanna, öryggi og aðgengi, upplýsingagjöf og fræðsla, merkingar, ábyrg hegðun ferðamanna og síðast en ekki síst var rætt um áhrif ferðaþjónustu á samfélög, skort á áreiðanlegum hagtölum og rannsóknum í ferðaþjónustu.

### Samgöngur

Krafa um bættar samgöngur er rík enda mikilvægur þáttur í strjálbýlu landi, bæði hvað varðar viðhald og þjónustu. Með aukinni komu ferðamanna til landsins og breyttri ferðahegðun þar sem fleiri kjósa að ferðast á bílaleigubílum frekar en í skipulögðum ferðum í rútum hefur álagið á vegakerfið og umferðarþunginn aukist gríðarlega. Þar kemur öryggi á vegum sterkt inn því með aukinni umferð þá er nú á vegunum fólk með mismunandi reynslu af akstri. Góðar samgöngur eru grundvöllur fyrir því að ferðaþjónusta geti starfað.

**GAP:** Tryggja þarf góðar og öruggar samgöngur á landi, sjó og í lofti. Skilgreina þarf Herjólf sem hluta af Þjóðvegi 1 og tengja þannig Vestmannaeyjar enn betur við meginlandið. Vinna þarf reglulega í viðhaldi vega, flugvalla og hafna þannig að sem minnst röskun verði á samgöngum. Einnig þarf að huga að endurnýjun þar sem þörf krefur líkt og að tvöfalda Þjóðveg 1 frá Reykjavík að Selfossi og gera nýja brú yfir Ölfusá. Breikka veginn í 2+1 frá Selfossi að Hellu og setja á áætlun að breikka Þjóðveg 1 í 2+1 að Höfn. Útrýma þarf einbreiðum brúm.

### Náttúruvernd

Helsta ástæða þess að ferðamenn vilja heimsækja Ísland er náttúran en samkvæmt könnun meðal erlendra ferðamanna sem Ferðamálastofa lét gera sumarið 2016 kemur fram að 83% ferðamanna koma til Íslands vegna náttúrunnar (Ferðamálastofa, e.d.-b). Rík áhersla er á að náttúruvernd sé í forgrunni þegar kemur að ferðaþjónustu. Einnig er þar rætt um aðgengi og er mikil áhersla lögð á að það sé skilgreint fyrir hvert svæði fyrir sig og að aðgengi að náttúrunni sé aldrei á kostnað hennar heldur sé hugað að sjálfbærni og upplifun.

**GAP:** Skilgreina aðgengi hvers svæðis/ferðamannastaðar fyrir sig sérstaklega með tilliti til náttúru og minjaverndar.

## Áhrif ferðaþjónustu á samfélög

Áhrif ferðaþjónustu á samfélög eru margvísleg bæði jákvæð og neikvæð. Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu þegar þjónusta eykst á svæðinu. Þar má nefna bætta þjónustu í formi lengri opnunartíma, aukna afþreyingarmöguleika og fleiri veitingastaðir og kaffihús. Neikvæð áhrif geta birst þegar ferðaþjónustan og ferðamenn ganga of nærri samfélagi og menningu. Sem dæmi þegar aðgengi að íbúahúsnæði er af skornum skammti vegna þess að íbúðarhúsnæði á svæðinu er nýtt undir ferðamenn og þegar þjónusta er hugsuð út frá þörfum ferðamanna í stað þarfa íbúa.

**GAP:** Vinna þarf í að bæta ímynd ferðaþjónustunnar þar sem samfélagsleg þolmörk eru sem verst. Horfa þarf eftir skipulagi til lengri tíma með tilliti til mögulegrar fjölgunar íbúa á svæðinu vegna aukinna starfa. Samfélögin þurfa að taka vel á móti þeim sem flytjast á svæðið og leiðbeina þeim sem mögulega koma úr ólíkum menningarheimi þannig að staðbundin menning haldi sér eins og hægt er.

## Samtal og samvinna

Kallað er eftir samtali og samvinnu í greininni bæði innan greinarinnar og við aðra hagsmunaaðila svo sem á milli stjórnvalda, íbúa og annara atvinnugreina. Rætt var um skort á skilningi stjórnvalda á ferðaþjónustunni og þörfum hennar, þá sérstaklega á landsbyggðinni. Einnig var rætt um mikilvægi þess að samráð væri haft við hagaðila á landsbyggðinni áður en ákvarðanir eru teknar sem hafa áhrif á starfsemi og búsetu á landsbyggðinni. Mikil ánægja kom fram með að vinna við Áfangastaðaáætlun væri gerð inni á svæðunum. Samvinna og samtal hefur jákvæð áhrif og er mikilvægt þegar kemur að því að ferðaþjónustan byggist upp í sátt og samlyndi í samfélaginu.

**GAP:** Koma þarf á reglubundnum tækifærum þar sem ferðaþjónustan, stjórnvöld, íbúar og aðrar atvinnugreinar hafa tækifæri til að ræða og vinna betur saman. Auka þarf skilning stjórnvalda á ferðaþjónustunni og þörfum hennar.

## Gjaldtaka

Mikil umræða hefur verið um gjaldtöku á vinnufundum. Almennt hafa aðilar þá sýn að ekki verði rukkað fyrir aðgang að náttúruperlum en telja mikilvægt að sett verði á komugjöld. Komugjöldin yrðu þá nýtt til uppbyggingar og viðhalds á ferðamannastöðum og við náttúruperlur. Aðilar telja mikilvægt að ef komugjöld verða að veruleika að þá sé ekki rukkað fyrir upplifun í náttúru Íslands. Þetta snýst um heildarmynd gjaldtöku og heildræna sýn á það hvernig fjármagn er fengið til uppbyggingar og viðhalds á ferðamannastöðum og verndunar náttúru. Gjaldtaka hefur áhrif á upplifun gesta og er ólík eftir því hvort hún er á einum stað t.d. við komu til landsins eða á ferðamannastöðum víðsvegar um landið þar sem ekki er heildræn sýn eða stefna á milli mismundi sveitarfélaga varðandi gjaldtöku. Mikilvægt er að tekjur af komugjöldum verði skipt með jöfnum hætti niður á svæði og miðað við álag og þörf.

Varðandi gjaldtöku á bílastæðum og fyrir salernisaðstöðu í þjóðgörðum kemur fram að þær tekjur hafi breytt miklu þegar kemur að uppbyggingu og viðhaldi innan þjóðgarðanna. Því er velt upp að gjaldtaka þar gæti verið ásættanleg þó svo hún væri það ekki annarsstaðar.

**GAP:** Setja þarf á komugjöld og þurfa tekjur af þeim að skiptast með sanngjörnum hætti niður á sveitarfélögin. Setja heildræna stefnu gagnvart gjaldtöku.

## Stýring og dreifing ferðamanna

Mikið er talað um dreifingu ferðamanna og stýringu á ferðamannastöðum. Mikilvægt í þessu samhengi er að landshlutarnir og mismunandi svæði innan þeirra vinni saman til þess að fá ferðamenn til þess að stoppa lengur og ferðast lengra. Í þessu samhengi þarf einnig að vinna eftir ákveðinni stefnu og stuðla að uppbyggingu við ferðamannastaði til þess að koma í veg fyrir ágang við náttúruperlur og menningarsögulegar minjar. Mikilvægt er að greina hvar þörf er á uppbyggingu eða viðhaldi og síðan

hvaða staði þarf að hvíla og hvar eru nýir ferðamannastaðir. Nauðsynlegt er að taka upp stýringu á viðkvæmum svæðum en jafnframt að setja fram stefnu varðandi aðgengi og uppbyggingu til þess að takast á við aukinn fjölda ferðamanna.

**GAP:** Setja fram virka stýringu á helstu ferðamannastöðum, hvort sem það verði með betra skipulagi á staðnum (t.d. á gönguleiðum), dreifingu gesta yfir daginn, lokanir/takmarkanir vegna ágangs eða með aðgengi, til dæmis með því að færa bílastæði fjær náttúruperlunni/áfangastaðnum.

## Sjálfbær þróun

Mikil áhersla er lögð á mikilvægi sjálfbærrar þróunar í íslenskri ferðaþjónustu. Sjálfbær þróun snýst um að mæta þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Auk þess snýst sjálfbær þróun um að auka efnahagsleg verðmæti um leið og gæðum náttúrunnar er viðhaldið og mannréttindi efld fyrir alla jarðarbúa til langs tíma. Mikilvægt er að ferðaþjónustan sem skapar efnahagslega verðmæti þróist á sama tíma í sátt við samfélag og náttúru. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að auka gæði ferðaþjónustunnar og efla rannsóknir hvað varðar þolmörk náttúru, samfélaga og ferðamanna. Ferðamálastofnun Sameinuðu þjóðanna tileinkaði árinu 2017 sjálfbærri ferðaþjónustu og efnahagslegri þróun. Framtakinu var ætlað að styðja við breytingar í átt að aukinni sjálfbærni í ferðaþjónustu og þá sérstaklega varðandi stefnumótun stjórnvalda, starfshætti fyrirtækja og ábyrga ferðahegðun.

**GAP:** Auka við fræðslu um sjálfbæra þróun og opna betur á tækifæri fyrir ferðaþjónustufyrirtæki til að þróa sig í átt að meiri sjálfbærni.

## Ábyrg ferðahegðun

Rætt var um nauðsyn þess að auka ábyrga hegðun ferðamanna og leiðir sem myndu hvetja til þess. „*Icelandic Pledge*“ er verkefni sem Íslandsstofa setti á laggirnar sumarið 2017. Verkefnið snýr að ábyrgri ferðahegðun þar sem ferðamenn gefa loforð inn á vefnum Inspired by Iceland um að sýna ábyrgð í sinni ferðahegðun um landið. Loforðið snýr að því að virða náttúruna og skilja við hana eins og komið var að henni, aka ekki utan vega, tjalda á skilgreindum tjaldsvæðum, leggja ekki hvar sem er heldur nýta þar til gerða áningarstaði, að koma sér ekki í hættulegar aðstæður við myndatöku, nýta salernisaðstöðu og vera vel útbúinn á ferðalagi um Ísland í öllum veðrum (Íslandsstofa, e.d.).

**GAP:** Halda alls staðar vel á lofti verkefninu „*Icelandic Pledge*“ og þannig fræða og hvetja ferðamenn, innlenda sem erlenda, um ábyrga ferðahegðun.

## Gæði og gæðamál

Mikil áhersla er á gæðamál í ferðaþjónustu á Suðurlandi. Aðilar telja mikilvægt að auka gæði með því að taka upp samræmt gæðakerfi ferðaþjónustunnar, Vakann. Vakinn er samræmt gæðakerfi ferðaþjónustunnar á Íslandi og er markmiðið með honum að efla gæði, öryggi, aðbúnað starfsfólks og umhverfisvitund í ferðaþjónustu með handleiðslu og stuðningi, auk þess að byggja upp samfélagslega ábyrgð meðal ferðaþjónustufyrirtækja. Þó svo að Vakinn sé íslenskt gæðakerfi þá er það byggt á fyrirmynd gæðakerfis á Nýja Sjálandi, Qualmark. Með Vakanum er búið að staðfæra kerfið og aðlaga að umhverfi Íslands, einnig er hótelhluti Vakans unninn samkvæmt stöðlum evrópska Hotelstars kerfisins (Ferðamálastofa, e.d.-c). Vakinn veitir þátttakendum leiðsögn og leggur til margvísleg hjálpargögn og gátlista sem fyrirtæki geta nýtt til þess að bæta starfshætti og rekstur. Eitt af því er samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja sem var þáttur sem kom sterkt fram á fundum. Samfélagsleg ábyrgð snýr að því að fyrirtæki leggi sitt af mörkum til samfélagsins, að það sé jafnvægi á milli fyrirtækisins og samfélagsins meðal annars með því að skapa sameiginlegt virði fyrir fyrirtækið og samfélagið. Festa hefur útbúið greiningartól þar sem fyrirtæki geta gert huglægt mat á einstaka þáttum og séð hvernig þau standa gagnvart samfélagslegri ábyrgð (Festa Samfélagslegábyrgð fyrirtækja, e.d.).

**GAP:** Kynna reglulega og halda á lofti sameiginlegu gæðakerfi ferðaþjónustunnar, Vakinn, sem og því að fyrirtæki í ferðaþjónustu hugi vel að samfélagslegri ábyrgð.

### Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla

Fræðsla og upplýsingagjöf í ferðaþjónustu er grunnur að gæðum og jákvæðri upplifun ferðamanna. Mikilvægt er að efla menntun í ferðaþjónustu auk þess að efla fræðslu og vinna að bættri upplýsingagjöf til ferðamanna. Huga þarf sérstaklega að merkingum en gæta þarf að samræmi, tungumálum og almennt betri leiðbeiningum. Auka þarf við og bæta upplýsingaefni og leggja þarf áherslu á upplýsingaskilti frekar en bannskilti. Þörf er á meiri jákvæðni gagnvart greininni og því mikilvægt að bregðast við neikvæðri orðræðu með því til dæmis að efla fræðslu og upplýsa íbúa um jákvæð áhrif ferðaþjónustu í samfélaginu.

**GAP:** Samræma merkingar og leiðbeiningar á leiðbeininga- og upplýsingaskiltum þannig að íslenska sé ávallt fyrst og næsta tungumál sé enska, og mögulega hægt að bæta við fleiri tungumálum. Þörf er á að auka við fræðslu og efla menntun í ferðaþjónustunni.

### Öryggi og aðgengi

Huga þarf vel að öryggismálum á ferðamannastöðum og reyna þannig eftir fremsta megni að koma í veg fyrir slys á fólki. Þar sem náttúran hér á landi er margbreytileg og fer oft á tíðum sínar eigin leiðir þá er samt sem áður ekki hægt að koma að öllu leyti í veg fyrir slys. Grundvallarreglan er því sú að ferðamaðurinn ferðast um náttúru landsins á eigin ábyrgð. Öryggi í umferðinni er einnig mikilvægur þáttur og nauðsynlegt að bregðast við breyttu landslagi í umferðamálum hér á landi í tengslum við aukinn fjölda ferðamanna. Þar ber hæst mikilvægi þess að efla fræðslu til ferðamanna sem ferðast á eigin vegum um landið í bílaleigubílum og á húsbílum. Krafa er um að bílaleigur taki meiri ábyrgð og sjái um að fræða ferðamenn varðandi akstur áður en haldið er af stað. Krafa er um að bílaleigur taki meiri ábyrgð og sjái um að fræða ferðamenn varðandi akstur áður en haldið er af stað.

**GAP:** Gera þarf öryggisúttektir á helstu ferðamannastöðum til að sjá hvort og hvernig sé hægt að bæta öryggi þar sem við á. Einnig þarf að endurskoða vegakerfið með tillit til aukins umferðarþunga og hegðun ökumanna á vegum úti og bæta úr þar sem þörf er á.

### Rannsóknir og hagtölur

Mikilvægt er að efla rannsóknir í ferðaþjónustu og byggja stefnumótun og ákvarðanatöku á traustum upplýsingum. Efla þarf þolmarkarannsóknir bæði í tengslum við náttúru og samfélag. Auka þarf rannsóknir á ferðahegðun svo og markaðsrannsóknir. Hagtölur eru mjög mikilvægar fyrir greinina til þess að gefa rétta mynd af stöðu hennar og framtíðarhorfum. Áhyggjuefni er hvað hagtölum í ferðaþjónustu er ábótavant bæði hvað varðar samræmingu, greiningu niður á svæði og aðgengi.

**GAP:** Auka þarf við fjármagn og leggja meiri áherslu á reglubundnar rannsóknir á ferðahegðun, markaðsrannsóknir og þolmarkarannsóknir. Einnig þarf að bæta þann grunn sem nú er til staðar með helstu hagtölum greinarinnar. Taka þarf sérstakt tillit til samræmingar og möguleika á að keyra saman tölur frá mismunandi aðilum líkt og Ferðamálastofu, Ríkisskattstjóra, sýslumönnum og Heilbrigðiseftirliti svo að dæmi séu nefnd.

## 3.10. Helstu áskoranir

Eins og sést á greiningum hér að framan þá blasa við svæðinu ýmsar áskoranir sem mikilvægt er að takast á við. Finna þarf jafnvægi á milli samfélags, ferðaþjónustu og náttúru svo að allt gangi upp í sátt og samlyndi.

Þegar unnið var úr gögnum af fyrsta vinnufundi með vinnuhópum á hverju svæði kom fram mikil samlegð á milli svæða. Því voru dregin fram samræmd þemu úr gögnum vinnufundanna.




*Mynd 28 Tengsl yfirþema í verkefninu.*

Við þemagreiningu komu fram þrjú yfirþemu; samfélag, ferðaþjónusta og náttúra en mynd 28 sýnir tengsl þeirra. Það er í raun ekki hægt að slíta þessa þætti í sundur þegar við tölum um ferðaþjónustu því greinin byggir í raun á náttúrunni og hefur víðtæk áhrif bæði á náttúru og samfélag. Á heildina litið snýst Áfangastaðaáætlun Suðurlands um að halda jafnvægi á milli þessara þriggja þátta.

Undir þessi yfirþemu komu svo fram alls 13 undirþemu: Stefnumótun, regluverk, uppbygging, samvinna, gæði, upplýsingar og fræðsla, vegakerfið, áningarstaðir, íbúar, grunnþjónusta, verndun, aðgengi, menning og minjar; sjá mynd 29.




*Mynd 29 Þemu frá fyrsta fundi.*

Þegar skoðað er hvað kom fram á vinnufundum með vinnuhópum á hverju svæði þá tengjast helstu áskoranir á svæðunum sterkt þeim þemum sem greind voru út úr vinnugögnum. Þegar skoðaðar eru helstu áherslur og glufugreining (GAP) í köflunum hér að framan er hægt að sjá hverjar helstu áskoranir svæðisins eru. Samgöngur þarf að bæta, náttúruvernd og sjálfbærni á að vera í forgrunni í ferðaþjónustu. Efla þarf ábyrga ferðahegðun og lágmarka neikvæð áhrif ferðaþjónustu á samfélag og náttúru. Efla samtal og samvinnu og taka ákvörðun um gjaldtöku með hliðsjón af framlagi til svæðisins og upplifun

ferðamannsins. Leggja áherslu á gæði og góða þjónustu með áherslu á Vakann sem er gæðakerfi ferðaþjónustunnar. Bæta merkingar, efla upplýsingagjöf og fræðslu með áherslu á upplifun ferðamannsins og viðhorf heimamanna. Skilgreina aðgengi og efla öryggi ferðamanna og síðast en ekki síst efla rannsóknir og bæta hagtölur svo byggja megi stefnumótun og ákvarðanatöku á traustum upplýsingum.

# 4. Framtíðarmarkmið

Til að komast þangað sem svæðið ætlar sér er nauðsynlegt að setja fram framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og aðgerðaráætlun.

## 4.1. Framtíðarsýn Suðurlands

Mikilvægt er að vinna að framtíðarsýninni á sameiginlegum grunni þar sem allir helstu hagaðilar koma að vinnunni og áfangastaðaáætlunin þróuð með þeim. Mikilvægt er að ákveða hvort og hvernig ferðaþjónustan á að koma að samfélaginu og hagkerfinu, hvort hún á að auka við það eða hvort lágmarka þarf neikvæð áhrif.

Sýnin þarf að endurspegla þær væntingar sem gerðar eru til áfangastaðarins en þó að vera raunsæ. Einnig á hún að vera hvetjandi fyrir þá hagaðila sem starfa og/eða búa á svæðinu til að forgangsraða og byggja upp þar sem þarf til að ná settu marki innan þriggja ára.

**Sýnin þarf að:**

- gefa von – vera metnaðarfull, raunsæ og með framtíðaráherslu.
- gefa skýra hugmynd um hvernig framlag ferðaþjónustunnar getur verið inn í áfangastaðinn (efnahagsleg, félagsleg, söguleg, menningarleg, umhverfisleg sem og með tillit til atvinnu, ágóða, aðstöðu fyrir íbúa)
- auka skuldbindingu til sjálfbærni og ábyrgrar ferðaþjónustu (lágmarka neikvæð áhrif)
- vera lýsing á þeim breytingum sem við viljum sjá – hvar viljum við vera eftir 3 ár?
- sýna fram á sterka, sameiginlega skuldbindingu hagaaðila.

Upp úr vinnugögnum frá vinnuhópum var teiknuð upp framtíðarsýn fyrir hvert svæði fyrir sig. Þar sem framtíðarsýn allra þriggja svæðanna (vestur, mið og austur) voru í megindráttum eins var auðvelt að útfæra framtíðarsýn fyrir Suðurland í heild sinni.

Unnið var með framtíðarsýn hvers þema fyrir sig á vinnufundum sem verkefnastjórar drógu saman í eina framtíðarsýn fyrir Suðurland í ferðaþjónustu fyrir árið 2020; sjá mynd 30.

**Framtíðarsýn Suðurlands í ferðaþjónustu:**

Ferðaþjónusta á Suðurlandi er sjálfbær þar sem lögð er áhersla á heildræna þróun í sátt við náttúru og samfélag. Ferðaþjónustan er öflug atvinnugrein og samvinna ríkir á milli mismunandi hagsmunaaðila þar sem hugað er að gæðum, upplýsingagjöf og fræðslu.

- *Verndun náttúru og menningarsögulegra minja er í forgrunni er kemur að ferðaþjónustu þar sem hugað er að skýru og tryggu aðgengi að helstu náttúruperlum.*
- *Regluverk í ferðaþjónustu er skýrt og leiðir til jákvæðrar upplifunar heimamanna og gesta.*
- *Vegakerfið og samgöngur, á sjó, í lofti og landi, eru öruggar og hugsaðar heildrænt þar sem áningarstaðir eru vel úthugsaðir, merktir með viðeigandi þjónustu og upplýsingagjöf.*
- *Möguleikar til menntunar í ferðaþjónustu eru staðbundnir og fjölbreyttir.*
- *Grunnþjónusta er góð á svæðinu og íbúar eru jákvæðir í garð ferðamanna og ferðaþjónustunnar.*

*Mynd 30 Framtíðarsýn Suðurlands í ferðaþjónustu.*

## 4.2. Tengsl við aðra áætlanagerð

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem snertir flesta þætti íslensks samfélags og opinber stefnumótun stjórnvalda á flestum sviðum hefur því áhrif á greinina. Áfangastaðaáætlanir landshlutanna taka á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæða auk þess að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugaðar eru við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun ferðaþjónustunnar innan svæðisins. Því er mikilvægt að áfangastaðaáætlanir landshlutanna séu uppfærðar í takt við helstu stefnumótunarverkefni og áætlanir ríkis og sveitarfélaga og að sama skapi sé litið til áfangastaðaáætlana þegar opinber stefna stjórnvalda er unnin. Ferðaþjónustan hefur snertifleti við margar þeirra áætlana sem unnar eru á landsvísu og því afar mikilvægt að litið sé til áfangastaðaáætlana s.s. við gerð samgönguáætlunar, byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu og stefnumótunar ríkisvaldsins fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Þá er einnig mikilvægt að áfangastaðaáætlanir landshlutanna og Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vinni saman og séu uppfærðar í takt við hver aðra.

## 4.3. Meginmarkmið

Þegar búið var að draga fram framtíðarsýn voru unnin meginmarkmið upp úr framtíðarsýn hvers þema fyrir sig. Meginmarkmiðin eru yfirgripsmikil, sett fram í stuttum setningum og endurspegla framtíðarsýn. Markmið geta bæði verið huglæg og hlutlæg. Meginmarkmið eru yfirleitt huglæg sem leiða niður í hlutlæg starfsmarkmið sem eru SMART (SMART stendur fyrir sértækt, mælanlegt, aðlagandi, raunhæft og tímasett). Starfsmarkmiðin eru svo greind niður í skýrar aðgerðir. Aðgerðir segja til um *hvað þarf að gera, hver ber ábyrgð á aðgerðinni, hvenær á að framkvæma aðgerðina* og ef ástæða þykir, *hvernig á að standa að aðgerðinni.*




*Mynd 31 Meginmarkmið Áfangastaðaáætlunar DMP á Suðurlandi.*

Mynd 31 sýnir samantekt yfir þau meginmarkmið sem dregin hafa verið fram við gerð Áfangastaðaáætlunar DMP á Suðurlandi.

### 4.3.1. Samfélag

**Samgöngukerfið er öruggt.**

Samgöngukerfið var mikið rætt á vinnufundum, bæði ástand vega, þjónusta, almenningssamgöngur á landi og í lofti og samgöngur um LandeNyjahöfn til Vestmannaeyja svo dæmi séu tekin. Til að samfélagið



Markaðsstofa Suðurlands
FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

og ferðaþjónustan vinni sem best saman þurfa almenningssamgöngur, vegakerfið, þjónusta og viðhald að vera gott.

**Áningarstaðir eru hugsaðir heildrænt.**
Rætt var um að áningarstaðir væru hugsaðir heildrænt, með tilliti til merkinga, fræðslu, innviða, öryggis og útlits. Mikilvægt er að áningarstaðir séu með reglulegu millibili og að ferðamenn geti séð á merkingum hvað er langt í næsta áningarstað og þá hvaða þjónustustig hann býður upp á. Mögulega væri þá aðeins um að ræða myndatökustopp með bekk eða hægt að kaupa orkugjafa fyrir bílinn, kaupa veitingar, losa rusl og nota salerni svo að dæmi séu tekin.

**Grunnþjónusta er öflug.**
Mikil umræða fór fram á fundum um mikilvægi þess að grunnþjónusta sé öflug og í takt við þann fjölda sem er að meðaltali á svæðinu, íbúar og ferðamenn, en einskorðaðist ekki bara við skráðan íbúafjölda. Með grunnþjónustu er meðal annars átt við aðgengi að læknum, hjúkrunarfólki, lyfjaverslun og löggæslu. Einnig er átt við aðgengi að orkubúskap s.s. þriggja fasa rafmagni og vatni sé tryggt og að fjarskipti, bæði símasamband og háhraða nettenging, séu til staðar.

**Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu.**
Umræður fóru fram um þolmörk íbúa og viðhorf þeirra til ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að íbúar séu stoltir af sínu svæði og tali um það á jákvæðan hátt. Huga þarf að jafnvægi í samfélaginu á milli íbúa og ferðaþjónustunnar. Ferðaþjónustan skapar störf, virði og tækifæri fyrir þá íbúa sem eru á staðnum og styrkir þannig samfélagið. Með sterku samfélagi er líklegra að fólk flytjist inn á svæðið sem styrkir það enn frekar. Því er nauðsynlegt að draga fram þau jákvæðu áhrif sem ferðaþjónustan hefur á samfélagið sem dæmi aukin staðbundin þjónusta sem ekki væri í boði fyrir íbúa ef ekki væri fyrir ferðamenn á svæðinu.

### 4.3.2. Ferðaþjónusta

**Stefna í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru.**
Skipulagsmál og að unnið verði að þeim í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru komu sterkt fram. Kallað var eftir því að unnið verði markvissar að skipulagsmálum þar sem sérstaða svæðisins er dregin fram, hugað verði að náttúruvernd og umhverfisvænum kostum og unnið verði að samræmdri stefnumótun í uppbyggingu innviða svo að dæmi séu tekin. Einnig kom sterkt fram að unnið verði eftir áfangastaðaáætluninni eða hún að lágmarki höfð til viðmiðunar í stefnumörkun einstaka svæða. Einnig var stefna í gjaldtöku mikið rædd og kom þar sterkt fram vilji um að koma á komugjöldum í stað þess að rukkað verði inn á hvern stað fyrir sig. Mikilvægt er þó að huga að sanngjarnri skiptingu á milli svæða/sveitarfélaga á landsvísu sem endurspeglar þörf og nýtingu svæðis og innviða þess.

**Regluverk er skýrt.**
Það kom sterkt fram mikilvægi þess að regluverkið sé skýrt, hvað má og hvað má ekki og ekki síst að reglur á milli svæða verði samræmdar. Í tengslum við það var rætt um mikilvægi þess að reglur og leiðbeiningar séu settar skýrt fram, bæði myndrænt og á helstu tungumálum. Sérstaklega er það mikilvægt að koma reglum um tjöldun, gistingu, utanvegaakstur og almennar umgengisvenjur til ferðamanna.

**Eftirlit með reglum/lögum er virkt.**
Ekki er nægilegt að regluverkið sé skýrt heldur þarf eftirlitið að vera virkt. Því þarf að efla allt eftirlit sem er fyrir og huga að því að eftirlitsaðilar hafi það vægi sem þeim ber svo að ferðamenn og aðrir taki mark á þeim. Einnig þarf eftirlit með uppbyggingu, framkvæmdum og rekstraraðilum að vera öflugt.

**Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu.**
Rætt var um mikilvægi þess að uppbygging svæða/sveitarfélaga byggist á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu. Með því er átt við að miða skuli uppbygginguna bæði við íbúa og ferðamenn í sátt við umhverfið og samfélagið þar sem áætlanir eru gerðar til lengri tíma.

**Samtal og samvinna innan svæðisins eru virk.**
Kallað er eftir auknu samtali og samvinnu milli ólíkra atvinnugreina þannig að aukinn skilningur myndist á milli aðila. Til dæmis þurfa ferðaþjónustuaðilar, Markaðsstofa Suðurlands, íbúar, fræðasamfélögin, sveitarfélögin og þjóðgarður/jarðvangur að eiga markvisst samtal.

**Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður.**
Sterkt kom fram á fundum mikilvægi þess að stjórnvöld auki skilning sinn á ferðaþjónustunni og þörfum hennar. Einnig er mikilvægt að skilningur sé á að ákvarðanir séu teknar í góðu samtali við landsbyggðina/svæðin þar sem ekki eru alltaf sömu forsendur fyrir hendi þegar ákvarðanir eru teknar fyrir hvort ákvörðunin sé tekin með forsendur Höfuðborgarinnar eða einstaka landssvæða. Jafnvel eru forsendur ekki þær sömu innan landsvæðis heldur þarf að huga að nærumhverfinu.

**Gæði á svæðinu eru góð.**
Mikið var rætt um mikilvægi þess að nýta samræmt gæðakerfi til að auka við gæðin og gæðavitund á svæðinu. Þar kom Vakinn sterkt inn, að kynna hann betur og gera betur grein fyrir hvað gott gæðakerfi getur gert fyrir fyrirtækin og þar af leiðandi svæðin er varðar til að mynda öryggi, gæði, upplýsingagjöf, fagmennsku, umhverfisvitund, starfsmannahald og vinnuaðstöðu.

**Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er góð.**
Rætt var um mikilvægi þess að upplýsingagjöf til ferðamanna sem og innan svæðis sé öflug og samræmd, að merkingar og skilti séu vel hönnuð, hugað sé að staðsetningu og að þau séu upplýsandi. Mikilvægi menntunar og fræðslu í ferðaþjónustu kom einnig sterkt fram, bæði í formi styttri námskeiða og heildstæðs náms. Haga þarf fræðslunni þannig að þeir sem vinna í ferðaþjónustunni geti sótt sér auka menntun eða fræðslu í nærumhverfi. Einnig var komið inn á mikilvægi þess að kynna ferðaþjónustuna og tækifærin þar fyrir ungu fólki sem enn er í námi.

### 4.3.3. Náttúra og menningarminjar

**Náttúruvernd er í forgrunni í ferðaþjónustu.**
Mikið var rætt um að efla náttúruvernd með stefnumótun, umhverfis- og loftlagsstefnu þar sem hugað er að eflingu landvörslu, stýringu á umferðarflæði, fræðslu, upplýsingagjöf og forvörnum í umgengni við náttúruna og þeim hættum sem eru til staðar. Einnig er mikilvægt að viðeigandi innviðir líkt og salerni, sorplosun og bílastæði séu til staðar þar sem það á við. Ræddir voru möguleikar á að starfsheitið leiðsögumaður verði lögverndað og að skylt verði að nýta leiðsögumenn sem hafa þar til greinda menntun í leiðsögn á Íslandi sem hefðu leyfi yfirvalda til að leiðsegja ferðamönnum.

**Eftirlit með náttúruvernd er gott.**
Það kom sterkt fram að ekki væri nægilegt að hafa regluverk skýrt heldur einnig sé mikilvægt að eftirlitið á ferðamannastöðum og við náttúruperlur sé virkt. Það er öflug landvarsla sem er sýnileg, sem og löggæsla þar sem við á.

**Aðgengi er skilgreint fyrir hvert svæði.**

Vinnuhópar voru sammála um mikilvægi þess að skilgreina hvernig aðgengi eigi við fyrir hvert svæði. Hvað á að vera í almannaleið og hverju á að vera erfiðara að komast að? Þar kemur að aðgangsstýringu með göngustígum, merkingum, árstíðarbundnum takmörkunum og staðsetningu innviða við svæðin. Einnig var rætt um að draga betur fram þá staði sem þola mikinn ágang og „endurnýja“ sig líkt og fjörur sem dæmi.

**Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd.**

Verndun menningarsögulegra minja og að efla menningu og ekki síst matarmenningu á svæðunum kom sterkt fram. Þar liggja mikil tækifæri ekki síst í að auka fjölbreytni og styrkja samvinnu á milli ólíkra atvinnugreina (landbúnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta svo að dæmi séu tekin) á svæðunum.

### 4.3.4. Forgangsröðun markmiða

**Suðurland í heild:** Þó svo að meginmarkmið svæðanna væru öll þau sömu þá kom í ljós þegar þeim var forgangsraðað á hverju svæði fyrir sig að það er blæbrigðamunur á áherslum eftir svæðum.

Þegar forgangsröðun meginmarkmiðana var tekin saman í heild sinni fyrir Suðurland þá röðuðust þau efstu fimm þannig að efst var *Grunnþjónusta er öflug*, næst mikilvægast er *Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu*, *Samgöngukerfið er öruggt* er í þriðja sæti, þar næst *Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður* og í fimmta sæti *Stefna í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru*. Í töflu 20 sést forgangsröðun meginmarkmiða í heild sinni fyrir Suðurland.

*Tafla 20 Forgangsröðun meginmarkmiða á Suðurlandi.*

| Forgangsröðun meginmarkmiða á Suðurlandi | |
|---|---|
| 1 | Grunnþjónusta er öflug |
| 2 | Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu |
| 3 | Samgöngukerfið er öruggt |
| 4 | Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður |
| 5 | Stefna í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru |
| 6 | Regluverk er skýrt |
| 7 | Samtal og samvinna innan svæðisins er virkt |
| 8 | Náttúruvernd er í forgrunni í ferðaþjónustu |
| 9 | Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu |
| 10 | Eftirlit með náttúruvernd er gott |
| 11 | Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er góð |
| 12 | Gæði á svæðinu eru góð |
| 13 | Áningarstaðir eru hugsaðir heildrænt |
| 14 | Eftirlit með regluverki er virkt |
| 15 | Aðgengi er skilgreint fyrir hvert svæði |
| 16 | Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd |

Þegar forgangsröðun meginmarkmiða á svæðunum þremur er borin saman þá sést að það eru ekki endilega sömu áherslur á öllum svæðunum; sjá töflu 21. Sem dæmi þá er á vestursvæðinu efsta markmiðið *Samgöngukerfið er öruggt*, á svæði Kötlu Jarðvangs og Vestmannaeyjum er það *Grunnþjónusta er öflug* og í Ríki Vatnajökuls *Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður*.

*Tafla 21 Forgangsröðun meginmarkmiða eftir svæðum.*

| Meginmarkmið - forgangsröðun | | |
|---|---|---|
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| Samgöngukerfið er öruggt | Grunnþjónusta er öflug | Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður |
| Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu | Náttúruvernd er í forgrunni í ferðaþjónustu | Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu |
| Grunnþjónusta er öflug | Samgöngukerfið er öruggt | Grunnþjónusta er öflug |
| Regluverk er skýrt | Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu | Samgöngukerfið er öruggt |
| Stefna í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru | Samtal og samvinna innan svæðisins er virkt | Stefna í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru |
| Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður | Eftirlit með náttúruvernd er gott | Regluverk er skýrt |
| Samtal og samvinna innan svæðisins er virkt | Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu. | Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er góð |
| Áningarstaðir eru hugsaðir heildrænt | Stefna í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru | Samtal og samvinna innan svæðisins er virkt |
| Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu. | Regluverk er skýrt | Náttúruvernd er í forgrunni í ferðaþjónustu |
| Náttúruvernd er í forgrunni í ferðaþjónustu | Gæði á svæðinu eru góð. | Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu. |
| Eftirlit með náttúruvernd er gott | Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er góð | Eftirlit með náttúruvernd er gott |
| Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er góð | Eftirlit með regluverki er virkt | Gæði á svæðinu eru góð. |
| Gæði á svæðinu eru góð. | Aðgengi er skilgreint fyrir hvert svæði | Eftirlit með regluverki er virkt |
| Eftirlit með regluverki er virkt | Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður | Áningarstaðir eru hugsaðir heildrænt |
| Aðgengi er skilgreint fyrir hvert svæði | Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd | Aðgengi er skilgreint fyrir hvert svæði |
| Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd | Áningarstaðir eru hugsaðir heildrænt | Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd |

## 4.4. Starfsmarkmið

Þegar unnið var í forgangsröðun starfsmarkmiða þá kom í ljós að áherslur svæðanna eru ekki endilega þær sömu. Töflur 22 – 37 sýna forgangsröðun starfsmarkmiða niður á svæðin.

*Tafla 22 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Grunnþjónusta er öflug.*

| Samfélag - Grunnþjónusta | | |
|---|---|---|
| **Grunnþjónusta er öflug** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Viðeigandi löggæsla verður í sveitarfélaginu með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.* | *Heilbrigðisþjónusta verður til staðar í sveitarfélaginu með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.* | *Heilbrigðisþjónusta verður til staðar í sveitarfélaginu með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.* |
| *Almannavarnir, björgunarsveitir og landverðir eru til staðar.* | *Tryggja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis eftir þörfum á þremur árum.* | *Almannavarnir, björgunarsveitir og landverðir eru til staðar.* |
| *Heilbrigðisþjónusta verður til staðar í öllum sveitarfélögum með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.* | *Örugg fjarskipti í öllum sveitarfélögum.* | *Tryggja orkubúskap í öllum fyrirtækjum og á öllum heimilum.* |
| *Tryggja orkubúskap í öllum fyrirtækjum og á öllum heimilum.* | *Viðeigandi löggæsla verður í öllum sveitarfélögum með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.* | *Tryggja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis eftir þörfum.* |
| *Tryggja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis eftir þörfum.* | *Vinna markvisst að umhverfismálum í öllum sveitarfélögum á næstu þremur árum* | *Örugg fjarskipti í sveitarfélaginu.* |
| *Örugg fjarskipti í öllum sveitarfélögum.* | *Unnið er markvisst að því á næstu þremur árum að efla samvinnu atvinnulífs og skólasamfélags.* | *Viðeigandi löggæsla verður í sveitarfélaginu með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.* |
| *Vinna markvisst að umhverfismálum í öllum sveitarfélögum.* | *Tryggja orkubúskap í öllum fyrirtækjum og á öllum heimilum.* | *Vinna markvisst að umhverfismálum í sveitarfélaginu.* |
| *Unnið er markvisst að því að efla samvinnu atvinnulífs og skólasamfélags.* | *Almannavarnir, björgunarsveitir og landverðir eru til staðar* | *Unnið er markvisst að því að efla samvinnu atvinnulífs og skólasamfélags.* |
| | | *Unnið er markvisst að því á næstu þremur árum að póstþjónusta og orkuafgreiðsla verði góð á svæðinu.* |



Markaðsstofa Suðurlands
FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

*Tafla 23 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu.*

| Ferðaþjónusta - Uppbygging | | |
|---|---|---|
| **Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Uppbygging er í sátt við umhverfi og samfélag.* | *Uppbygging miðast áþreifanlega við íbúa og ferðamenn.* | *Uppbygging er í sátt við umhverfi og samfélag.* |
| *Uppbygging miðast áþreifanlega við íbúa og ferðamenn.* | *Uppbygging er í sátt við umhverfi og samfélag.* | *Uppbygging miðast áþreifanlega við íbúa og ferðamenn.* |
| *Markviss uppbygging áfangastaða hafin innan allra sveitarfélaga.* | *Markviss uppbygging áfangastaða hafin innan allra sveitarfélaga.* | *Markviss uppbygging hafin innan allra svæða sveitarfélagsins.* |

*Tafla 24 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Samgöngukerfið er öruggt.*

| Samfélag - Samgöngur | | |
|---|---|---|
| **Samgöngukerfið er öruggt** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Breikka vegi með tilliti til umferðaþunga þ.e. bíla, gangandi og hjólandi vegfarenda.* | *Breikka vegi með tilliti til umferðarþunga þ.e. bíla, gangandi og hjólandi vegfarenda.* | *Útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi 1 í áföngum fyrir árið 2028* |
| *Þarfagreina þjónustu árstíðabundið og halda vegum greiðfærum allt árið um kring.* | *Þarfagreina þjónustu árstíðabundið og halda vegum greiðfærum allt árið um kring.* | *Breikka vegi með tilliti til umferðaþunga þ.e. bíla, gangandi og hjólandi vegfarenda.* |
| *Samgöngum er markvisst viðhaldið með tilliti til notkunar árlega.* | *Samgöngur á sjó til Vestmannaeyja teljist til þjóðvegar árið 2019.* | *Samgöngum er markvisst viðhaldið með tilliti til notkunar árlega.* |
| *Samgöngur eru endurnýjaðar með tilliti til notkunar árlega.* | *Samgöngum er markvisst viðhaldið með tilliti til notkunar árlega.* | *Samgöngur eru endurnýjaðar með tilliti til notkunar árlega.* |
| *Útrýma einbreiðum brúm í áföngum fyrir árið 2028* | *Samgöngur eru endurnýjaðar með tilliti til notkunar árlega.* | *Þarfagreina þjónustu árstíðabundið og halda vegum greiðfærum allt árið um kring.* |
| *Byggja upp og viðhalda innanlandsflugvöllum.* | *Útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi 1 í áföngum fyrir árið 2028* | |
| | *Byggja upp og viðhalda innanlandsflugvöllum.* | |



Markaðsstofa Suðurlands
FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

*Tafla 25 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður.*

| Ferðaþjónusta - Samvinna | | |
|---|---|---|
| **Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Vinna að því að auka skilning stjórnvalda á ferðaþjónustu á Suðurlandi.* | *Vinna að því að auka skilning stjórnvalda á ferðaþjónustu á Suðurlandi.* | *Vinna að því að auka skilning stjórnvalda á ferðaþjónustu á Suðurlandi.* |

*Tafla 26 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Stefna er í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru.*

| Ferðaþjónusta - Stefnumótun | | |
|---|---|---|
| **Stefna er í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Móta stefnu um dreifingu tekna af ferðaþjónustu milli ríkis og sveitarfélaga.* | *Móta stefnu varðandi gjaldtöku.* | *Skipulag sveitarfélagsins leiðir til uppbyggingar og tekur til allra þátta samfélagsins.* |
| *Skipulag sveitarfélaga leiðir til uppbyggingar og tekur til allra þátta samfélagsins.* | *Skipulag sveitarfélaga leiðir til uppbyggingar og tekur til allra þátta samfélagsins.* | *Móta stefnu um dreifingu tekna af ferðaþjónustu milli ríkis og sveitarfélaga.* |
| *Unnið eftir Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurland.* | *Móta stefnu um dreifingu tekna af ferðaþjónustu milli ríkis og sveitarfélaga.* | *Móta stefnu varðandi gjaldtöku.* |
| *Móta stefnu varðandi gjaldtöku.* | *Unnið eftir Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurland.* | *Unnið eftir Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurland.* |

*Tafla 27 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Regluverk er skýrt.*

| Ferðaþjónusta - Regluverk | | |
|---|---|---|
| **Regluverk er skýrt** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Unnið að því að regluverk leiði til samfélagslegrar þróunar, verndunar náttúru og jákvæðrar uppbyggingar til framtíðar.* | *Unnið að því að regluverk leiði til samfélagslegrar þróunar, verndunar náttúru og jákvæðrar uppbyggingar til framtíðar.* | *Setja fram heildstætt regluverk varðandi gjaldtöku og aðgangsstýringu á ferðamannastöðum sem kemur samfélagi og náttúru til góða.* |
| *Setja fram heildstætt regluverk varðandi gjaldtöku og aðgangsstýringu á ferðamannastöðum sem kemur samfélagi og náttúru til góða.* | *Gera reglur og leiðbeiningar upplýsandi og aðgengilegar.* | *Unnið að því að regluverk leiði til samfélagslegrar þróunar, verndunar náttúru og jákvæðrar uppbyggingar til framtíðar.* |
| *Gera reglur og leiðbeiningar upplýsandi og aðgengilegar.* | *Setja fram heildstætt regluverk varðandi gjaldtöku og aðgangsstýringu á ferðamannastöðum sem kemur samfélagi og náttúru til góða.* | *Gera reglur og leiðbeiningar upplýsandi og aðgengilegar.* |

*Tafla 28 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Samtal og samvinna innan svæðisins er virkt.*

| Ferðaþjónusta - Samvinna | | |
|---|---|---|
| **Samtal og samvinna innan svæðisins er virkt** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Auka samtal og samvinnu milli ferðaþjónustuaðila innan sem utan svæðis, fræðasamfélagsins, þjóðgarðsins á Þingvöllum, íbúa, sveitarfélaga á svæðinu sem og annarra atvinnugreina.* | *Auka samtal og samvinnu milli ferðaþjónustuaðila innan sem utan svæðis, fræðasamfélagsins, Kötlu Jarðvangs, Vatnajökulsþjóðgarðs, íbúa, sveitarfélaga á svæðinu sem og annarra atvinnugreina.* | *Auka samtal og samvinnu milli ferðaþjónustuaðila innan sem utan svæðis, fræðasamfélagsins, Vatnajökulsþjóðgarðs, íbúa, sveitarfélagsins sem og annarra atvinnugreina.* |

*Tafla 29 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Náttúruvernd er í forgrunni í ferðaþjónustu.*

| Náttúra og menningarminjar - Náttúruvernd | | |
|---|---|---|
| **Náttúruvernd er í forgrunni í ferðaþjónustu** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Efla uppbyggingu til verndar náttúru.* | *Efla náttúruvernd.* | *Auka fjármagn til náttúruverndar.* |
| *Efla landvörslu og faglega fræðslu til verndar náttúru.* | *Auka fjármagn til náttúruverndar.* | *Efla landvörslu og faglega fræðslu til verndar náttúru.* |
| *Auka fjármagn til náttúruverndar.* | *Efla uppbyggingu til verndar náttúru.* | *Efla uppbyggingu til verndar náttúru.* |
| *Efla náttúruvernd.* | *Efla landvörslu og faglega fræðslu til verndar náttúru.* | *Efla náttúruvernd.* |

*Tafla 30 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu.*

| Samfélag - Íbúar | | |
|---|---|---|
| **Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.* | *Bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.* | *Bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.* |
| *Efla jákvætt viðhorf íbúa til ferðaþjónustu.* | *Efla jákvætt viðhorf íbúa til ferðaþjónustu.* | *Efla jákvætt viðhorf íbúa til ferðaþjónustu.* |
| *Aðlaðandi samfélög á svæðinu þar sem gott er að búa og vinna.* | *Aðlaðandi samfélög á svæðinu þar sem gott er að búa og vinna.* | *Aðlaðandi samfélög á svæðinu þar sem gott er að búa og vinna.* |

*Tafla 31 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Eftirlit með náttúruvernd er gott.*

| Náttúra og menningarminjar - Náttúruvernd | | |
|---|---|---|
| **Eftirlit með náttúruvernd er gott** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Virkt eftirlit er á ferðamannastöðum og við náttúruperlur.* | *Virkt eftirlit er á ferðamannastöðum og við náttúruperlur.* | *Virkt eftirlit er á ferðamannastöðum og við náttúruperlur.* |

*Tafla 32 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er góð.*

| Ferðaþjónusta - Upplýsingagjöf og fræðsla | | |
|---|---|---|
| **Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er góð** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Koma á menntun og fræðslu í ferðaþjónustu sem tekur mið af þörfum greinarinnar og uppfyllir kröfur Vakans.* | *Efla upplýsingagjöf og auka vitund um náttúru- og umhverfisvernd til ferðamanna og heimamanna.* | *Koma á menntun og fræðslu í ferðaþjónustu sem tekur mið af þörfum greinarinnar og uppfyllir kröfur Vakans.* |
| *Efla og samræma upplýsingagjöf til ferðamanna.* | *Setja upp merkingar og skilti sem eru vel hönnuð, rétt staðsett og upplýsandi.* | *Efla upplýsingagjöf og auka vitund um náttúru- og umhverfisvernd til ferðamanna og heimamanna.* |
| *Efla upplýsingagjöf við þjóðveginn.* | *Efla og samræma upplýsingagjöf til ferðamanna.* | *Efla upplýsingagjöf við þjóðveginn.* |
| *Setja upp merkingar og skilti sem eru vel hönnuð, rétt staðsett og upplýsandi.* | *Efla upplýsingagjöf við þjóðveginn.* | *Auka vitund íbúa og efla fræðslu til þeirra um áhrif ferðaþjónustu.* |
| *Efla upplýsingagjöf og auka vitund um náttúru- og umhverfisvernd til ferðamanna og heimamanna.* | *Auka vitund íbúa og efla fræðslu til þeirra um áhrif ferðaþjónustu.* | *Setja upp merkingar og skilti sem eru vel hönnuð, rétt staðsett og upplýsandi.* |
| *Auka vitund íbúa og efla fræðslu til þeirra um áhrif ferðaþjónustu.* | *Koma á menntun og fræðslu í ferðaþjónustu sem tekur mið af þörfum greinarinnar og uppfyllir kröfur Vakans.* | *Efla og samræma upplýsingagjöf til ferðamanna.* |

Tafla 33 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Gæði á svæðinu eru góð.

| Ferðaþjónusta - Gæði | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Gæði á svæðinu eru góð | | | | |
| Vestursvæði | | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | | Ríki Vatnajökuls |
| *Hagsmunaaðilar sammælist um að nota Vakann, gæðakerfi ferðaþjónustunnar.* | | *Vinna að aukinni gæðavitund á svæðinu.* | | *Efla rannsóknir í ferðaþjónustu.* |
| *Samræma gæði þjónustu og verð.* | | *Efla rannsóknir í ferðaþjónustu.* | | *Hagsmunaaðilar sammælist um að nota Vakann, gæðakerfi ferðaþjónustunnar.* |
| *Vinna að aukinni gæðavitund á svæðinu.* | | *Hagsmunaaðilar sammælist um að nota Vakann, gæðakerfi ferðaþjónustunnar.* | | *Samræma gæði þjónustu og verð.* |
| *Efla rannsóknir í ferðaþjónustu.* | | *Samræma gæði þjónustu og verð.* | | *Vinna að aukinni gæðavitund á svæðinu.* |

Tafla 34 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Áningarstaðir eru hugsaðir heildrænt.

| Samfélag – Áningarstaðir við þjóðveg | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Áningarstaðir eru hugsaðir heildrænt | | | | |
| Vestursvæði | | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | | Ríki Vatnajökuls |
| *Uppbyging og staðsetning áningarstaða ákveðin með tilliti til náttúru, menningarminja, öryggis og útsýnis.* | | *Uppbyging og staðsetning áningarstaða ákveðin með tilliti til náttúru, menningarminja, öryggis og útsýnis.* | | *Uppbyging og staðsetning áningarstaða ákveðin með tilliti til náttúru, menningarminja, öryggis og útsýnis.* |
| *Aðgengi, þjónusta og upplýsingagjöf sé góð á áningarstöðum.* | | *Vinna að fjölgun áningarstaða við þjóðvegi.* | | *Aðgengi, þjónusta og upplýsingagjöf sé góð á áningarstöðum.* |
| *Vinna að fjölgun áningarstaða við þjóðvegi.* | | *Aðgengi, þjónusta og upplýsingagjöf sé góð á áningarstöðum.* | | *Vinna að fjölgun áningarstaða við þjóðvegi.* |

Tafla 35 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Eftirlit með regluverki er virkt.

| Ferðaþjónusta - Regluverk | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Eftirlit með regluverki er virkt | | | | |
| Vestursvæði | | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | | Ríki Vatnajökuls |
| *Vinna að því að eftirlit með regluverki sé öflugt.* | | *Vinna að því að eftirlit með regluverki sé öflugt.* | | *Vinna að því að eftirlit með regluverki sé öflugt.* |

*Tafla 36 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Aðgengi er skilgreint fyrir hvert svæði.*

| Náttúra og menningarminjar - Aðgengi | | |
|---|---|---|
| **Aðgengi er skilgreint fyrir hvert svæði** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Stýring og/eða takmörkun á hættulegum og viðkvæmum svæðum.* | *Móta stefnu um aðgengi.* | *Móta stefnu um aðgengi.* |
| *Byggja upp vel merkta og vel hannaða göngustíga.* | *Byggja upp vel merkta og vel hannaða göngustíga.* | *Stýring og/eða takmörkun á hættulegum og viðkvæmum svæðum.* |
| *Móta stefnu um aðgengi.* | *Stýring og/eða takmörkun á hættulegum og viðkvæmum svæðum.* | *Byggja upp vel merkta og vel hannaða göngustíga.* |
| *Draga fram staði sem þola mikinn ágang og eru öryggir.* | | |

*Tafla 37 Forgangsröðun starfsmarkmiða undir Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd.*

| Náttúra og menningarminjar – Menning og minjar | | |
|---|---|---|
| **Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd** | | |
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls |
| *Vernda menningarsögulegar minjar.* | *Vernda menningarsögulegar minjar.* | *Vernda menningarsögulegar minjar.* |
| *Efla menningu á svæðinu.* | *Efla menningu á svæðinu.* | *Efla menningu á svæðinu.* |
| *Efla matarmenningu á svæðinu.* | *Efla matarmenningu á svæðinu.* | *Efla matarmenningu á svæðinu.* |

# 5. Stefna og aðgerðaráætlun

## 5.1 Hvernig ferðaþjónustu viljum við?

Á Suðurlandi er kjörið að dvelja í nokkra daga til þess að njóta til fulls alls þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Mikilvægt er að fá ferðamenn til þess að dvelja á Suðurlandi og ferðast út frá svæðinu. Samvinna skiptir miklu máli til þess að fá ferðamenn til að dvelja lengur og þannig auka margfeldisáhrif á svæðinu. Bæði þurfa hagsmunaaðilar innan hvers svæðis að vinna saman til þess að fá ferðamenn til að stoppa og nýta þjónustu á svæðinu en einnig þurfa hagsmunaaðilar að vinna saman á Suðurlandi í heild sinni til þess að fá ferðamenn sem dvalið hafa á einu svæði til þess að dvelja einnig á næsta svæði þannig að Suðurland í heild sinni njóti góðs af. Mikilvægt er að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu á svæðinu, laða að ferðamenn sem sýna ábyrga ferðahegðun og bera virðingu fyrir náttúru og menningu á svæðinu. Suðurland er matarkista og eru tækifæri fólgin í því um allt svæðið að þróa ferðaþjónustu í tengslum við landbúnað og sjávarútveg með áherslu á matarupplifun. Nauðsynlegt er að veita ferðamönnum góðar og áreiðanlegar upplýsingar við komu á svæðið og eins þegar ferðast er um svæðið og til þess að ná til þeirra þarf að byggja upp öflugar upplýsingamiðstöðvar og gestastofur. Við viljum leggja áherslu á samstarf og samvinnu upplýsingamiðstöðva til þess að samræma upplýsingagjöf á svæðinu og í því sambandi þurfum við að efla menntun og svæðisbundna þekkingu starfsfólks. Byggja þarf markvisst upp gæði og samfélagsábyrgð í öllu starfi ferðaþjónustufyrirtækja og leggja áherslu á gæði umfram magn.

## Vestursvæði:

Á vestursvæði er löng hefð fyrir ferðaþjónustu bæði fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Erlendir ferðamenn hafa löngum sóst í að fara Gullna hringinn og innlendir ferðamenn hafa í gegnum árin notið þess að dvelja á svæðinu en í uppsveitum Árnessýslu er stærsta sumarhúsabyggð á Íslandi. Áratuga reynsla í móttöku gesta og gestrisni heimamanna er dýrmæt fyrir ferðaþjónustuna sem atvinnugrein. Svæðið nýtur góðs af nálægð við höfuðborgina og alþjóðaflugvöllinn í Keflavík. Einnig eru samgöngur á svæðinu góðar og eftir að Suðurstrandarvegur opnaði hafa myndast tækifæri fyrir sterkari tengsl við Reykjanesið. Á vestursvæði er stórbrotin náttúra og á svæðinu eru nokkrir af stærstu seglum íslenskrar ferðaþjónustu en þar ber helst að nefna Gullfoss, Geysi og Þingvelli auk fjölda annarra staða sem ferðamenn leitast eftir að heimsækja.

Á vestursvæði er markmiðið að fá ferðamenn til þess að dvelja í 3-4 daga og ferðast um svæðið. Mikil áhersla er á gæði og góða þjónustu og er fjölbreytni mikil hvað varðar gistingu og afþreyingu en einnig eru möguleikar fyrir matarupplifun fjölbreyttir. Auðvelt er að njóta afþreyingar að kvöldi til á svæðinu en veitinga- og kaffihús eru fjölmörg og hafa gott orðspor.

Mikilvægt er að laða að ferðamenn sem bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru, sækja í sögu, menningu og mannlíf á svæðinu og vilja gefa sér tíma til þess að slaka á og njóta. Bæði þarf að huga að erlendum sem og innlendum ferðamönnum sem sótt hafa svæðið heim um langan tíma. Mikilvægt er að bjóða upp á fjölbreytni og á sama tíma eru fjölmörg tækifæri í að bjóða upp á sérhæfða ferðaþjónusta á svæðinu s.s. ljósmyndun, fuglaskoðun, hellaskoðun o.fl.

Á vestursvæði er stundaður landbúnaður í miklum mæli og felast tækifæri í því að tengja ferðaþjónustu enn frekar við þá atvinnugrein og þá sérstaklega þegar hugað er að matarupplifun. Hestamennska er einnig stunduð af miklum krafti á vestursvæði og er ferðaþjónusta tengd hestamennsku mjög einkennandi fyrir svæðið.

Mikil orka er á vestursvæði og nóg af jarðhita og heitu vatni. Ferðamenn sem eru tilbúnir að gefa sér tíma og njóta geta upplifað náttúru, orku, menningu og mannlíf með því að heimsækja sundlaugar og náttúrulaugar á svæðinu.

Fagmennska og gæði í ferðaþjónustu á vestursvæði hafa verið sterk en mikil áhersla er á og vilji til að viðhalda þessum gæðum og auka fagmennsku í greininni með aukinni menntun starfsfólks. Þetta kallar á aukna samvinnu við skólasamfélagið og símenntunarmiðstöðvar á svæðinu.

## Katla jarðvangur:

Á miðsvæðinu er Katla jarðvangur auk Vestmannaeyja. Katla jarðvangur einkennist af sérstæðu náttúrufari, eldvirkni í bland við jöklaumhverfi, fossa, fjölbreyttar bergmyndanir og jarðminjar með mikilvægi á heimsvísu. Þrjú sveitarfélög mynda jarðvanginn og vilja líta á svæðið sem eina heild þannig að gestir fái að upplifa menningu, sögu, jarðfræði og samfélagið á svæðinu í heild sinni. Vestmannaeyjar samanstanda af 14 eyjum auk 30 dranga og skerja en stærst er Heimaey og er hún sú eina sem er í byggð. Vestmannaeyjar liggja um 10 km suður undan Landeyjasandi og einkennast einnig af eldvirkni, stórbrotinni sögu um eldgos í byggð og fjölskrúðugu fuglalífi. Mikill styrkur er í jarðvangnum og fjölmörg tækifæri felast í sterkari tengslum jarðvangsins við ferðaþjónustu á svæðinu. Einnig eru fjölmörg tækifæri sem felast í sterkari tengingu Kötlu jarðvangs og Vestmannaeyja en þegar ferðamenn eru komnir á miðsvæðið þarf að leggja áherslu á að næsta skref sé að fara til Vestmannaeyja og upplifa persónulegt samfélag með magnaða sögu um eldgos og eldvirkni ásamt stórkostlegu útsýni yfir jöklana uppi á landi.

Byggja þarf upp fjölbreyta ferðaþjónusta sem styrkir samfélagið og menningu á svæðinu. Efla menningartengda ferðaþjónustu með því að hafa upplýsingar um sögu og menningu staðarins áberandi. Fjölga fræðslugöngum/ferðum og sögutengdum viðburðum. Virkja íbúa betur í móttöku ferðamanna, „meet the locals“. Leyfa gestum að taka þátt í menningarstörfum s.s. tónlistarviðburðum og leiksýningum og efla þannig samvinnu heimamanna og gesta. Efla söfn og gera fræðsluefni um sögu og menningu

aðgengilegt. Draga fram staði á svæðinu sem eiga merkilega sögu og útbúa ferðir um svæðið með leiðsögn frá heimamönnum.

Laða að ferðamenn sem vilja njóta náttúru og menningar, fara hægar yfir og stoppa í nokkra daga. Mikilvægt er að fá fólk sem kann að meta friðinn og fámennið. Við þurfum að einblína á sérstöðu svæðisins, fámennið og víðáttuna þó svo alltaf sé stutt í stærri ferðamannastaði og þjónustu. Við þurfum einnig að þjónusta ferðamenn sem fara hraðar yfir og stoppa eingöngu á aðgengilegum stöðum. Mikilvægt er að byggja upp góða áningarstaði meðfram þjóðvegum þannig að fólk hafi tækifæri til að stoppa og njóta án þess að trufla aðra sem fara hraðar yfir. Það þarf að laða að ferðafólk í mismunandi tekjuhópum sem nýtir mismunandi gistingu og þjónustu, þar að auki fólk sem dvelur í byggð en fer til fjalla. Á miðsvæði er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu s.s. skipulagðar gönguferðir, hestaferðir, hjólaferðir, bátsferðir, fræðsluferðir, klifur, fjallgöngur og sjóstangveiði. Leggja þarf meiri áherslu á vetrarferðamennsku, afþreyingu og þjónustu tengda vetrinum. Á miðsvæðinu færumst við nær ævintýrunum og þar gæti verið miðstöð ævintýraferðamennsku með áherslu á smærri hópa.

### Ríki Vatnajökuls:

Byggja á upp sjálfbæra heilsárs ferðaþjónustu sem nær frá Skeiðarársandi í vestri til Hvalnes í austri með áherslu á Jökulsárlón og Höfn sem lykiláfangastaði. Yfirvinna þarf þá þröskulda sem eru á flæði ferðamanna um svæðið. Fyrsti þröskuldur má segja að sé við Jökulsárlón og síðan annar þröskuldur við afleggjarann að Lóni. Efla þarf samgöngur á austursvæði svo fjölga megi ferðamönnum sérstaklega yfir vetrartímann.

Aðdráttaraflið er sérstaða svæðisins sem er samspil elds, íss, vatns og sanda. Hugmyndir um jöklasafn á svæðinu gætu orðið mikil lyftistöng og hugsanlega tengt saman fræðslu og upplifun. Svæðið er kjörið til fuglaskoðunar ásamt því að upplifa sögu, náttúru og dýralíf og margt er í boði til þess að njóta þess sem náttúran hefur upp á að bjóða. Byggja þarf enn frekar upp gönguleiðir á svæðinu sem auka við upplifun og styðja við vistvæna og heilsueflandi ferðaþjónustu. Fjölmörg tækifæri felast í ævintýraferðamennsku á svæðinu og ekki síst í þróun yndisævintýraferða (e. *slow adventure*) sem þegar er hafin. Mikill styrkur er í þekkingu heimamanna á svæðinu og ferðaþjónustu í þeirra eigu.

Mikilvægt er að laða að ferðamenn sem bera virðingu fyrir náttúrunni, auðga mannlíf á svæðinu og dvelja a.m.k. 2-3 daga. Laða þarf að ferðamenn sem eru fróðleiksfúsir, áhugasamir um land og þjóð, virða lög og reglur og vilja upplifa siði og menningu á svæðinu. Í tengslum við íslenska menningu er áhugavert að bjóða upp á tónlistarviðburði, leiksýningar og jafnvel listasmiðjur. Mikilvægt er að gestir séu tilbúnir að deila upplifun og reynslu sem nýtist svæðinu við framþróun greinarinnar. Mikilvægt er að laða að gesti bæði innlenda og erlenda sem sýna ábyrga ferðahegðun og eru tilbúnir til að greiða fyrir gæði og góða þjónustu.

Ferðaþjónustufyrirtæki þurfa að leggja áherslu á gæði og öryggi gesta sinna með því að nýta sér gæðavottanir eins og Vakann og leggja áherslu á ábyrga ferðaþjónustu. Efla þarf jákvæða upplifun gesta með jákvæðri umfjöllun og fjölbreyttri afþreyingu. Samvinna og samtal ferðaþjónustuaðila innan Ríkis Vatnajökuls er samvinna í reynd en löng hefð er fyrir samtali og samvinnu ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Stuðla þarf að jákvæðni heimamanna í garð greinarinnar t.d. með því að fræða og upplýsa heimamenn um áhrif ferðaþjónustunnar og huga að félagslegum þolmörkum því mikilvægt er að íbúar sýni gestum okkar virðingu. Mikilvægt er að ferðaþjónustan auki lífsgæði íbúa svæðisins.

Halda þarf áfram að byggja upp öfluga atvinnugrein sem er ein af grunnstoðum samfélagsins ásamt sjávarútvegi og landbúnaði. Mikil tækifæri eru fólgin í því að tengja betur saman þessar þrjár atvinnugreinar sem máttarstólpa samfélagsins á austursvæði. Ferðaþjónusta tengd matarmenningu er vaxandi og eru þar tækifæri á svæðinu með kjöt beint frá býli og humar og fiskafurðir í sjávarþorpinu á Höfn.

## 5.2 Helstu markaðir

Suðurland er þannig landfræðilega staðsett, nálægt höfuðborginni og Keflavíkurflugvelli að markhópar Íslands eru þeir sömu og markhópar Suðurlands. Þeir markhópar eru; Lífsglaði heimsborgarinn (e. *The Fun-loving Globetrotter*), Sjálfstæði Landkönnuðurinn (e. *The Independent Explorer*) og Makindalegi menningarvitinn (e. *The Cultural Comfort Seeker*), en nánari upplýsingar er að finna í markhópagreiningu Íslandsstofu. Þá er hægt að máta þá þrjá hópa sem komu fram í markaðsgreiningu Suðurlands (og kafla 3.2) yfir á svæðin þrjú; Vestursvæði, Kötlu jarðvang & Vestmannaeyjar og Ríki Vatnajökuls þar sem hver hópur er líklegur til að sækja mismunandi svæði innan Suðurlands.

Í grófum dráttum má máta markhópa Íslandsstofu og markaðsgreiningu Suðurlands við svæðin þrjú, þó svo að sjálfsögðu flæða þessir markhópar á milli svæða; sjá mynd 32.




*Mynd 32 Svæði Suðurlands mátuð við markhópagreiningu Íslandsstofu og markaðsgreiningu Suðurlands.*

Íslandsstofa tók fyrir sjö markaðssvæði í samhengi við markhópana. Hlutfall þeirra koma fram í töflu 38.

*Tafla 38 Hlutfall ferðamanna sem tilheyra hverjum markhóp (Íslandsstofa, 2018).*

| Hlufall ferðamanna sem tilheyra hverjum markhóp á hverju svæði | | | |
|---|---|---|---|
| **Land** | Makindalegi menningarvitinn | Lífsglaði heimsborgarinn | Sjálfstæði landkönnuðurinn |
| Bandaríkin | 21% | 51% | 14% |
| Kanada | 17% | 35% | 17% |
| Bretland | 18% | 35% | 17% |
| Frakkland | 10% | 36% | 15% |
| Þýskaland | 10% | 31% | 21% |
| Sviss | 18% | 30% | 14% |
| Danmörk | 23% | 35% | 21% |

## 5.3 Möguleikar svæðisins

Á Suðurlandi eru möguleikar til eflingar ferðaþjónustu fjölmargir. Ef litið er til þeirra áskorana sem eru í ferðaþjónustu á svæðinu, sem fjallað er um í kafla 3, þá er mikilvægt að nýta þá möguleika sem eru til staðar. Sér í lagi til þess að auka upplifun ferðamanna sem koma á Suðurland og um leið að lágmarka neikvæð áhrif á náttúru og samfélag. Með því að nýta möguleikana og hlúa að greininni er í raun hægt að efla jákvæð áhrif ferðaþjónustu. Í því samhengi er mikilvægt er að íbúar finni raunverulega fyrir jákvæðum áhrifum ferðaþjónustu t.d. með öflugri innviðum og betri þjónustu.

Tækifæri felast í því að auka gæði og efla samtal og samvinnu innan og á milli svæða til þess að efla enn frekar ferðaþjónustu á Suðurlandi. Vinna þarf áfram með þrískiptingu svæðisins þannig að hvert

svæði myndi heild þrátt fyrir mismunandi sveitarfélög og ólíka hagsmunaaðila. Með samtali og samvinnu er hægt að efla samstarf sveitarfélaga í tengslum við ferðamál. Mikil tækifæri felast í að mynda sterkari tengingu á miðsvæði á milli Kötlu jarðvangs og Vestmannaeyja með því að efla samtal og samvinnu. Í því sambandi má nefna að uppbygging þjónustumiðstöðvar fyrir Herjólf yrði færð upp á þjóðveg 1. Á sama tíma gæti þar verið upplýsingasmiðstöð fyrir miðsvæðið og þjónusta tengd Seljalandsfossi og Þórmörk. Þannig gætu sveitarfélögin sameinast um uppbyggingu sem kæmi ferðaþjónustu og samfélagi til góða. Tækifæri felast í að efla gæði í ferðaþjónustu á Suðurlandi enn frekar og aðgreina svæðið með þeim hætti. Leggja þarf áherslu á gæði og gæðakerfi, með áherslu á Vakann gæðakerfi ferðaþjónustunnar. Greinin verður aldrei sterkari en fyrirtækin og einstaklingarnir sem í henni starfa og með hliðsjón af því er samvinna gríðarlega mikilvæg því með samvinnu þessara aðila verður greinin sterkari.

Á Suðurlandi eru landfræðilegar aðstæður kjörnar til þess að byggja upp hjólaleiðir og tækifæri í að markaðssetja paradís hjólreiðafólks á svæðinu. Skipuleggja þarf hjólreiðaleiðir fyrir íbúa og ferðamenn. Byggja upp hjólreiðastíga milli bæja og svæða, meðfram vegum og í náttúrunni. Ferðamennska af þessu tagi eykur fjölbreytni, er fjölskylduvæn og heilsueflandi.

Á Suðurlandi eru mikilvægir möguleikar í að þróa nýjar ferðamannaleiðir. Hægt er að hanna og búa til smærri hringi sem tengjast. Síðan þarf að skilgreina þjónustu á þessum leiðum og í kjölfarið geta myndast tækifæri fyrir einstaklinga og fyrirtæki til þess að byggja upp þjónustu við þessar leiðir. Ásamt því að fjölga atvinnutækifærum styðja nýjar ferðamannaleiðir við dreifingu ferðamanna.

Suðurland er matarkista og fjölmörg tækifæri felast í að þróa enn frekar ferðaþjónustu sem byggir á matarupplifun. Þessi tegund ferðaþjónustu styður við sjálfbærni og eflir tengsl ólíkra atvinnugreina eins og ferðaþjónustu, landbúnað og sjávarútveg. Til þess að byggja upp ferðaþjónustu sem byggir á matarupplifun væri hægt að þróa kort fyrir mat úr héraði (e.*local food*) ásamt því að matvælaframleiðendur fullvinni sína vöru enn frekar.

Mikil tækifæri felast í því að efla menningartengda ferðaþjónustu og tengja hana við upplifun í náttúrunni. Við þurfum að segja sögur af fólkinu, landinu okkar, ævintýrasögur og þjóðsögur. Mikilvægt er að segja sögur sem tengjast jarðfræðinni, orkunni, íslenska hestinum, jöklunum og eldgosunum og byggja þær á persónulegum frásögnum. Einnig er mikilvægt í þessu samhengi að styðja við uppbyggingu safna og efla samvinnu þeirra á milli.

Byggja upp ferðaþjónustu á sérkennum hvers svæðis. Hvert svæði innan Suðurlands þarf að skilgreina sig og byggja ferðaþjónustu á sérkennum svæðisins. T.d. á vestursvæði er mikið magn af heitu vatni og kjörið að fá ferðamenn til að heimsækja hefðbundnar sundlaugar og náttúrulaugar. Á miðsvæðinu eru eldgos og jarðhræringar einkennandi og því kjörið að fá ferðamenn til þess að heimsækja söfn sem sýna sögu eldgosa á svæðinu og upplifa síðan náttúruna í tengslum við þessa sögu. Á austursvæði er jöklasýn einkennandi og því kjörið að bjóða ferðamönnum upplifun í tengslum við jöklana.

Tækifæri felast í enn frekari samhæfingu og heildarásýnd í markaðsstarfi á Suðurlandi. Hagsmunaaðilar þurfa að sammælast um að Markaðsstofa Suðurlands sé í forsvari fyrir markaðssaðgerðir á svæðinu í heild sinni. Markaðsstofa Suðurlands sjái um heildarmarkaðssetningu fyrir svæðið með samræmdum markaðsaðgerðum. Hagsmunaaðilar geta líka notað markaðsaðgerðir eins og stafrófsherferð Íslandsstofu frá 2017 enn frekar í markaðssetningu. Einnig þarf, til að efla ímynd vestursvæðis, að skýra það einu nafni líkt og miðsvæði og austursvæði, Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar og Ríki Vatnajökuls.

## 5.4 Lágmörkun neikvæðra áhrifa

Fjölmargir möguleikar eru til eflingar ferðaþjónustu á Suðurlandi eins og fram hefur komið í kaflanum hér að framan, einnig eru áskoranir í ferðaþjónustu á svæðinu margar eins og fram kom í greiningum í þriðja kafla. Með því að nýta möguleikana og mæta áskorununum er hægt að lágmarka neikvæð áhrif sem greinin hefur á svæðinu. Í aðgerðaráætluninni sem kemur hér á eftir koma fram fjölmargir þættir

sem miða allir að því með einum eða öðrum hætti að lágmarka neikvæð áhrif ferðaþjónustu á svæðinu og í raun efla jákvæð áhrif hennar á náttúru og samfélag.

## 5.5 Aðgerðaráætlun Áfangastaðaáætlunar Suðurlands

Þar sem Suðurlandi er skipt upp í þrjú svæði eru því þrjár aðgerðaráætlanir. Einnig skiptast aðgerðaráætlanirnar upp í almennar aðgerðir gagnvart samfélaginu, náttúru & menningarminjum og ferðaþjónustunni; og svo forgangsröðun þeirra ferðamannastaða sem svæðin leggja áherslur á.

Þó svo að meginmarkmið og meirihluti starfsmarkmiða séu þau sömu á milli svæða þá geta aðgerðir verið mismunandi eftir svæðum, einnig er forgangsröðun markmiða mismunandi á milli svæða. Í þessum fasa áfangastaðaáætlunarinnar er ekki búið að greina niður aðgerðir líkt og gert er grein fyrir í kafla 6.

### 5.5.1 Aðgerðaráætlun – Ferðaþjónusta, samfélag og náttúra & menningarminjar

#### Vestursvæði - aðgerðaráætlun:

*Samfélag - Samgöngur*

**Framtíðarsýn:** *Samgöngur eru góðar og vegakerfið er hugsað heildrænt fyrir samfélagið allt, íbúa og ferðamenn.*

**Meginmarkmið: Samgöngukerfið er öruggt.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Breikka vegi með tilliti til umferðaþunga þ.e. bíla, gangandi og hjólandi vegfarenda.***

   *Aðgerðir:*

   1.1. Klára að tvöfalda þjóðveg 1 frá Reykjavík á Selfoss
   1.2. Setja á áætlun 2+1 veg frá Selfossi að Hellu.
   1.3. Leggja hjólreiðastíga meðfram þjóðvegi og inn á alla helstu áningarstaði.
   1.4. Leggja hjólareiðastíga meðfram þjóðvegi þar sem verið er að breikka vegi og endurnýja vegakerfið.

2. ***Þarfagreina þjónustu á vegum árstíðabundið og halda vegum greiðfærum allt árið um kring.***

   *Aðgerðir:*

   2.1. Mokstur á vegum þegar þörf er á, ekki bara á ákveðnum dögum.
   2.2. Greina og upplýsa hvers vegna stofnæðum s.s. Hellisheiði er oftar lokað núna þrátt fyrir minni snjó.
   2.3. Meta þörf fyrir lokanir á stofnæðum s.s. Hellisheiði.
   2.4. Auka þjónustu á Suðurstrandarvegi, sérstaklega vetrarþjónustu.
   2.5. Efla almenningssamgöngur á svæðinu.
   2.6. Virkja Suðurstrandarrútu, bæði fyrir ferðamenn og íbúa.
   2.7. Vegagerðin vinni áætlun varðandi þjónustu á vegum í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki.

3. ***Samgöngum er markvisst viðhaldið með tilliti til notkunar árlega.***

   *Aðgerðir:*

   3.1. Auka viðhald á vegum á vestursvæði miðað við aukna umferð.
   3.2. Auka sérstaklega viðhald á vegum á Gullna hringnum.
   3.3. Byggja upp Kjalveg en ekki malbika.
   3.4. Vegagerðin greini þörf fyrir viðhald og uppbyggingu vega í hverju sveitarfélagi í samstarfi við viðkomandi sveitarfélag.
   3.5. Bæta lýsingu á vegum og í þorpum.

4. ***Samgöngur eru endurnýjaðar með tilliti til notkunar árlega.***

   *Aðgerðir:*

   4.1. Endurnýja vegi á Gullna hringnum, sérstaklega leiðina Reykholt-Geysir-Gullfoss.
   4.2. Setja hringtorg við gatnamót þjóðvegar 1 og Biskupstungnabrautar.
   4.3. Færa þjóðveg 1 út fyrir Selfoss.
   4.4. Byggja nýja brú yfir Ölfusá.
   4.5. Greina þörf fyrir endurnýjun og uppbyggingu og forgangsraða framkvæmdum.
   4.6. Malbika vegi sem bera orðið meiri umferð en vegagerðin skilgreinir að malarvegir geti borið.
   4.7. Móta framtíðarsýn um vegi á hálendinu: slitlag/ekki slitlag.
   4.8. Koma á lýsingu í kömbum.

5. ***Útrýma einbreiðum brúm í áföngum fyrir árið 2028***

   *Aðgerðir:*

5.1. Breikka einbreiðar brýr í takt við breidd aðliggjandi vega.
    5.1.1. Byrja að breikka einbreiðar brýr þar sem umferðarþungi er mestur.
5.2. Bæta merkingar við brýr þar til þeim verður útrýmt.
5.3. Huga að gangandi og hjólandi umferð við breikkun brúa.

### *Ferðaþjónusta - Uppbygging*

**Framtíðarsýn:** *Uppbygging byggist á stefnumótun og framtíðarsýn þar sem unnið er eftir aðalskipulagi og áætlunum ríkis og sveitarfélaga.*

**Meginmarkmið: Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Uppbygging er í sátt við umhverfi og samfélag.***
    *Aðgerðir:*
    1.1. Uppbygging byggist á aðalskipulagi sveitarfélaga, Landsáætlun um uppbyggingu innviða, Samgönguáætlun, Áfangastaðaáætlun DMP og annarri grunn stefnumótun ríkis, sveitarfélaga og svæða.
    1.2. Tryggja uppbyggingu samhliða verndun svæða og menningarminja.
    1.3. Uppbygging tekur mið af umhverfinu og fellur vel að náttúrunni á hverjum stað.
    1.4. Gæta þess að uppbygging byggist upp á fegurð og góðri hönnun.
2. ***Uppbygging miðast áþreifanlega við íbúa og ferðamenn.***
    *Aðgerðir:*
    2.1. Aðalskipulag sveitarfélaga hafi skýra sýn á uppbyggingu ferðaþjónustu.
    2.2. Aðalskipulag sveitarfélaga hafi skýra sýn á staðsetningu og fjölda gististaða.
    2.3. Aukið fjármagn til uppbyggingar, viðhalds og endurbóta.
    2.4. Byggja upp í samræmi við fjölda íbúa og ferðamanna.
    2.5. Byggja upp þjónustu við ferðamenn á húsbílum, lengja opnunartíma tjaldsvæða.
    2.6. Byggja upp fjölbreyttari afþreyingu.

3. ***Markviss uppbygging áfangastaða hafin innan allra sveitarfélaga.***
    *Aðgerðir:*
    3.1. Uppbygging, viðhald eða lagfæringar hafnar á áfangastöðum sem eru á „rauða“ lista Umhverfisstofnunnar.
    3.2. Forgangsröðun í uppbyggingu áfangastaða.
        3.2.1. Ákveða þarf hvaða áfangastaði á að byggja upp og síðan að forgangsraða uppbyggingu.
        3.2.2. Byggja upp þar sem þörfin er mest bæði miðað við fjölda ferðamanna, samfélagið og náttúruna.
    3.3. Byggja upp staði sem geta tekið á móti rútum og kynna þá sérstaklega.

### *Samfélag - Grunnþjónusta*

**Framtíðarsýn:** *Grunnþjónusta styður við búsetu í öllum sveitarfélögum, allt árið um kring og með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.*

**Meginmarkmið: Grunnþjónusta er öflug**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Viðeigandi löggæsla verður í öllum sveitarfélögum með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.***
    *Aðgerðir:*
    1.1. Auka fjárframlög til löggæslu.
    1.2. Færa tekjustofna til lögreglu.
    1.3. Greina þörf fyrir löggæslu á hverju svæði.

2. ***Almannavarnir, björgunarsveitir og landverðir eru til staðar.***

*Aðgerðir:*

2.1. Skilgreina viðbragðsaðila og gera upplýsingar um þá aðgengilegar.
2.2. Skilgreina fjöldahjálparstöðvar, merkja þær með viðeigandi hætti og gera upplýsingar um þær aðgengilegar.
2.3. Skilgreina ferla og samskipti við viðbragðsaðila.
2.4. Meta almannavá og áhættu.
2.5. Koma að forvörnum og fræðslu.
2.6. Setja reglur um starfsemi og skilgreina hlutverk björgunarsveita tengda almannavörnum.

3. ***Heilbrigðisþjónusta verður til staðar í öllum sveitarfélögum með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.***

*Aðgerðir:*

3.1. Gera sjúkraflutninga aðgengilega og örugga í öllum sveitarfélögum.
3.2. Gera aðgengi að læknum og hjúkrunarfræðingum öruggt.
3.3. Greina þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á hverju svæði.
3.4. Gera aðgengi að apóteki öruggt, lengja opnunartíma.
3.5. Staðsetja sjúkraþyrlu á Suðurlandi.

4. ***Tryggja orkubúskap í öllum fyrirtækjum og á öllum heimilum.***

*Aðgerðir:*

4.1. Leggja 3ja fasa rafmagn í dreifbýli þar sem því er ábótavant.
4.2. Auka aðgang að heitu vatni þar sem mögulegt er.

5. ***Tryggja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis eftir þörfum.***

*Aðgerðir:*

5.1. Greina þörf fyrir íbúðarhúsnæði í hverju sveitarfélagi.
5.2. Tryggja nægt lóðaframboð í öllum sveitarfélögum.
5.3. Bæta aðgengi að leiguhúsnæði í öllum sveitarfélögum.

6. ***Örugg fjarskipti í öllum sveitarfélögum.***

*Aðgerðir:*

6.1. Háhraða nettenging lögð inn á öll heimili og fyrirtæki í öllum sveitarfélögum.
6.2. Þétta farsímanet og tryggja símasamband á öllum svæðum.

7. ***Vinna markvisst að umhverfismálum í öllum sveitarfélögum.***

*Aðgerðir:*

7.1. Gera íbúum, ferðamönnum, sumarbústaðaeigendum og fyrirtækjum kleift að flokka allt rusl.
7.2. Samræma sorpmál á milli svæða.

8. ***Unnið er markvisst að því að efla samvinnu atvinnulífs og skólasamfélags.***

*Aðgerðir:*

8.1. Auka samtal atvinnulífs og skóla á hverju svæði.
8.2. Skipuleggja skólastarf og atvinnulíf í samstarfi.
8.3. Aukið fjármagn til leik- og grunnskóla og þeir efldir í samræmi við fjölgun íbúa.

### *Ferðaþjónusta - Regluverk*

**Framtíðarsýn:** *Regluverk í ferðaþjónustu er skýrt og leiðir til uppbyggingar og jákvæðrar upplifunar fyrir ferðamenn og íbúa þar sem eftirlit og eftirfylgni er góð.*

**Meginmarkmið: Regluverk er skýrt**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Unnið að því að regluverk leiði til samfélagslegrar þróunar, verndunar náttúru og jákvæðrar uppbyggingar til framtíðar.***

*Aðgerðir:*

1.1. Setja einfaldar og skýrar reglur um uppbyggingu, framkvæmdir og atvinnustarfsemi.
1.2. Samræma regluverk.
1.3. Setja fram regluverk varðandi komugjöld sem kemur samfélagi og náttúru til góða.
1.4. Regluverk varðandi gistináttaskatt sé stöðugt og nýtist til uppbyggingar á svæðinu.
1.5. Regluverk varðandi virðisaukaskatt sé stöðugt.
1.6. Setja fram regluverk varðandi skatta og gjöld af bílum og eldsneyti renni til samgöngumála.
1.7. Setja fram skýrar reglur varðandi umgengni í náttúru Íslands.
1.8. Setja fram skýrar reglur um tjöldun/gistingu í náttúrunni og akstur utan vega.
1.9. Setja fram skýrar reglur um gistingu í íbúðabyggð.
    1.9.1. Tryggja að sveitarfélög og ríki hafi tekjur af allri atvinnustarfsemi s.s. fasteignagjöld af heimagistingu.

**2. *Setja fram heildstætt regluverk varðandi gjaldtöku og aðgangsstýringu á ferðamannastöðum sem kemur samfélagi og náttúru til góða.***

*Aðgerðir:*

2.1. Setja á komugjöld.
2.2. Setja reglur um fjöldatakmarkanir þar sem við á.

**3. *Gera reglur og leiðbeiningar upplýsandi og aðgengilegar.***

*Aðgerðir:*

3.1. Reglur og leiðbeiningar eru settar fram á nokkrum tungumálum og táknrænt.
3.2. Finna leiðir til þess að koma reglum og leiðbeiningum til ferðafólks með skýrum hætti. Þeim reglum væri t.d. hægt að koma til ferðamanna í flugvélum, bifreiðum, rútum eða á netmiðlum.

### *Ferðaþjónusta - Stefnumótun*

**Framtíðarsýn:** *Unnið eftir metnaðarfullri stefnumótun í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru þar sem framtíðarsýn hagsmunaaðila er heildræn og skýr.*

**Meginmarkmið: Stefna er í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

**1. *Móta stefnu um dreifingu tekna af ferðaþjónustu milli ríkis og sveitarfélaga.***

*Aðgerðir:*

1.1. Svæðin fái hlut í komugjöldum.
1.2. Gera langtíma stefnumótun varðandi virðisaukaskatt í ferðaþjónustu.
1.3. Gera langtíma stefnumótun varðandi gistináttagjald og hlutdeild svæða/sveitarfélaga í því.
    1.3.1. Reikna þetta út miðað við dreifingu og fjölda á hverjum stað.

**2. *Skipulag sveitarfélaga leiðir til uppbyggingar og tekur til allra þátta samfélagsins.***

*Aðgerðir:*

2.1. Skipulag byggir á náttúruvernd, verndun menningarminja og umhverfisvænum kostum.
    2.1.1. Aðalskipulag sveitarfélaga taki mið af náttúru- og minjavernd, umhverfisvænum kostum og setji sér stefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu.
2.2. Aðalskipulag sveitarfélaga hafi skýra sýn og skýr markmið um uppbyggingu gististaða
2.3. Svæði/sveitarfélög skilgreini sig sem ferðaþjónustusvæði.
2.4. Sérstaða hvers svæðis dregin fram óháð stjórnsýslulegum landamærum.
2.5. Í skipulagi sveitarfélaga sé hugað að jafnvægi milli veitingastaða, gistimöguleika og afþreyingar.

**3. *Unnið eftir Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurland.***

*Aðgerðir:*

3.1. Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurland verður tengd öðrum áætlunum s.s. Landsáætlun um uppbyggingu innviða, Samgönguáætlun, Sóknaráætlun Suðurlands, Stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum, Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs auk annarra stefnumótandi verkefna ríkis og sveitarfélaga.

4.4.1. Þjónusta er verðlögð í samræmi við gæði.

*Ferðaþjónusta - Upplýsingagjöf og fræðsla*

**Framtíðarsýn:** *Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er öflug og aðgengileg, merkingar samræmdar, starfsfólk og ferðafólk eru vel upplýst og möguleikar til menntunar fjölbreyttir.*

**Meginmarkmið: Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er góð.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Efla upplýsingagjöf og auka vitund um náttúru- og umhverfisvernd til ferðamanna og heimamanna.***

*Aðgerðir:*

1.1. Auka fræðslu- og upplýsingagjöf til heimamanna um mikilvægi óspilltrar náttúru og umgengni í náttúru Íslands.
1.2. Efla upplýsingagjöf til heimamanna um ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu.
1.3. Auka fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna varðandi náttúruvernd og umgengni í náttúru Íslands.
1.4. Auka fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna um hættur í náttúru Íslands t.d. í Reynisfjöru.
1.5. Efla upplýsingagjöf til ferðamanna um ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu.
1.1.1. Upplýsa ferðamanninn fyrr í ferlinu þ.e. áður en hann kemur til landsins með myndböndum og lesefni. Miðla upplýsingum í flugvélunum og síðan þegar fólki sækir bílaleigubílinn eða hoppar upp í rútu.
1.1.2. Halda á lofti „The Icelandic Pledge“ um ábyrga hegðun ferðamanna.
1.1.3. Rekstraraðilar í ferðaþjónustu taki meiri ábyrgð á upplýsingagjöf til ferðamanna.
1.1.4. Upplýsingar og fræðsla frekar en boð og bönn.
1.6. Auka rafræna upplýsingagjöf.
1.7. Þjónustumiðstöðvar sinni fræðslu og upplýsingagjöf um náttúruvernd.
1.1.5. Þjónustumiðstöðvar leggi áherslu á að fræða ferðamenn um t.d. hvers vegna ekki má keyra utan vega, traðka á mosanum og tjalda utan tjaldsvæða.
1.1.6. Að þróa betur upplýsingar um mosa.

2. ***Setja upp merkingar og skilti sem eru vel hönnuð, rétt staðsett og upplýsandi.***

*Aðgerðir:*

2.1. Hanna merkingar og skilti sem eru upplýsandi og styðja við ímynd svæðisins.
2.2. Staðsetja skilti þannig að þau nýtist og séu upplýsandi.
2.3. Setja fram upplýsingar á íslensku, ensku og fleiri tungumálum.

3. ***Efla og samræma upplýsingagjöf til ferðamanna.***

*Aðgerðir:*

3.1. Efla upplýsingagjöf á áningarstöðum.
3.2. Efla upplýsingagjöf á ferðamannastöðum.
3.3. Efla upplýsingagjöf á gististöðum, veitingastöðum og hjá afþreyingarfyrirtækjum.
3.3.1. Senda út upplýsingar til aðila/fyrirtækja á svæðinu varðandi t.d. lokun staða/svæða.
3.3.2. Benda ferðamönnum á að nota vefsíðu Safetravel.
3.4. Efla upplýsingamiðstöðvar og gestastofur
3.4.1. Samræma og tengja betur saman upplýsingamiðstöðvar.

- 3.4.2. Lengja opnunartíma upplýsingamiðstöðva.
- 3.4.3. Fræða starfsfólk upplýsingamiðstöðva og gestastofa um sitt nærumhverfi og Suðurland í heild sinni.

3.5. Auka rafræna upplýsingagjöf.

- 3.5.1. Nota netið meira, minna af lesefni á bæklingaformi.
- 3.5.2. Búa til app fyrir suðursvæðið þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar um afþreyingu, veitingar, gistingu o.fl.

3.6. Koma betur á framfæri öllu sem lýtur að öryggi ferðamanna bæði í umferðinni og í náttúru Íslands.

3.7. Koma betur á framfæri upplýsingum um salernisaðstöðu.

3.8. Upplýsingar þurfa að vera á íslensku, ensku og fleiri tungumálum.

3.9. Búa til og gefa út hnitmiðað fræðsluefni.

**4. *Efla upplýsingagjöf til ferðamanna við þjóðveginn.***

*Aðgerðir:*

4.1. Umferðarreglur og merkingar eru skýrar fyrir íbúa og ferðamenn.

4.2. Efla fræðslu um reglur í umferðinni og akstur á Íslandi.

4.3. Setja umferðareglur og merkingar fram myndrænt og á mismunandi tungumálum fyrir íbúa og ferðamenn.

4.4. Fjölga stöðum við þjóðveginn með upplýsingum um ástand vega, s.s. færð, hitastig, vindstig, hálku o.fl.

4.5. Samræma og auka merkingar með vegum.

4.6. Auka upplýsingagjöf á rafrænu formi, t.d. smá forrit með hitastigi, færð á vegum, þjónustu og vegaaðstoð.

4.7. Tryggja að kröfur um ökuréttindi hérlendis séu í samræmi við alþjóðleg ökuréttindi.

4.8. Bílaleigur fræði og upplýsi ferðamenn/leigutaka um akstur á Íslandi

4.9. Að bílaleigur kynni leigutaka fyrir hættum/aðstæðum á Íslandi.

4.10. Að leigutakar kvitti fyrir að hafa meðtekið upplýsingar.

4.11. Bílaleigur bjóði upp á örnámskeið t.d. í akstri í hálku, að keyra yfir ár o.fl.

4.12. Tryggt sé að leiðbeiningar um lokaða vegi fari sjálfkrafa inn á GPS leiðsagnarkerfi til að auðvelda og tryggja sem öruggast flæði umferðar á vegum landsins.

4.13. Auka samtal við upplýsingaveitur s.s. Google.

**5. *Auka vitund íbúa og efla fræðslu til þeirra um ferðaþjónustu.***

*Aðgerðir:*

5.1. Greinaskrif í héraðs/svæðisblöð um jákvæð áhrif ferðaþjónustu.

5.2. Senda út jákvæð skilaboð um ferðaþjónustu á netmiðlum.

- 5.2.1. Vekja stolt íbúa á svæðunum sínum með jákvæðri umræðu sem ferðamenn koma til með að sjá.

5.3. Auglýsa og kynna söfn betur.

5.4. Góðar upplýsingar á vefsíðu fyrir hvert svæði t.d. Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp, Rangárþing Eystra og Vestmannaeyjar (gönguleiðir, veður, athugasemdir, staðir o.fl.).

- 5.4.1. Nýta síðu Kötlu jarðvangs fyrir jarðvangssvæðið, katlageopark.is.

**6. *Koma á menntun og fræðslu í ferðaþjónustu sem tekur mið af þörfum greinarinnar og uppfyllir kröfur Vakans.***

*Aðgerðir:*

6.1. Búa til heildstæða stefnu varðandi menntun og fræðslu.

6.2. Kynna betur og hvetja til menntunar í ferðaþjónustu í samstarfi við fyrirtæki, sveitarfélög, viðkomandi stofnanir, símenntunarmiðstöðvar og stoðkerfi ferðaþjónustunnar.

- 6.2.1. Efla áhuga ungs fólks á menntun í ferðaþjónustutengdum fögum.

6.3. Leggja áherslu á starfsmenntun í heimabyggð. t.d. í veitingum, þjónustu og leiðsögn.

6.4. Bjóða upp á sérsniðin öryggis- og gæðanámskeið fyrir t.d. gisti-, veitinga- og afþreyingaþjónustu.
6.5. Fræðslunámskeið fyrir almenna starfsmenn.
  6.5.1. Auka rafræna fræðslu.
  6.5.2. Búa til gott fræðsluefni.
  6.5.3. Hafa stutt námskeið í boði og kynna vel.
  6.5.4. Fræðslunámskeið um svæðið og sérstöðu þess.
6.6. Efla íslenskukennslu til starfsfólks í ferðaþjónustu.
6.7. Aukið aðgengi að íslenskukennslu og aukin krafa um íslensku kunnáttu.
6.8. Samstarf við Landgræðsluna um menntun í stígagerð sem fellur að náttúru.

### *Ferðaþjónusta - Regluverk*

**Framtíðarsýn:** *Regluverk í ferðaþjónustu er skýrt og leiðir til uppbyggingar og jákvæðrar upplifunar bæði fyrir ferðamenn og íbúa þar sem eftirlit og eftirfylgni er góð.*

**Meginmarkmið: Eftirlit með regluverki er virkt**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Vinna að því að eftirlit með regluverki sé öflugt.***

*Aðgerðir:*

1.1. Bæta þau úrræði sem sveitarfélög og lögregla hafa til þess að fylgja regluverki eftir.
  1.1.1. Aukið eftirlit lögreglu gagnvart stöðvun í vegöxlum.
  1.1.2. Bregðast við ferðamönnum sem gista í tjöldum eða í húsbílum úti í vegkanti eða ekki inni á skipulögðum tjaldsvæðum. Fylgja eftir nýrri lögreglusamþykkt.
  1.1.3. Leyfa sektir og láta féð renna til svæðisins.
1.2. Bæta eftirfylgni með uppbyggingu og framkvæmdum.
1.3. Bæta eftirlit með atvinnustarfsemi og að fyrirtæki séu með öll tilskilin leyfi og löglega starfsmenn.
  1.3.1. Gera regluverk skýrt þannig að það sé auðvelt að fylgja því eftir, t.d. 90 daga reglunni.
  1.3.2. Bæta eftirlit með heimagistingu, gæta þess að farið sé eftir 90 daga reglunni.
  1.3.3. Finna leiðir til þess að íbúar getir tekið virkan þátt í að fylgja reglum eftir t.d. að hægt sé að tilkynna ólöglega starfsemi með auðveldum hætti.

### *Náttúra og menningarminjar - Aðgengi*

**Framtíðarsýn:** *Aðgengi er tryggt að helstu náttúruperlum og takmarkanir skýrar.*

**Meginmarkmið: Aðgengi er skilgreint fyrir hvert svæði.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Móta stefnu um aðgengi.***

*Aðgerðir:*

1.1. Meta á skipulagsáætlunum sveitarfélag hvaða staðir eigi að vera aðgengilegir öllum og hverjir ekki.
1.2. Skilgreina aðgengi á mismunandi ferðamannastöðum.
  1.2.1. Mismunandi aðgengi að ólíkum náttúruperlum og mismunandi áfangastöðum.
  1.2.2. Ákveða hvar við viljum hafa ferðamenn og hvar ekki.
  1.2.3. Ákveða hvernig aðgangsstýring á að vera á hverjum stað.
1.3. Alls staðar þar sem hægt er þarf að gera hreyfihömluðu fólki kleift að njóta náttúrunnar.
1.4. Aðgengilegir staðir sem geta tekið á móti mörgum séu sannarlega aðgengilegir öllum.
1.5. Staðir í alfaraleið séu útbúnir þannig að ekki verði óafturkræfar skemmdir.
1.6. Bílaleigur setji upp vöktunarbúnað ef smábílar eru upp á hálendi eða utan vegar.
1.7. Viðhalda hálendisvegum sem þó þurfa ekki að vera aðgengilegir öllum bílum.
1.8. Takmörkun á aðgengi bílaleigubíla að hálendinu og viðkvæmum svæðum.
1.9. Ferðaþjónustuaðilar beri ábyrgð, bæði bílaleigu og hópferðabílar.

2. ***Byggja upp vel merkta og vel hannaða göngustíga.***
   *Aðgerðir:*
   2.1. Byggja upp gönguleiðir
      2.1.1. Gera kort af öllum gönguleiðum.
      2.1.2. Byggja upp og laga núverandi vegi frekar en að gera nýja göngustíga.
   2.2. Viðhald á göngustígum og gönguleiðum – fjármagna og skilgreina ábyrgðaraðila.
   2.3. Fagmenn sjá um hönnun, efnisval og framkvæmd. Samstarf við landgræðsluna um menntun í stígagerð sem fellur að náttúru.
   2.4. Bæta merkingar og fræðslu við gönguleiðir.
   2.5. Stika göngustíga - merkja hverja stiku eins og var gert á Fimmvörðuhálsi og Þórsmörk svo stikurnar aðstoði við björgunarstarf.
   2.6. Aukið fjármagn, til stofnana á sviði náttúruverndar, í framkvæmdir.
   2.7. Gera nokkurs konar viðmið um uppbyggingu á ferðamannastöðum sbr. Helping the Hills á Írlandi.
   2.8. Auknu fjármagni sé veitt í málaflokkinn hjá sveitarfélögunum – skipulagning – framkvæmdir.
   2.9. Byggja upp hjólreiðastíga í náttúrunni.
   2.10. Byggja upp göngustíga við minjastaði í samstarfi við Minjastofnun.

3. ***Stýring og/eða takmörkun á hættulegum og viðkvæmum svæðum.***
   *Aðgerðir:*
   3.1. Virk stjórntæki á ferðamannastöðum.
      3.1.1. Lokanir/stýring.
      3.1.2. Árstíðarbundnar takmarkanir vegna álags.
      3.1.3. Aðgangsstýring innan ákveðins tímaramma, ferðamenn panti rástíma.
      3.1.4. Landvarsla.
      3.1.5. Upplýsingagjöf og merkingar.
      3.1.6. Setja upp varúðar skilti við hættulega staði.
      3.1.7. Kynna betur hættulega staði og hvernig hætta stafar af.
   3.2. Fáum fólk til að fara í skipulagðar ferðir inn á hálendið.
   3.3. Ferðamannastaðir og náttúruperlur séu skilgreindar og flokkaðar í aðalskipulagi sveitarfélaganna með tilliti til aðgangsstýringar.
   3.4. Notast við verkefni sem hafa verið unnin á sama sviði – DMP Katla jarðvangur.

*Ferðaþjónusta - Samvinna*

**Framtíðarsýn:** *Samvinna er góð milli hagsmunaaðila á svæðinu og sameiginleg framtíðarsýn er skýr.*

**Meginmarkmið: Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Vinna að því að auka skilning stjórnvalda á ferðaþjónustu á Suðurlandi.***
   *Aðgerðir:*
   1.1. Efla samtal stjórnvalda við hagsmunaaðila á Suðurlandi.
   1.2. Kynna markvisst fyrir stjórnvöldum jákvæð áhrif ferðaþjónustu á Suðurlandi.
   1.3. Efla rannsóknir og tölulegar upplýsingar um ferðaþjónustu á Suðurlandi.
   1.4. Ferðaþjónustuaðilar á svæðinu komi að vinnu við reglugerðir.

*Náttúra og menningarminjar - Menning og minjar*

**Framtíðarsýn:** *Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd með eflingu menningar á svæðinu.*

**Meginmarkmið: Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd**

**Starfsmarkmið til þriggja ára:**

1. ***Vernda menningarsögulegar minjar.***
   *Aðgerðir:*

1.1. Stefnumótun til langs tíma sem leggur áherslu á minjavernd.
    1.1.1. Stjórnvöld og sveitarfélög móta skýra stefnu um minjavernd.
1.2. Sveitarfélög á svæðinu vinni sameiginlega að minjavernd.
    1.2.1. Sveitarfélög setji sér skýr markmið varðandi minjavernd.
    1.2.2. Tekið tillit til minjaverndar í aðalskipulagi sveitarfélaga.
    1.2.3. Efla fræðslu um menningu og menningarminjar í grunn- og framhaldsskólum.
1.3. Uppbygging minjastaða í samstarfi við Minjastofnun varðandi verklegar framkvæmdir, skilti, námsskeiðahald o.fl.

**2. *Efla menningu á svæðinu.***

*Aðgerðir:*

2.1. Fyrirtæki og sveitarfélög vinni saman að eflingu menningar á svæðinu.
2.2. Menningardagar í öllum sveitarfélögum.
2.3. Þróa og kynna betur söfn, minjastaði, gömul hús, byggðasöfn, viðburði og menningaraðstöðu.
2.4. Nýta söfnin á fjölbreytan hátt t.d. halda bókakynningar, verðlaunaafhendingar og skólaviðburði.
2.5. Nýta sérstöðu samfélagsins á viðburðum og menningarhátíðum.
2.6. Nota óhefðbundin húsnæði undir t.d. listasýningar eða viðburði.
2.7. Byggja upp menningar- og sögutengda afþreyingu í þéttbýli.
2.8. Nýta fjölbreyta möguleika á svæðinu fyrir söfn eða litlar sýningar, t.d. í Skaftárhreppi safn rafvæðingar í Hólmi, bænahúsið á Núpsstað o.fl.

**3. *Efla matarmenningu á svæðinu.***

*Aðgerðir:*

3.1. Byggja upp ferðaþjónustu sem byggir á matarmenningu.
    3.1.1. Nota staðbundin (local) hráefni.
    3.1.2. Nota meira lambakjöt, fisk og íslenskt grænmeti.
3.2. Koma upp miðstöð fyrir matvælaframleiðendur á miðsvæði.

### *Samfélag - Áningarstaðir við þjóðveg*

**Framtíðarsýn:** *Vel merktir og úthugsaðir áningarstaðir með viðeigandi þjónustu og upplýsingagjöf eru með jöfnu millibili á miðsvæðinu.*

**Meginmarkmið: Áningarstaðir eru hugsaðir heildrænt**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

**1. *Uppbygging og staðsetning áningarstaða ákveðin með tilliti til náttúru, menningarminja, öryggis og útsýnis.***

*Aðgerðir:*

1.1. Þjónustumiðstöð fyrir Herjólf, Seljalandsfoss og Þórsmörk við þjóðveg 1 á svæðinu milli Seljalandsfoss og vegamóta til Landeyjahafnar (undirgöng undir þjóðveg 1).
    1.1.1. Á einum stað, næst þjóðvegi.
    1.1.2. Öruggt landssvæði ef kæmi til Kötluhlaups, minna um óveður.
    1.1.3. Tenging við áætlunarferðir.
1.2. Hönnun og skipulag með tilliti til náttúru og menningarminja á svæðinu.
1.3. Samræming í hönnun og uppbyggingu áningarstaða að teknu tilliti til náttúru hvers svæðis.
1.4. Leggja áherslu á öryggi á bílastæðum
1.5. Göngustígar verði út frá áningarstöðum.
1.6. Gera ráð fyrir aðstöðu til þess að skoða norðurljós, setja inn í GPS kort.
1.7. Aðstaða fyrir hjólandi vegfarendur.
1.8. Samvinna við heimamenn og landeigendur við staðsetningu áningarstaða.
1.9. Staðsetning og uppbygging með tilliti til stjórnunaráætlunar Kötlu jarðvangs (Nohnik).
    1.9.1. Innleitt í aðalskipulag sveitarfélaga.

2. ***Vinna að fjölgun áningarstaða við þjóðvegi.***

   *Aðgerðir:*

   2.1. Staðsetja áningarstaði með u.þ.b. 20 km millibili.
   2.2. Gera greiningu á þörf fyrir áningarstaði á hverju svæði.
   2.3. Setja inn í aðalskipulag sveitarfélaga.

3. ***Aðgengi, þjónusta og upplýsingagjöf sé góð á áningarstöðum.***

   *Aðgerðir:*

   3.1. Setja upp viðeigandi salernisaðstöðu.
   3.2. Gera ferðamönnum auðvelt að losa sig við og flokka rusl.
   3.3. Skipuleggja þjónustu á áningarstöðum á fullnægjandi hátt.
   3.4. Tryggja rekstur, viðhald og snjómokstur.
   3.5. Setja upp hreinsistöðvar við stærri áningarstaði.
   3.6. Setja fram upplýsingar um nærliggjandi áningarstaði, sögu, náttúru og menningarminja á svæðinu.
   3.7. Upplýsingar um næstu áningarstaði á kortagrunni.

## Ríki Vatnajökuls - aðgerðaráætlun:

### *Ferðaþjónusta - Samvinna*

**Framtíðarsýn:** *Samvinna er góð milli hagsmunaaðila á svæðinu og sameiginleg framtíðarsýn er skýr.*

**Meginmarkmið: Skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu er góður.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Vinna að því að auka skilning stjórnvalda á ferðaþjónustu á Suðurlandi.***
   *Aðgerðir:*
   1.1. Efla samtal stjórnvalda við hagsmunaaðila á Suðurlandi.
   1.2. Kynna markvisst fyrir stjórnvöldum jákvæð áhrif ferðaþjónustu á Suðurlandi.
   1.3. Efla rannsóknir og tölulegar upplýsingar um ferðaþjónustu á Suðurlandi.
   1.4. Ferðaþjónustuaðilar á svæðinu komi að vinnu við reglugerðir.

### *Ferðaþjónusta - Uppbygging*

**Framtíðarsýn:** *Uppbygging byggist á stefnumótun og framtíðarsýn þar sem unnið er eftir aðalskipulagi og áætlunum ríkis og sveitarfélaga.*

**Meginmarkmið: Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Uppbygging er í sátt við umhverfi og samfélag á næstu þremur árum.***
   *Aðgerðir:*
   1.1. Uppbygging byggist á aðalskipulagi sveitarfélagsins, Landsáætlun um uppbyggingu innviða, Samgönguáætlun, Áfangastaðaáætlun DMP, stjórnar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og annarri grunn stefnumótun ríkis og sveitarfélags.
   1.2. Tryggja uppbyggingu samhliða verndun svæða og menningarminja.
   1.3. Uppbygging tekur mið af umhverfinu og fellur vel að náttúrunni á hverjum stað.
   1.4. Gæta þess að uppbygging byggist upp á fegurð og góðri hönnun.

2. ***Uppbygging miðast áþreifanlega við íbúa og ferðamenn á næstu þremur árum.***
   *Aðgerðir:*
   2.1. Aðalskipulag hafi skýra sýn á uppbyggingu ferðaþjónustu.
   2.2. Aðalskipulag hafi skýra sýn á staðsetningu og fjölda gististaða.
   2.3. Aukið fjármagn til uppbyggingar, viðhalds og endurbóta.
   2.4. Byggja upp í samræmi við fjölda íbúa og ferðamanna.
   2.5. Byggja upp þjónustu við ferðamenn á húsbílum, lengja opnunartíma tjaldsvæða.
   2.6. Byggja upp fjölbreyttari afþreyingu.
   2.7. Byggja upp gestastofu og jöklasafn í sveitarfélaginu.
   2.8. Leggja áherslu á margt smátt í uppbyggingunni t.d. göngubrýr, stikun leiða, „smart“ leiðsögn.

3. ***Markviss uppbygging hafin innan allra svæða sveitarfélagsins innan þriggja ára.***
   *Aðgerðir:*
   3.1. Uppbygging, viðhald eða lagfæringar hafnar á áfangastöðum sem eru á „rauða“ listanum.
   3.2. Forgangsröðun í uppbyggingu áfangastaða.
      3.2.1. Ákveða þarf hvaða áfangastaði á að byggja upp og síðan að forgangsraða uppbyggingu.
      3.2.2. Byggja upp þar sem þörfin er mest bæði miðað við fjölda ferðamanna, samfélagið og náttúruna.
   3.3. Gerð tillögu að forgangsröðun um uppbyggingu innviða innan Vatnajökulsþjóðgarðs og á aðliggjandi svæðum þannig að hún samræmist atvinnustarfsemi á hverjum stað með tilliti til núverandi ástands, álags vegna ferðamanna og verndunargildis svæðisins.

*Samfélag - Grunnþjónusta*

**Framtíðarsýn:** *Grunnþjónusta styður við búsetu í öllum sveitarfélögum, allt árið um kring og með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.*

**Meginmarkmið: Grunnþjónusta er öflug**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Heilbrigðisþjónusta verður til staðar í sveitarfélaginu með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.***

*Aðgerðir:*

1.1. Gera sjúkraflutninga aðgengilega og örugga í sveitarfélaginu.
1.2. Gera aðgengi að læknum og hjúkrunarfræðingum öruggt.
1.3. Greina þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á hverju svæði innan sveitarfélagsins.
1.4. Sjúkraflug verði til staðar.
1.5. Gera aðgengi að apóteki öruggt, lengja opnunartíma.

2. ***Almannavarnir, björgunarsveitir og landverðir eru til staðar.***

*Aðgerðir:*

2.1. Skilgreina viðbragðsaðila og gera upplýsingar um þá aðgengilegar.
2.2. Skilgreina fjöldahjálparstöðvar, merkja þær með viðeigandi hætti og gera upplýsingar um þær aðgengilegar.
2.3. Skilgreina ferla og samskipti við viðbragðsaðila.
2.4. Meta almannavá og áhættu.
2.5. Koma að forvörnum og fræðslu.
2.6. Setja reglur um starfsemi og skilgreina hlutverk björgunarsveita tengda almannavörnum.

3. ***Tryggja orkubúskap í öllum fyrirtækjum og á öllum heimilum.***

*Aðgerðir:*

3.1. Leggja 3ja fasa rafmagn í dreifbýli þar sem því er ábótavant.
3.2. Auka aðgang að heitu vatni þar sem mögulegt er.

4. ***Tryggja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis eftir þörfum.***

*Aðgerðir:*

4.1. Greina þörf fyrir íbúðarhúsnæði á öllum svæðum í sveitarfélaginu.
4.2. Tryggja nægt lóðaframboð á öllum svæðum.
4.3. Bæta aðgengi að leiguhúsnæði á öllum svæðum.
4.4. Gera átak í frárennslismálum.
4.5. Efla tenging stjórnsýslu sveitarfélagsins við dreifbýlið.
4.6. Hraða afgreiðslu mála hjá sveitarfélaginu sem tengjast uppbyggingu íbúðarhúsnæðis.

5. ***Örugg fjarskipti í sveitarfélaginu.***

*Aðgerðir:*

5.1. Háhraða nettenging lögð inn á öll heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu.
5.2. Þétta farsímanet og tryggja símasamband á öllum svæðum.

6. ***Viðeigandi löggæsla verður í sveitarfélaginu með tilliti til fjölda íbúa og ferðamanna.***

*Aðgerðir:*

6.1. Auka fjárframlög til löggæslu.
6.2. Færa tekjustofna til lögreglu.
6.3. Greina þörf fyrir löggæslu á hverju svæði.

7. ***Vinna markvisst að umhverfismálum í sveitarfélaginu.***

*Aðgerðir:*

7.1. Gera íbúum, ferðamönnum, sumarbústaðaeigendum og fyrirtækjum kleift að flokka allt rusl.
7.2. Samræma sorpmál á milli svæða.

8. ***Unnið er markvisst að því að efla samvinnu atvinnulífs og skólasamfélags.***

*Aðgerðir:*

8.1. Auka samtal atvinnulífs og skóla á hverju svæði.
8.2. Skipuleggja samstarf skóla og atvinnulífs.
8.3. Aukið fjármagn til leik- og grunnskóla og þeir efldir í samræmi við fjölgun íbúa.

9. ***Unnið er markvisst að því á næstu þremur árum að póstþjónusta og orkuafgreiðsla verði góð á svæðinu.***

*Aðgerðir:*

9.1. Efla póstþjónustu.
9.2. Bæta bensínafgreiðslu.
9.3. Bæta afgreiðslu umhverfisvænna orkugjafa.
9.3.1. Setja upp hraðhleðslustöð.

*Samfélag - Samgöngur*

**Framtíðarsýn:** *Samgöngur eru góðar og vegakerfið er hugsað heildrænt fyrir samfélagið allt, íbúa og ferðamenn.*

**Meginmarkmið:** **Samgöngukerfið er öruggt.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi 1 í áföngum fyrir árið 2028***

*Aðgerðir:*

1.1. Breikka stuttar einbreiðar brýr á hringveginum í takt við breidd aðliggjandi vega fyrir árið 2021.
1.2. Breikka allar einbreiðar brýr á hringveginum í takt við breidd aðliggjandi vega fyrir árið 2028.
1.2.1. Byrja að breikka einbreiðar brýr þar sem umferðarþungi er mestur og þar sem brýr mynda blindhæð.
1.3. Bæta merkingar við brýr þar til þeim verður útrýmt.

2. ***Breikka vegi með tilliti til umferðaþunga þ.e. bíla, gangandi og hjólandi vegfarenda.***

*Aðgerðir:*

3.1. Leggja hjólastíga meðfram þjóðvegi og á alla helstu áningarstaði.
3.2. Leggja hjólastíga meðfram þjóðvegi þar sem verið er að breikka vegi og endurnýja vegakerfið.

3. ***Samgöngum er markvisst viðhaldið með tilliti til notkunar árlega.***

*Aðgerðir:*

3.1. Greina þörf fyrir viðhald og uppbyggingu vega á svæðinu í samstarfi við sveitarfélagið.
3.2. Auka viðhald á vegum á austursvæði. Þjóðvegur 1 í Hornafirði er fjölfarinn ferðamannaleið og þarf að viðhalda honum með tilliti til notkunar.

4. ***Samgöngur eru endurnýjaðar með tilliti til notkunar árlega.***

*Aðgerðir:*

6.1. Malbika vegi sem bera orðið meiri umferð en vegagerðin skilgreinir að malarvegir geti borið.
6.2. Greina þörf fyrir endurnýjun og uppbyggingu og forgangsraða framkvæmdum.
6.3. Móta framtíðarsýn um vegi á hálendinu: slitlag/ekki slitlag.
6.4. Vinna að því að hanna og búa til ferðamannavegi og viðhalda þeim með tilliti til notkunar.
6.4.1. Ferðamannavegur/innansveitarvegur í Nesjum með áherslu á náttúruskoðun.

7. ***Þarfagreina þjónustu árstíðabundið og halda vegum greiðfærum allt árið um kring.***

*Aðgerðir:*

5.1. Mokstur á vegum þegar þörf er á, ekki bara á ákveðnum dögum.
5.2. Færa hringveg frá Kirkjubæjarklaustri að Höfn í þjónustuflokk 2.
5.3. Meta þörf fyrir lokanir á stofnæðum.
5.4. Efla almenningssamgöngur frá Jökulsárlóni að Höfn.
5.5. Halda samgöngum í sveitarfélaginu fyrir austan Höfn opnum.
5.6. Vinna áætlun varðandi þjónustu í samstarfi við sveitarfélagið og fyrirtæki.
5.7. Ákveða hvaða slóða má keyra og hvaða slóðar eru einungis fyrir landeigendur.

### *Ferðaþjónusta - Stefnumótun*

**Framtíðarsýn:** *Unnið eftir metnaðarfullri stefnumótun í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru þar sem framtíðarsýn hagsmunaaðila er heildræn og skýr.*

**Meginmarkmið: Stefna í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

***1. Skipulag sveitarfélagsins leiðir til uppbyggingar og tekur til allra þátta samfélagsins.***

*Aðgerðir:*

1.1. Skipulag byggir á náttúruvernd, verndun menningarminja og umhverfisvænum kostum.
   1.1.1. Aðalskipulag sveitarfélaga taki mið af náttúru- og minjavernd, umhverfisvænum kostum og setji sér stefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu.
1.2. Aðalskipulag sveitarfélaga hafi skýra sýn og skýr markmið um uppbyggingu gististaða
1.3. Í Aðalskipulagi sveitarfélaga sé hugað að jafnvægi milli veitingastaða, gistimöguleika og afþreyingar.
1.4. Svæði/sveitarfélög skilgreini sig sem ferðaþjónustusvæði.
1.5. Sérstaða hvers svæðis dregin fram.
1.6. Skipulag geri ráð fyrir uppbyggingu gönguleiða í dreifbýli.
1.7. Skipulag geri ráð fyrir uppbyggingu gönguleiða í þéttbýli.
1.8. Skipulag geri ráð fyrir rólegum svæðum án sjón- og hljóðmengunar (án t.d. dróna, þyrluflugs, rafmagnsvíra, tengivirkja, þjónustuhúss).
1.9. Skipulag gefi svigrúm fyrir aukna vernd.
1.10. Skipulag geri ráð fyrir aukinni íbúabyggð og grunnþjónustu.
1.11. Stuðla að uppbyggingu á miðsvæðum innan þéttbýlis, skilgreina svæðin og byggja upp með tilliti til þarfa íbúa og gesta. Mismunandi upplifun eftir svæðum t.d. íþróttasvæði/miðbær.
1.12. Móta skýra heildarsýn fyrir Jöklaleiðina og framkvæmdaráætlun til næstu 3, 5 og 10 ára.
1.13. Móta stefnu fyrir mismunandi svæði: Lón, Hoffell, Heinaberg, Kálfafellsdal, Breiðamerkursand, Skaftafell.
1.14. Gerð tillögu um hvernig atvinnustarfsemi er æskileg og leyfileg á hverjum áfangastað fyrir sig innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Jökulsárlón, Skaftafell, Heinabergslón, Svínafellsjökul o.fl.

***2. Móta stefnu um dreifingu tekna af ferðaþjónustu milli ríkis og sveitarfélaga.***

*Aðgerðir:*

2.1. Svæðin fái hlut í komugjöldum.
2.2. Gera langtíma stefnumótun varðandi virðisaukaskatt í ferðaþjónustu.
2.3. Gera langtíma stefnumótun varðandi gistináttagjald og hlutdeild svæða/sveitarfélaga í því.
   2.3.1. Reikna þetta út miðað við dreifingu og fjölda á hverjum stað.

***3. Móta stefnu varðandi gjaldtöku.***

*Aðgerðir:*

3.1. Setja á komugjöld til landsins.
   3.1.1. Komugjöld renni til uppbyggingu innviða.
3.2. Gjaldtaka á ferðamannastöðum verði fyrir veitta þjónustu.
   3.2.1. Þjónustugjald í stað aðgangseyris.
3.3. Móta stefnu varðandi bílastæða- og þjónustugjöld í þjóðgörðum.



Markaðsstofa Suðurlands
FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

4. ***Unnið eftir Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurland.***

   *Aðgerðir:*

   4.1. Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurland verður tengd öðrum áætlunum s.s. Landsáætlun um uppbyggingu innviða, Samgönguáætlun, Sóknaráætlun Suðurlands, stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs auk annarra stefnumótandi verkefna ríkis og sveitarfélags.

   4.2. Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurland er ávallt unnin og uppfærð í samvinnu og samtali við sveitarfélög á svæðinu og staðbundnar stofnanir þar sem við á.

   4.3. Skýr sameiginleg aðgerðaráætlun með fjármagni þar sem ábyrgð hagsmunaaðila er skýr.

   4.4. Hagsmunaaðilar taki ábyrgð á verkefnum í aðgerðaráætlun.

   4.5. Auka almenna vitund um áfangastaðaáætlun DMP.

   4.5.1. Kynning til íbúa og ferðaþjónustuaðila í gegnum fréttatímann, samfélagsmiðla, héraðsfjölmiðla og sjónvarp.

   4.6. Að Áfangastaðaáætlun DMP fari í faglegt samþykktarferli innan sveitarfélagsins og haldist í hendur við skipulag og stefnu sveitarfélagsins og Vatnajökulsþjóðgarðs.

*Ferðaþjónusta - Regluverk*

**Framtíðarsýn:** *Regluverk í ferðaþjónustu er skýrt og leiðir til uppbyggingar og jákvæðrar upplifunar fyrir ferðamenn og íbúa þar sem eftirlit og eftirfylgni er góð.*

**Meginmarkmið: Regluverk er skýrt**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Setja fram heildstætt regluverk varðandi gjaldtöku og aðgangsstýringu á ferðamannastöðum sem kemur samfélagi og náttúru til góða.***

   *Aðgerðir:*

   1.1. Setja á komugjöld.

   1.2. Setja reglur um fjöldatakmarkanir þar sem við á.

2. ***Unnið að því á næstu þremur árum að regluverk leiði til samfélagslegrar þróunar, verndunar náttúru og jákvæðrar uppbyggingar til framtíðar.***

   *Aðgerðir:*

   2.1. Setja einfaldar og skýrar reglur um uppbyggingu, framkvæmdir og atvinnustarfsemi.

   2.1.1. Hvar má vera atvinnustarfsemi og hvar ekki og þá hvernig atvinnustarfsemi.

   2.2. Samræma regluverk.

   2.3. Setja fram regluverk varðandi komugjöld sem kemur samfélagi og náttúru til góða.

   2.4. Regluverk varðandi gistináttaskatt sé stöðugt og nýtist til uppbyggingar á svæðinu.

   2.5. Regluverk varðandi virðisaukaskatt sé stöðugt.

   2.6. Setja fram skýrar reglur varðandi umgengni í náttúru Íslands.

   2.7. Setja fram skýrar reglur um tjöldun/gistingu í náttúrunni og akstur utan vega.

   2.8. Setja fram skýrar reglur um gistingu í íbúðabyggð.

   2.8.1. Tryggja að sveitarfélög og ríki hafi tekjur af allri atvinnustarfsemi s.s. fasteignagjöld af heimagistingu.

   2.9. Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs – þjóðgarðinn vantar leyfi og fjármagn til að geta stjórnað umferð og atvinnustarfsemi innan þjóðgarðarins.

   2.10. Móta reglur um hverja tegund atvinnustarfsemi sem liggja síðan til grundvallar leyfisveitingum. Fyrirtæki verða að uppfylla skilyrði sem þjóðgarðurinn setur um starfsemina til viðbótar almennum starfsleyfum.

3. ***Gera reglur og leiðbeiningar upplýsandi og aðgengilegar.***

   *Aðgerðir:*

   3.1. Reglur og leiðbeiningar eru settar fram táknrænt og á nokkrum tungumálum.

3.2. Finna leiðir til þess að koma reglum og leiðbeiningum til ferðafólks með skýrum hætti. Þeim reglum væri t.d. hægt að koma til ferðamanna í flugvélum, bifreiðum, rútum eða á netmiðlum.
3.3. Regluverk einfaldað t.d. fyrir þá sem vilja setjast að, byggja húsnæði/leigja og starfa á svæðinu.

### *Ferðaþjónusta - Upplýsingagjöf og fræðsla*

**Framtíðarsýn:** *Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er öflug og aðgengileg, merkingar góðar, starfsfólk og ferðafólk eru vel upplýst og möguleikar til menntunar fjölbreyttir.*

**Meginmarkmið: Upplýsingagjöf og fræðsla í ferðaþjónustu er góð**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Koma á menntun og fræðslu í ferðaþjónustu sem tekur mið af þörfum greinarinnar og uppfyllir kröfur Vakans.***

*Aðgerðir:*

1.1. Búa til heildstæða stefnu varðandi menntun og fræðslu.
1.2. Hvetja til menntunar í ferðaþjónustu í samstarfi við fyrirtæki, sveitarfélög, viðkomandi stofnanir og stoðkerfi ferðaþjónustunnar.
   1.2.1. Efla áhuga ungs fólks á menntun í ferðaþjónustutengdum fögum.
1.3. Leggja áherslu á starfsmenntun í heimabyggð. t.d. í veitingum, þjónustu og leiðsögn.
1.4. Bjóða upp á sérsniðin öryggis- og gæðanámskeið fyrir t.d. gisti-, veitinga- og afþreyingaþjónustu.
   1.4.1. Bjóða upp á skyndihjálpar- og eldvarnarnámskeið.
1.5. Samstarf við Landgræðsluna um menntun í stígagerð sem fellur að náttúru.
1.6. Fræðslunámskeið fyrir almenna starfsmenn.
   1.6.1. Auka rafræna fræðslu.
   1.6.2. Búa til gott fræðsluefni.
   1.6.3. Hafa stutt námskeið, örnámskeið í boði og kynna vel.
   1.6.4. Fræðslunámskeið um svæðið og sérstöðu þess.
1.7. Efla íslenskukennslu til starfsfólks í ferðaþjónustu.
1.8. Aukið aðgengi að íslenskukennslu og aukin krafa um íslensku kunnáttu.
1.9. Fyrirtæki í ferðaþjónustu gæti þess að fræða starfsfólkið sitt um sitt nánasta umhverfi, sögu og menningu.

2. ***Efla upplýsingagjöf og auka vitund um náttúru- og umhverfisvernd til ferðamanna og heimamanna.***

*Aðgerðir:*

2.1. Efla upplýsingagjöf til heimamanna um ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu.
2.2. Efla upplýsingagjöf til ferðamanna um ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu.
   2.2.1. Upplýsa ferðamanninn fyrr í ferlinu þ.e. áður en hann kemur til landsins með myndböndum, lesefni o.fl. Hamra síðan aftur á þessu í flugvélunum og leggja sérstaka áherslu á þetta þegar fólkið sækir bílaleigubílinn eða hoppar upp í rútu.
   2.2.2. Rekstraraðilar í ferðaþjónustu taki meiri ábyrgð á upplýsingagjöf til ferðamanna.
   2.2.3. Upplýsingar og fræðsla frekar en boð og bönn.
   2.2.4. Halda á lofti „The Icelandic Pledge“ um ábyrga hegðun ferðamanna.
2.3. Auka rafræna upplýsingagjöf.

3. ***Efla upplýsingagjöf við þjóðveginn.***

*Aðgerðir:*

3.1. Umferðarreglur og merkingar eru skýrar fyrir íbúa og ferðamenn.
3.2. Efla fræðslu um reglur í umferðinni og akstur á Íslandi.
3.3. Setja umferðareglur og merkingar fram myndrænt og á mismunandi tungumálum fyrir íbúa og ferðamenn.
3.4. Fjölga stöðum við þjóðveginn með upplýsingum um ástand vega, s.s. færð, hitastig, vindstig, hálku o.fl.

3.5. Samræma og auka merkingar með vegum.
3.6. Auka upplýsingagjöf á rafrænu formi, t.d. smá forrit með hitastigi, færð á vegum, þjónustu og vegaaðstoð.
3.7. Tryggja að kröfur um ökuréttindi hérlendis séu í samræmi við alþjóðleg ökuréttindi.
3.8. Bílaleigur fræði og upplýsi ferðamenn/leigutaka um akstur á Íslandi
  3.8.1. Að bílaleigur kynni leigutaka fyrir hættum/aðstæðum á Íslandi.
  3.8.2. Að leigutakar kvitti fyrir að hafa meðtekið upplýsingar.
  3.8.3. Bílaleigur bjóði upp á örnámskeið t.d. í akstri í hálku, að keyra yfir ár o.fl.
3.9. Tryggt sé að leiðbeiningar um lokaða vegi fari sjálfkrafa inn á GPS leiðsagnarkerfi til að auðvelda og tryggja sem öruggast flæði umferðar á vegum landsins.
3.10. Auka samtal við upplýsingaveitur s.s. Google um að taka út slóða sem ekki eru ætlaðir almennri umferð.

**4. *Auka vitund íbúa og efla fræðslu til þeirra um áhrif ferðaþjónustu.***

*Aðgerðir:*

4.1. Greinaskrif í héraðs/svæðisblöð um áhrif ferðaþjónustu.
4.2. Senda út jákvæð skilaboð um ferðaþjónustu á netmiðlum.
4.3. Uppbygging á söfnum og menningartengdum sýningum.
  4.3.1. Auglýsa og kynna söfn betur.

**5. *Setja upp merkingar og skilti sem eru vel hönnuð, rétt staðsett og upplýsandi.***

*Aðgerðir:*

5.1. Hanna merkingar og skilti sem eru upplýsandi og styðja við ímynd svæðisins.
5.2. Staðsetja skilti þannig að þau nýtist og séu upplýsandi.
5.3. Setja fram upplýsingar á íslensku, ensku og fleiri tungumálum.

**6. *Efla og samræma upplýsingagjöf til ferðamanna.***

*Aðgerðir:*

6.1. Efla upplýsingagjöf á áningarstöðum.
6.2. Efla upplýsingagjöf á ferðamannastöðum.
6.3. Efla upplýsingagjöf á gististöðum, veitingastöðum og hjá afþreyingarfyrirtækjum.
  6.3.1. Senda út upplýsingar til aðila/fyrirtækja á svæðinu t.d. varðandi lokun staða/svæða.
  6.3.2. Benda ferðamönnum á að nota vefsíðu Safetravel.
6.4. Stækka og efla upplýsingamiðstöðvar.
  6.4.1. Samræma og tengja betur saman upplýsingamiðstöðvar.
  6.4.2. Fræða starfsfólk upplýsingamiðstöðva um sitt nærumhverfi og Suðurland í heild sinni.
  6.4.3. Upplýsingamiðstöðvar/gestastofur á báðum endum sveitarfélagsins.
6.5. Auka rafræna upplýsingagjöf.
  6.5.1. Nota netið meira, minna af lesefni á bæklingaformi.
  6.5.2. Búa til app fyrir suðursvæðið þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar um afþreyingu o.fl.
6.6. Koma betur á framfæri öllu sem lýtur að öryggi ferðamanna bæði í umferðinni og í náttúru Íslands.
6.7. Koma betur á framfæri upplýsingum um salernisaðstöðu.
6.8. Setja fram upplýsingar á íslensku, ensku og fleiri tungumálum.
6.9. Búa til og gefa út hnitmiðað fræðsluefni.

*Ferðaþjónusta - Samvinna*

**Framtíðarsýn:** *Samvinna er góð milli hagsmunaaðila á svæðinu og sameiginleg framtíðarsýn er skýr.*

**Meginmarkmið:** **Samtal og samvinna innan svæðisins er virkt.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Auka samtal og samvinnu milli ferðaþjónustuaðila innan sem utan svæðis, fræðasamfélagsins, Vatnajökulsþjóðgarðs, íbúa, sveitarfélagsins og annarra atvinnugreina á næstu þremur árum.***

*Aðgerðir:*

1.1. Efla samvinnu í sveitarfélaginu öllu og sérstaklega á jaðarsvæðum.
   1.1.1. Efla samstarf inni á minni svæðum t.d. á Höfn og í Öræfum.

1.2. Auka samvinnu ólíkra hagsmunaaðila:
   1.2.1. Byggja samvinnu á sameiginlegum markmiðum.
   1.2.2. Hagsmunaaðilar hjálpist að með því að benda á hvern annan.
   1.2.3. Efla samvinnu ferðaþjónustuaðila og íbúa.
   1.2.4. Efla samvinnu ferðaþjónustuaðila og matvælaframleiðenda.
   1.2.5. Efla samvinnu milli ferðaþjónustuaðila og handverksfólks.
   1.2.6. Búa til póstgrúppur á samfélagsmiðlum.
   1.2.7. Reglulegir og markvissir fundir, nota fjarfundabúnað ef þarf.
   1.2.8. Samstarfsferðir, einu sinni til tvisvar á ári – skoða fyrirtæki.
   1.2.9. Viðburðir, kynningar og opið hús hjá fyrirtækjum.

1.3. Auka samvinnu milli hagsmunaaðila og skóla á svæðinu.

1.4. Auka samvinna milli hagsmunaaðila og íþróttafélaga.

1.5. Auka samvinnu og samtal hagsmunaaðila innan svæðis og ferðaþjónustufyrirtækja utan svæðis sem nýta svæðið í sinni starfsemi.

1.6. Nýta þau regnhlífarsamtök fyrir ferðaþjónustu sem eru til staðar á Suðurlandi þar sem öll núverandi samtök verða undir einum hatti t.d. Markaðsstofu Suðurlands.

### *Náttúra og menningarminjar - Náttúruvernd*

**Framtíðarsýn:** *Verndun náttúru er í forgrunni þegar kemur að ferðaþjónustu, gott eftirlit er með náttúruperlum og ferðamannastöðum og úrræði eru virk.*

**Meginmarkmið: Náttúruvernd er í forgrunni í ferðaþjónustu**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Auka fjármagn til náttúruverndar.***

*Aðgerðir:*

1.1. Auka fjármagn til ríkisstofnanna sem annast náttúruvernd.
      1.1.1.1. Efla stofnanir á sviði náttúruverndar með tilliti til framkvæmda og landvörslu.
      1.1.1.2. Aukið fjármagn í landvörslu og rekstur áningarstaða.
   1.1.2. Gistináttagjald fari til sveitarfélaganna sem verði skyldug til að nýta hluta þess í uppbyggingu ferðamannastaða og til náttúruverndar.

1.2. Nýta komugjöld til náttúruverndar og uppbyggingar innviða á hverjum stað.

2. ***Efla landvörslu og faglega fræðslu til verndar náttúru.***

*Aðgerðir:*

2.1. Ferðaþjónustufyrirtæki sýni ábyrga hegðun og fari fram með góðu fordæmi.
   2.1.1. Fræðsla varðandi náttúruvernd til starfsmanna í ferðaþjónustu.

2.2. Efla landvörslu.
   2.2.1. Fjölga landvörðum.
   2.2.2. Skýrt hvað sé á ábyrgð landvarða.
   2.2.3. Landverðir sérþjálfaðir í WFR (Wilderness First Responder).
   2.2.4. Landverðir allt árið á fjölförnum ferðamannastöðum.
   2.2.5. Landverðir sinni fræðslu.

2.3. Skylda að hafa innlenda fararstjóra í rútuferðum.

2.4. Lögvernda starfsheitið leiðsögumaður.

2.5. Athuga merkingar, leiðbeiningar, upplýsingagjöf og eftirlit í tengslum við náttúruvernd.

2.6. Fræðsla á áfangastöðum, gististöðum og við komu til landsins um náttúruvernd.
   2.6.1. Skilti og merkingar við aðkomu.
   2.6.2. Vera með fallegar og áberandi merkingar.

2.7. Skýrar reglur um hvað má og hvað má ekki í náttúru Íslands.
2.8. Bæta merkingar og fræðslu um hvar má fara og hvar ekki.

**3. *Efla uppbyggingu til verndar náttúru.***

*Aðgerðir:*

3.1. Byggja uppbyggingu á heildarsýn og verndun náttúru.
3.2. Fjölga skipulögðum ferðamannastöðum.
3.3. Byggja upp sterka innviði sem vernda náttúruna s.s. bílastæði, göngustíga, salerni.
3.4. Huga að sjónrænum áhrifum í uppbyggingu.
3.5. Byggja upp staði sem eiga að taka við miklum fjölda s.s. Jökulsárlón og Skaftafell
3.6. Uppbygging vegslóða sem fólk má keyra s.s. veg að Svínafellsjökli
- 3.6.1. Skýrt hver sér um slóðana og skýrt hversu mikið sé áætlað í uppbyggingu vegslóða.

**4. *Efla náttúruvernd.***

*Aðgerðir:*

4.1. Stefnumótun til langs tíma sem leggur áherslu á náttúruvernd.
- 4.1.1. Stjórnvöld og ferðaþjónustan móta skýra stefnu um náttúruvernd.

4.2. Stjórnvöld, sveitarfélagið, Vatnajökulsþjóðgarður og ferðaþjónustan setji fram loftlagsstefnu.
4.3. Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs fylgt eftir.
4.4. Sveitarfélagið vinni markvisst að náttúruvernd.
- 4.4.1. Sveitarfélagið setji sér skýr markmið varðandi náttúruvernd.
- 4.4.2. Eitt meginmarkmið aðalskipulags sveitarfélagsins sé náttúruvernd.
- 4.4.3. Fyrirtækin, íbúar og Vatnajökulsþjóðgarður vinni með sveitarfélaginu að náttúruvernd og aukinni vitund um náttúruvernd.
- 4.4.4. Sveitarfélagið láti gera athugun á kolefnisfótspori ferðaþjónustunnar á svæðinu.
- 4.4.5. Umhverfisdagar í sveitarfélaginu, tiltekt og hvatning til betri umgengni.
- 4.4.6. Halda uppi kynningum og fræðslu varðandi umhverfismál.
- 4.4.7. Efla umhverfisverndarfræðslu í grunn- og framhaldsskólum.
  - 4.4.7.1. Setja á fót jarð- og landfræðiskóla á Hrollaugsstöðum og ýta þannig undir frekari rannsóknir á svæðinu t.d. varðandi þolmörk.
- 4.4.8. Efla sorpflokkun í sveitarfélaginu.
  - 4.4.8.1. Róttækar aðgerðir til að draga úr rusli.
  - 4.4.8.2. Gott aðgengi að grenndarstöðvum.
- 4.4.9. Tryggja hreinsun á svæðum.
- 4.4.10. Tryggja mótorlaus svæði.
- 4.4.11. Samstarf við bændur og landeigendur um umgengi og stýringu umferðar.

4.5. Skilgreina þolmörk viðkomandi svæða.
- 4.5.1. Vernda viðkvæm svæði og viðkvæm vistkerfi á viðkvæmum tímabilum.
- 4.5.2. Taka ákvörðun um lokun á viðkvæmum svæðum eða takmarkaðan aðgang.
- 4.5.3. Setja skýrar reglur um hvað má og hvað má ekki í náttúru Íslands.

4.6. Efla vinnu við friðlýsingar svæða.
- 4.6.1. Nýta friðlýsingu svæða sem aðdráttarafl.
- 4.6.2. Skýrar reglur um umgengni og aðgengi á friðlýstum svæðum.

4.7. Heimamenn, landeigendur og hagsmunaaðilar hafi áhrif á og komi að skilgreiningu verndarsvæða og framkvæmdum á friðlýstum svæðum.
4.8. Umbuna þeim sem ferðast með almenningssamgöngum eða á rafbílum.
4.9. Stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs með áherslu á aðra verndarflokka en II.
4.10. Efla gróðurvernd með því að huga að forvörnum gegn landeyðingu/gróðureyðingu.

### *Samfélag - Íbúar*

**Framtíðarsýn:** *Íbúar sveitarfélagsins eru jákvæðir í garð ferðamanna og ferðaþjónustunnar og finna fyrir jákvæðum áhrifum hennar á eigin skinni t.d. með fallegu umhverfi, öflugri uppbyggingu og góðri þjónustu.*

**Meginmarkmið: Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.***
   *Aðgerðir:*
   1.1. Auka afþreyingarmöguleika fyrir alla aldurshópa.
      1.1.1. Auka vitund um hvað er í boði.
      1.1.2. Fjölga leikvöllum.
   1.2. Bæta aðgengi hjólandi og gangandi, taka mið af þörfum ferðaþjónustu og íbúa.
   1.3. Gera tölfræðilega úttekt á íbúum á svæðinu, aldursdreifingu, þjóðerni, lengd búsetu o.s.frv.
   1.4. Auka fjölbreytni í atvinnumöguleikum.
   1.5. Auka fjölbreytni í verslunum á næstu þremur árum.
      1.5.1. Efla matvöruverslun sem er á Höfn.
      1.5.2. Opna aðra matvöruverslun.
   1.6. Efla tengingu milli beggja enda sveitarfélagsins á næstu þremur árum
      1.6.1. Endurvekja pakkabílinn svo auðveldara sé að koma afurðum milli staða.
   1.7. Bæta þjónustu bæði í þéttbýli og dreifbýli.

2. ***Efla jákvætt viðhorf íbúa til ferðaþjónustu.***
   *Aðgerðir:*
   2.1. Mæla viðhorf íbúa til svæðisins reglulega.
   2.2. Rannsaka þolmörk heimamanna reglulega.
      2.2.1. Finna leiðir til þess að koma í veg fyrir áreiti frá ferðamönnum.
   2.3. Efla vitund íbúa um jákvæð áhrif ferðaþjónustu.
      2.3.1. Greinaskrif í netmiðlum og héraðsblöðum.
   2.4. Íbúar taki aukinn þátt í þróun ferðaþjónustu á næstu þremur árum.
      2.4.1. Búa til rafrænan samskiptavettvang milli íbúa, ferðaþjónustu og sveitarfélags.
   2.5. Tekjur af ferðaþjónustu sitji eftir á svæðinu.
   2.6. Efla tengsl, samvinnu og samtal fyrirtækja, sveitarfélaga og íbúa.
      2.6.1. Fyrirtæki bjóði nærsamfélaginu að koma, sjá, njóta og upplifa.
   2.7. Ríki og sveitarfélög taki höndum saman varðandi það að rekstraraðilar fari eftir reglum og lögum.
      2.7.1. Settar verða lagabreytingar með sektum.
   2.8. Íbúum verði tryggður friður í íbúðahverfum.
      2.8.1. Ekki rekstur án leyfa.
   2.9. Þarfagreina uppbyggingu á svæðinu í samstarfi við íbúa.

3. ***Aðlaðandi samfélög á svæðinu þar sem gott er að búa og vinna.***
   *Aðgerðir:*
   3.1. Fagmenntaðir og fjölskyldufólk sjái hag í því að flytja á og vinna á svæðinu til framtíðar.
   3.2. Leita til sérfræðinga innan svæðis með verkefni.
   3.3. Nýbúar upplifi sig velkomna og sem hluta af samfélaginu.
      3.3.1. Hvetja nýbúa til þess að setjast að í samfélaginu til framtíðar.
      3.3.2. Getum farið fram með fordæmi t.d. með kynningum á mismunandi þjóðerni og uppruna fólks.
      3.3.3. Íslenskukennsla fyrir nýbúa í boði
      3.3.4. Finna leiðir fyrir erlent starfsfólk ferðaþjónustunnar að vera virkara í samfélaginu, taka þátt í t.d. félagslífi og samfélagsstörfum.
   3.4. Húsnæði þarf að vera í boði
      3.4.1. Upplýsingar um húsnæðislán á mismunandi tungumálum.

### *Náttúra og menningarminjar - Náttúruvernd*

**Framtíðarsýn:** *Verndun náttúru er í forgrunni þegar kemur að ferðaþjónustu, gott eftirlit er með náttúruperlum og ferðamannastöðum og úrræði eru virk.*

**Meginmarkmið: Eftirlit með náttúrvernd er gott**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Virkt eftirlit er á ferðamannastöðum og við náttúruperlur.***
   *Aðgerðir:*
   1.1. Virkja eftirlit og úrræði s.s. með takmörkunum, lokunum eða stýringu.
   1.2. Skýr ákvæði um afleiðingar sé ekki farið eftir reglum við náttúruperlur og á ferðamannastöðum.
   1.3. Fjölga landvörðum við náttúruperlur sem sinna fræðslu og eftirliti/gæslu.
   1.4. Aukið fjármagn til stofnana á sviði náttúruverndar og lögreglu.
   1.5. Löggæsla verði virk s.s. vegna utanvegaaksturs o.fl.
   1.6. Hvatning til að tilkynna brot s.s. utanvegaakstur.

*Ferðaþjónusta - Gæði*

**Framtíðarsýn:** *Hagsmunaaðilar kappkosta við að auka gæði og gæðavitund í ferðaþjónustu.*

**Meginmarkmið: Gæði á svæðinu eru góð.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Efla rannsóknir í ferðaþjónustu.***
   *Aðgerðir:*
   1.1. Samræming gagna þvert á stofnanir
      1.1.1. Ferðamálastofa, Hagstofa og Sýslumenn noti sömu skilgreiningar þegar kemur að söfnun og úrvinnslu gagna fyrir ferðaþjónustuna.
      1.1.2. Framkvæma samanburðarrannsóknir reglulega í öllum landshlutum.
   1.2. Safna gögnum um ferðaþjónustu á svæðinu.
      1.2.1. Greina gögn og miðla þeim.
      1.2.2. Samstarf við háskólana um að efla rannsóknir.
      1.2.3. Safna hagtölum af svæðinu.
      1.2.4. Efla rannsóknir um þolmörk.

2. ***Hagsmunaaðilar sammælist um að nota Vakann, gæðakerfi ferðaþjónustunnar.***
   *Aðgerðir:*
   2.1. Vinna markvisst að því að kynna Vakann og hvað hann getur gert fyrir fyrirtækin s.s. varðandi öryggi, gæði, upplýsingagjöf, fagmennsku, umhverfisvitund o.fl.
   2.2. Fá ferðaþjónustuaðila til þess að sækja um Vakann.
      2.2.1. Skoða svigrúmið og aðlögunartíma í Vakanum.
      2.2.2. Markaðsstofan væri leiðandi í vinnunni.
   2.3. Kynna fyrir erlendum gestum um hvað Vakinn snýst.

3. ***Samræma gæði þjónustu og verð.***
   *Aðgerðir:*
   3.1. Hagsmunaaðilar eru samstíga og vinna markvisst að sameiginlegum markmiðum varðandi gæði og vandaða ferðaþjónustu.
      3.1.1. Byggja ákvarðanir á stefnumótun.
      3.1.2. Fræðsla um virði stefnumótunar.
   3.2. Hækka þjónustustig með aukinni menntun starfsfólks.
   3.3. Halda þjónustustigi háu og verðleggja þjónustuna eftir því.
      3.3.1. Bjóða upp á gæða gistingu.
      3.3.2. Bjóða upp á góða veitingastaði þar sem notað er staðbundið (e. *local*) hráefni.
      3.3.3. Bjóða upp á fjölbreytni og gæði í afþreyingu.
   3.4. Leggja áherslu á gæði fremur en magn í ferðaþjónustu.
      3.4.1. Þjónusta er verðlögð í samræmi við gæði.
4. ***Vinna að aukinni gæðavitund á svæðinu.***
   *Aðgerðir:*
   4.1. Efla samtal og samvinnu hagsmunaaðila varðandi gæði í ferðaþjónustu.
   4.2. Aukin áhersla á sjálfbæra ferðaþjónustu.

4.3. Fyrirtæki í ferðaþjónustu eru meðvituð um staðarvitund „sense of place“ á svæðinu.
4.4. Fyrirtæki í ferðaþjónustu eru meðvituð ábyrga ferðaþjónustu og samfélagslega ábyrgð.
4.5. Umhverfisstefna er til staðar innan fyrirtækja og sveitarfélags.
4.6. Efla gæðaeftirlit og fræðslu, nýta Vakann.
4.7. Leggja áherslu á að viðhalda því sem gott er.
4.8. Markaðsstofan kynni hugmyndafræði um gæði og gæðavitund.
  4.8.1. Kynna ávinning af gæðamálum.
4.9. Bjóða upp á námskeið í gæðamálum.

### *Ferðaþjónusta - Regluverk*

**Framtíðarsýn:** *Regluverk í ferðaþjónustu er skýrt og leiðir til uppbyggingar og jákvæðrar upplifunar fyrir ferðamenn og íbúa þar sem eftirlit og eftirfylgni er góð.*

**Meginmarkmið: Eftirlit með regluverki er virkt**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Vinna að því að eftirlit með regluverki sé öflugt.***

*Aðgerðir:*

1.1. Bæta þau úrræði sem sveitarfélög og lögregla hafa til þess að fylgja regluverki eftir.
  1.1.1. Bregðast við ferðamönnum sem gista í tjöldum eða í húsbílum úti í vegkanti eða ekki inni á skipulögðum tjaldsvæðum. Fylgja eftir nýrri lögreglusamþykkt.
  1.1.2. Leyfa sektir og láta féð renna til svæðisins.
  1.1.3. Fjölga stöðugildum og auka fjármagn.
1.2. Bæta eftirfylgni með uppbyggingu og framkvæmdum.
1.3. Bæta eftirlit með atvinnustarfsemi og að fyrirtæki séu með öll tilskilin leyfi og löglega starfsmenn.
  1.3.1. Gera regluverk skýrt þannig að það sé auðvelt að fylgja því eftir, t.d. 90 daga reglunni.
  1.3.2. Bæta eftirlit með heimagistingu, gæta þess að farið sé eftir 90 daga reglunni.
  1.3.3. Finna leiðir til þess að íbúar getir tekið virkan þátt í að fylgja reglum eftir t.d. að hægt sé að tilkynna ólöglega starfsemi með auðveldum hætti.

### *Samfélag - Áningarstaðir*

**Framtíðarsýn:** *Vel merktir áningarstaðir með viðeigandi þjónustu og upplýsingagjöf eru með jöfnu millibili á svæðinu.*

**Meginmarkmið: Áningarstaðir eru hugsaðir heildrænt.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Uppbygging og staðsetning áningarstaða ákveðin með tilliti til náttúru, menningarminja, öryggis og útsýnis.***

*Aðgerðir:*

1.1. Hönnun og skipulag með tilliti til náttúru og menningarminja á svæðinu.
1.2. Samræming í hönnun og uppbyggingu áningarstaða.
1.3. Leggja áherslu á öryggi á bílastæðum.
1.4. Merktar gönguleiðir út frá áningarstað.
1.5. Gera ráð fyrir aðstöðu til þess að skoða norðurljós.
1.6. Gera ráð fyrir aðstöðu til þess að taka myndir.
1.7. Gera aðstöðu fyrir hjólandi vegfarendur.
1.8. Samvinna við heimamenn og landeigendur við staðsetningu áningarstaða.

2. ***Aðgengi, þjónusta og upplýsingagjöf sé góð á áningarstöðum.***

*Aðgerðir:*

2.1. Setja upp viðeigandi salernisaðstöðu.

2.2. Gera ferðamönnum auðvelt að losa sig við og flokka rusl.
2.3. Skipuleggja þjónustu á áningarstöðum á fullnægjandi hátt.
2.4. Tryggja rekstur, viðhald og snjómokstur.
2.5. Setja upp hreinsistöðvar við stærri áningarstaði.
2.6. Setja fram upplýsingar um nærliggjandi áningarstaði, sögu, náttúru og menningarminja á svæðinu.
2.7. Upplýsingar um næstu áningarstaði á kortagrunni.

3. ***Vinna að fjölgun áningarstaða við þjóðvegi.***

*Aðgerðir:*

3.1. Staðsetja áningarstaði með um 20 km millibili frá Skeiðarársandi í vestri til Hvalnes í austri.
3.2. Gera greiningu á þörf fyrir áningarstaði á hverju svæði.
3.3. Setja inn í skipulag sveitarfélaga.
3.4. Einn af áningarstöðunum verði jöklasafn með fræðslu bæði til íbúa og ferðamanna.
3.5. Áhersla á Skaftafell, Jökulsárlón og Höfn sem lykil áningarstaði.

*Náttúra og menningarminjar - Aðgengi*

**Framtíðarsýn:** *Aðgengi er tryggt að helstu náttúruperlum og takmarkanir skýrar*

**Meginmarkmið: Aðgengi er skilgreint fyrir hvert svæði.**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

1. ***Móta stefnu um aðgengi.***

*Aðgerðir:*

1.1. Meta á skipulagsáætlunum sveitarfélagsins hvaða staðir eigi að vera aðgengilegir öllum og hverjir ekki.
1.2. Skilgreina aðgengi á mismunandi ferðamannastöðum.
1.2.1. Mismunandi aðgengi að ólíkum náttúruperlum og mismunandi áfangastöðum.
1.2.2. Ákveða hvar við viljum hafa ferðamenn og hvar ekki.
1.2.3. Ákveða hvernig aðgangsstýring á að vera á hverjum stað.
1.3. Aðgengilegir staðir sem geta tekið á móti mörgum séu sannarlega aðgengilegir öllum.
1.3.1. Alls staðar þar sem hægt er þarf að gera hreyfihömluðu fólki kleift að njóta náttúrunnar.
1.4. Staðir í alfaraleið séu útbúnir þannig að ekki verði óafturkræfar skemmdir.
1.5. Úthugsa aðgengi að jöklum, hversu aðgengilegt á að vera á ákveðnum svæðum.
1.6. Bætt aðgengi að fjörðum, skriðjöklum/áfangastöðum.
1.6.1. Lengja slóða sem liggja að jöklum til að koma í veg fyrir utanvegaakstur.
1.7. Viðhalda hálendisvegum sem þó þurfa ekki að vera aðgengilegir öllum bílum.
1.8. Takmörkun á aðgengi bílaleigubíla að hálendinu og viðkvæmum svæðum.
1.9. Ferðaþjónustuaðilar beri ábyrgð, bæði bílaleigu og hópferðabílar.
1.10. Bílaleigur setji upp vöktunarbúnað ef smábílar eru upp á hálendi eða utan vegar.
1.11. Skipulag taki mið af víðara rými en einungis landnotkun s.s. þyrluumferð, drónum og vélarafli.
1.12. Setja reglur um aðgengi og ferðamáta á ákveðnum stöðum, t.d. mótorlausir bátar á Jökulsárlóni.

2. ***Stýring og/eða takmörkun á hættulegum og viðkvæmum svæðum.***

*Aðgerðir:*

2.1. Virk stjórntæki á ferðamannastöðum.
2.1.1. Lokanir/stýring.
2.1.2. Árstíðarbundnar takmarkanir vegna álags.
2.1.3. Aðgangsstýring innan ákveðins tímaramma.
2.1.4. Setja skýrar reglur um aðgengi.
2.1.5. Landvarsla.
2.1.6. Upplýsingagjöf og merkingar.
2.1.7. Setja upp varúðar skilti við hættulega staði.

2.1.8. Kynna betur hættulega staði og hvernig hætta stafar af.
2.2. Efla og skýra jákvæð skilaboð um umgengni fremur en boð og bönn.
2.3. Fáum fólk til að fara í skipulagðar ferðir inn á hálendið.
2.4. Ferðamannastaðir og náttúruperlur séu skilgreindar og flokkaðar í aðalskipulagi sveitarfélagsins með tilliti til aðgangsstýringar.

***3. Byggja upp vel merkta og vel hannaða göngustíga.***

*Aðgerðir:*

3.1. Byggja upp gönguleiðir.
3.1.1. Gera kort af öllum gönguleiðum.
3.1.2. Byggja upp og laga núverandi vegi frekar en að gera nýja göngustíga.
3.2. Viðhald á göngustígum og gönguleiðum – fjármagna og skilgreina ábyrgðaraðila.
3.3. Fagmenn sjá um hönnun, efnisval og framkvæmd. Samstarf við landgræðsluna um menntun í stígagerð sem fellur að náttúru.
3.4. Bæta merkingar og fræðslu við gönguleiðir.
3.5. Stika göngustíga - merkja hverja stiku eins og var gert á Fimmvörðuhálsi og Þórsmörk svo stikurnar aðstoði við björgunarstarf.
3.6. Aukið fjármagn, til stofnana á sviði náttúruverndar, í framkvæmdir.
3.7. Byggja upp göngustíga við minjastaði í samstarfi við Minjastofnun.

### *Náttúra og menningarminjar - Menning og minjar*

**Framtíðarsýn:** *Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd með eflingu menningar á svæðinu.*

**Meginmarkmið: Ferðaþjónustan styður við menningu og minjavernd**

**Starfsmarkmið 2018 - 2021:**

***1. Vernda menningarsögulegar minjar.***

*Aðgerðir:*

1.1. Stefnumótun til langs tíma sem leggur áherslu á minjavernd.
1.1.1. Stjórnvöld og sveitarfélagið móta skýra stefnu um minjavernd.
1.2. Sveitarfélagið vinni markvisst að minjavernd.
1.2.1. Sveitarfélagið setji sér skýr markmið varðandi minjavernd.
1.2.2. Tekið tillit til minjaverndar í aðalskipulagi sveitarfélagsins.
1.2.3. Efla fræðslu um menningu og menningarminjar í grunn- og framhaldsskólum
1.3. Uppbygging minjastaða í samstarfi við Minjastofnun varðandi verklegar framkvæmdir, skilti, námsskeiðahald o.fl.

***2. Efla menningu á svæðinu.***

*Aðgerðir:*

2.1. Sveitarfélagið vinni markvisst að eflingu menningar á svæðinu.
2.2. Fyrirtæki vinni með sveitarfélaginu að eflingu menningar á svæðinu.
2.3. Menningardagar haldnir í sveitarfélaginu.
2.4. Þróa og kynna betur söfn, minjastaði, gömul hús, byggðasöfn, viðburði og menningaraðstöðu.
2.5. Nýta söfnin á svæðinu á fjölbreytan hátt t.d. halda bókakynningar, verðlaunaafhendingar og skólaviðburði.
2.6. Nýta sérstöðu samfélagsins á viðburðum og menningarhátíðum.
2.7. Nota óhefðbundin húsnæði undir t.d. listasýningar eða viðburði.
2.8. Byggja upp menningar- og sögutengda afþreyingu í þéttbýli.
2.9. Hjálpa aðfluttum um lengri eða skemmri tíma að aðlagast hefðum og venjum í samfélaginu.

***3. Efla matarmenningu á svæðinu.***

*Aðgerðir:*

3.1. Byggja upp ferðaþjónustu sem byggir á matarmenningu.
3.2. Fyrirtæki notist við staðbundin (e. *local*) hráefni.
3.3. Fyrirtæki notist meira við lambakjöt, fisk og íslenskt grænmeti.

### 5.5.2 Aðgerðaráætlun – Ferðamannastaðir

Þegar farið var að vinna með ferðamannastaði á Suðurlandi á hverju svæði voru sveitarfélögin beðin að senda lista yfir þá staði sem þau vildu leggja áherslu á. Áður en að ferðamannastaðirnir voru greindir niður á þá þætti sem helst bar á góma þegar talað er almennt um ferðamannastaði var þeim þáttum forgangsraðað af þátttakendum vinnufunda. Þeir þættir eru: öryggi, fræðsla, merkingar, verndun, aðgengi, uppbygging, stýring, viðhald, salerni, sorplosun og þjónusta.

**Öryggi** Þegar talað er um öryggi á ferðamannastöðum þá er verið að meina:

- Gagnvart náttúruöflum (brim, hverir, fossar og fleira).
- Staðsetning bílastæða við áningarstaði og áfangastaði.
- Fallhætta við t.d. göngustíga/útsýnispalla eða vegna hálku.
- Þörf á bættu öryggi með t.d. takmörkuðu aðgengi, merkingum, upplýsingum, girðingum.

**Fræðsla** Með fræðslu er átt við:

- Fræðsla um t.d. forvarnir, náttúruvernd, sögu og hvaða hættur eru á staðnum
- Fræðsla getur verið sett fram með skiltum, í þjónustumiðstöð, landvörslu eða öðru.

**Merkingar** Með merkingum er átt við skilti er veita leiðbeiningar eða vegvísar, t.d. hvar er WC, göngustígur eða leiðbeiningar um hættu á svæðinu eða „ekki ganga á mosanum“.

**Verndun** Þá er átt við verndun náttúru og menningarminja.

**Aðgengi** Þegar rætt er um aðgengi þá er verið að tala um almennt aðgengi á staðnum, náttúrulegt aðgengi og manngert aðgengi s.s. vegur, bílastæði, göngustígur svo að dæmi séu tekin.

**Uppbygging** Með uppbyggingu er verið að meina gerð göngustíga, útsýnispalla, stíga eða bílastæða sem dæmi.

**Stýring** Með stýringu er hægt að stýra flæði gesta innan staðarins með stígagerð, staðsetning á bílastæðum, útsýnispöllum, merkingum, fræðslu og landvörslu sem dæmi.

**Viðhald** Sem dæmi þarf að huga að viðhaldi stíga, palla eða annars sem þarfnast viðhalds.

**Salerni** Hver er staðan á salernismálum á staðnum, þarf að bæta salernisaðstöðu, er þörf fyrir salernisaðstöðu?

**Sorplosun** Hver er staðan á möguleikum til sorplosunar? Þarf að bæta sorplosun eða á ekki að vera möguleiki á að losa sorp á staðnum?

**Þjónusta** Hver er staðan á þjónustu (fyrir utan WC og sorplosun) á staðnum? Er þörf fyrir aukna þjónustu? Þjónustumiðstöð, veitingar, upplýsingamiðstöð o.fl.

Í töflu 39 má sjá niðurstöður forgangsröðunar á svæðunum þremur og svo á Suðurlandi í heild sinni.

*Tafla 39 Forgangsröðun þátta á ferðamannastöðum.*

| Forgangsröðun þátta niðurá svæði | | | |
|---|---|---|---|
| Vestursvæði | Katla Jarðvangur & Vestmannaeyjar | Ríki Vatnajökuls | Suðurland alls |
| Viðhald | Verndun | Öryggi | Öryggi |
| Öryggi | Öryggi | Verndun | Verndun |
| Verndun | Viðhald | Salerni | Viðhald |
| Aðgengi | Uppbygging | Uppbygging | Uppbygging |
| Uppbygging | Aðgengi | Viðhald | Aðgengi |
| Stýring | Salerni | Stýring | Stýring |
| Fræðsla | Fræðsla | Þjónusta | Fræðsla |
| Merkingar | Merkingar | Fræðsla | Merkingar |
| Þjónusta | Stýring | Merkingar | Salerni |
| Salerni | Sorplosun | Aðgengi | Þjónusta |
| Sorplosun | Þjónusta | Sorplosun | Sorplosun |

Þar sem Suðurlandið er mjög ríkt af fallegum náttúruperlum og öðrum þekktum ferðamannastöðum. Stærstur hluti ferðamannastaða sem draga að ferðamenn eru náttúrutengdir eða tengdir menningarsögulegum minjum. Þessir staðir eiga það yfirleitt sameiginlegt að vera viðkvæmir fyrir átroðningi og getur því verið erfitt og á vissan hátt óábyrgt að draga fram einstaka staði umfram þá sem teknir eru fyrir í Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Mikilvægt er að vanda vel til verka þegar verið er að kortleggja helstu áfangastaði og segla á Suðurlandi. Á Suðurlandi hafa í gegnum árin verið stórir seglar sem hafa dregið að ferðamenn til landsins, þar má meðal annars nefna Þingvelli, Gullfoss, Geysi, Seljalandsfoss, Skógarfoss, Dyrhólaey, Reynisfjöru og Jökulsárlón en þeir eru flestir innan verkefnisáætlunar Landsáætlunar.

Við vinnslu Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, 2017/2018, var kallað eftir stöðum sem leggja ætti áherslu á frá sveitarfélögum á Suðurlandi sem unnið yrði síðan með í forgangsröðun. Alls bárust 129 staðir eða ferðamannaleiðir. Á vestursvæðinu eru þetta 66 staðir eða ferðamannaleiðir, innan Kötlu jarðvangs & Vestmannaeyja 40 staðir og í Ríki Vatnajökuls 13 staðir eða ferðamannaleiðir. Auk þessara staða eru þeir staðir sem tilteknir eru innan Landsáætlunar. Eins og staðan er núna væri erfitt að draga fram 5 – 15 staði af þessum lista og setja þá í forgrunninn. Til þess að hægt sé að fara í forgangsröðun þeirra áfangastaða sem sveitarfélögin bentu á þarf að halda áfram með þá vinnu sem fór fram á síðustu fundum, með vinnuhópum á hverju svæði, þar sem byrjað var á því að greina staðina með tilliti til mismunandi þátta sem var forgangsraðað á hverju svæði og talað er um hér að ofan. Einnig þarf að skoða eignarhald og bera forgangsröðunina undir tengiliði svæða þannig að það sé öruggt að hún sé í takt við stefnu þeirra sveitarfélaga sem eru innan svæðisins.

Suðurland er auðugt af fjölbreytileika í náttúru og landslagi og erfitt er að gera upp á milli staða. Því gæti verið ráðlegt að tala um ákveðna fókuspunkta eða áttavita á Suðurlandi sem skilgreindir væru með reglulegu millibili. Byggja þyrfti þessa áttavita upp með tilliti til þeirra þátta sem talað er um hér að ofan í tengslum við ferðamannastaði og var forgangsraðað af þátttakendum vinnufunda. Auk þess þarf að huga að minni stöðum sem eru tengdir viðkomandi áttavita og byggja þá upp með tilliti til sömu þátta eftir því sem við á. Áttavitarnir væru byggðir upp með góðri grunnþjónustu (í áfangastaðaáætluninni er talað um að halda þjónustu við þéttbýli), öflugri fræðslu og upplýsingagjöf þar sem auðvelt væri fyrir ferðamenn að skoða helstu staði í nágrenninu. Áttavitarnir myndu síðan leiða ferðamenn áfram að næsta áttavita og þannig stuðla að dreifingu ferðamanna. Einnig væru þeir áttavitar sem eru á jaðarsvæðum Suðurlands áttavitar inn á önnur landssvæði. Sem dæmi myndi Höfn leiða ferðamenn áfram inn á Austurland, hliðin inn á hálendið væri í gegnum Kjöl og Sprengisand og myndi leiða ferðamenn inn á

Norðurland, Þingvellir myndu leiða ferðamenn inn á Vesturland, Þorlákshöfn myndi leiða ferðamenn inn á Reykjanesið. Auk þess gætu áttavitar sem staðsettir væru næst höfuðborgarsvæðinu leitt ferðamenn þangað.

## Uppfært í október 2019:

Frá því að Áfangastaðaáætlun Suðurlands var formlega kynnt á fundi Ferðamálastofu 18. nóvember 2018 er búið að fara með kynningu á áætluninni til allra 15 sveitarfélaga á Suðurlandi. Áæltunin í heild sinni var kynnt auk þess sem umræður fóru fram um möguleika sveitarfélaganna til að nýta sér þá vinnu ásamt niðurstöðum inn í sín verkefni. Að auki hefur áætlunin verið kynnt fyrir forsvarsmönnum Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnun, Samgöngunefnd SASS, Vegagerðinni og fulltrúum Landsáætlunar um uppbyggingu innviða. Verkefnastjóri Áfangastaðaáætlunar Suðurlands hefur að auki setið og tekið þátt í hinum ýmsu fundum sem tengjast áætluninni á einn eða annan hátt líkt og Sóknaráætlun Suðurlands, Landsskipulagsstefnu, Atvinnumálastefnu Vatnajökulsþjóðgarðs, Þróun áfangastaða/DMO og ráðstefnu Byggðarstofnunnar um samþættingu áætlana svo að dæmi séu tekin.

Samtal hefur átt sér stað við ýmsa aðra hagaðila þar sem tækifæri hefur gefist. Möguleg tækifæri sem Áfangastaðaáætlun Suðurlands getur lagt til inn í hin ýmsu verkefni í landshlutanum hafa verið skoðuð.

Nokkur verkefni hafa verið mótuð og farið af stað með eða eru í vinnslu innanhús hjá MSS út frá Áfangastaðaáætlun Suðurlands. Þar má helst nefna verkefnin:

- **Áttavitar Suðurlands.** Markmið er að hægja á ferðamönnum, auka upplýsingar og fræðslu. Draga fram meðal annars kaldari svæði.
- **Fræðsla, ímynd og upplýsingamiðlun.** Markmið verkefnisins er að efla umræðu og fræðslu um áhrif ferðaþjónustu á íbúa svæðisins, efla samtal ferðaþjónustu og fræðasamfélags á svæðinu, og auka við jákvæðni íbúa gagnvart ferðaþjónustu.
- **Ferðamannaleiðir.** Markmið verkefnisins er að búa til ferðamannaleiðir til að dreifa ferðamönnum á Suðurlandi.
- **Mataráttavitar Suðurlands**. Kortlagning á Matarauði Suðurlands; allt frá uppruna og árstíð, vinnslu, hefðum og upplifunum. Hvernig vinnum við með grunninn – tæki og tól fyrir fyrirtækin og svæðin til að vinna betur með þann matarauð sem svæðið hefur upp á að bjóða. Viðmiðun þess að geta merkt sig með Matarauði Suðurlands, handbók og vinnustofur með upplifunarhönnuði.

### Áherslustaðir á Suðurlandi

Undanfarið ár hefur farið í að kynna niðurstöður Áfangastaðaáætlunar Suðurlands fyrir sveitarfélögum og öðrum hagaðilum. Á þeirri vegferð hefur átt sér samtal um þá þætti sem teknir voru fyrir í áætluninni ásamt því að verkefni hafa farið af stað í beinum- sem óbeinum tengslum við Áfangastaðaáætlun Suðurlands. Á sama tíma hefur aðgerðaráætlun *Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum* verið uppfærð, verkefni Stjórnstöðvar um Þróun álagsvísa verið þróað ásamt því að unnið hefur verið að ýmsum öðrum verkefnum sem vinna að því að ná betur utan um gæði náttúrustaða, ferðamannaleiðir, upplýsingar, fræðslu og annað.

Á fundum með sveitarfélögunum mynduðust umræður um áherslur Áfangastaðaáætlunar Suðurlands auk þess var rætt um þá staði sem þyrfti að hlúa betur að, hvort sem um er að ræða bætt aðgengi, öryggi, upplýsingar, verndun náttúru eða einfalda fræðslu. Út frá þeirri vinnu hafa sveitarfélögin unnið að því að draga fram staði sem áætlað er að vinna betur að og má sjá áherslulista þeirra hér að neðan vegna úthlutunnar ársins 2022.

## Áherslustaðir sveitarfélaga vegna umsókna í Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða 2021

| Áfangastaðaáætlun Suðurlands - listi vegna umsókna okt 2021 - úthlutunar í mars 2022 | |
|---|---|
| **Sveitarfélag** | **Staður** |
| **Ásahreppur** | Búðarhálsfoss |
| **Ásahreppur** | Dynkur |
| **Ásahreppur** | Gömlu réttirnar við Hald – sameiginlegt með Rangárþingi ytra |
| **Ásahreppur** | Gönguleið á Vatnsfell |
| **Ásahreppur** | Gönguleið á Þóristind |
| **Ásahreppur** | Gönguleið: Fagrifoss í Köldukvísl, Köldukvíslargljúfur, fossinn Nefji og áfram niður með Köldukvísl á Þóristungur. |
| **Ásahreppur** | Hvanngiljafoss |
| **Ásahreppur** | Kláfurinn yfir Tungnaá – sameiginlegt með Rangárþingi ytra |
| **Ásahreppur** | Sigöldugljúfur – sameiginlegt með Rangárþingi ytra |
| **Ásahreppur** | Illugaver - gamli leitarmannakofinn |
| **Ásahreppur** | Réttin við Köldukvísl, á botni Sporðöldulóns |
| **Ásahreppur** | Gamli tjaldstaðurinn skammt frá Þórisósi |
| **Bláskógabyggð** | Árbúðir á Kili |
| **Bláskógabyggð** | Brúarfoss |
| **Bláskógabyggð** | Lyngdalsheiðarvegur - áningastaðir |
| **Bláskógabyggð** | Laugarvatn |
| **Bláskógabyggð** | Skálholt |
| **Bláskógabyggð** | Árbúðir |
| **Flóahreppur** | Ásavegur |
| **Flóahreppur** | Flóðgáttin – Flóaáveitan |
| **Flóahreppur** | Urriðafoss |
| **Grímsnes- og Grafningshreppur** | Sólheimar |
| **Grímsnes- og Grafningshreppur** | Hengilsvæðið |
| **Grímsnes- og Grafningshreppur** | Kerhólar |
| **Hrunamannahreppur** | Brúarhlöð |
| **Hrunamannahreppur** | Kerlingafjöll |
| **Hrunamannahreppur** | Laxárgljúfur á Hrunaheiðum |
| **Hrunamannahreppur** | Miðfell, gönguleið |
| **Hveragerði** | Árgil Varmár |
| **Hveragerði** | Hamarinn - svæðið undir Hamrinum og Hamarsbrúnin |
| **Hveragerði** | Hveragarðurinn |
| **Mýrdalshreppur** | Flugvélaflakið á Sólheimasandi |
| **Mýrdalshreppur** | Reynisfjara |
| **Mýrdalshreppur** | Sólheimajökull |
| **Mýrdalshreppur** | Víkurfjara |
| **Mýrdalshreppur** | Víkurþorp |
| **Mýrdalshreppur** | Þakgil |
| **Mýrdalshreppur** | Reynisfjall |



Markaðsstofa Suðurlands

FERÐAMÁLASTOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

| | |
|---|---|
| **Rangárþing eystra** | Efri-Hvolshellar |
| **Rangárþing eystra** | Eyjafjallajökull |
| **Rangárþing eystra** | Gluggafoss/Þorsteinslundur |
| **Rangárþing eystra** | Hvolsfjall og nærsvæði |
| **Rangárþing eystra** | Kvernufoss |
| **Rangárþing eystra** | Landeyjarfjara/Landeyjahöfn |
| **Rangárþing eystra** | Markarfljótsaurar |
| **Rangárþing eystra** | Nauthúsagil |
| **Rangárþing eystra** | Seljalandsfoss/Hamragarðar |
| **Rangárþing eystra** | Tumastaðaskógur/Tunguskógur |
| **Rangárþing eystra** | Ytri Skógar- Heildstæður áningar- og áfangastaður fyrir íbúa og gesti |
| **Rangárþing eystra** | Þórsmörk |
| **Rangárþing eystra** | Þríhyrningssvæðið |
| **Rangárþing ytra** | Aldamótaskógur |
| **Rangárþing ytra** | Djúpósstífla |
| **Rangárþing ytra** | Fossabrekkur |
| **Rangárþing ytra** | Hekla |
| **Rangárþing ytra** | Hella |
| **Rangárþing ytra** | Oddi |
| **Rangárþing ytra** | Ytri-Rangá |
| **Rangárþing ytra** | Þjófafoss |
| **Rangárþing ytra** | Þykkvabæjarfjara |
| **Skaftárhreppur** | Kjarvalsbrúin á Klaustri / Göngubrú yfir Skaftá |
| **Skeiða- og Gnúpverjahreppur** | Þjórsárdalur |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Fjaran / Hraunið (varnargarðurinn) á milli Stokkseyrar og Eyrarbakka |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Fuglafriðland í Flóa/Hallskot |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Hellisskógur |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Knarrarósviti |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Vitaleiðin – Strandsvæðið milli Óseyrarbrúar og Knarrarósvita |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Krían, listaverk eftir Sigurjón Ólafsson. Hönnun og uppbygging göngustíga og bílaplans |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Brúarstígur, á milli brúa. Hönnun og undirbúningur |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Vesturbúð, endurreisn verslunarhús Vesturbúðarinnar í upprunalegri mynd |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Höfnin á Eyrarbakka, fræðslusetur um fjörur og lífríkið við ströndina |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Verndarsvæði í byggð, Eyrarbakki |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Brúarbitar Skeiðarár |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Eskey |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Gönguleiðakort fyrir allt sveitarfélagið |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Hafnarsvæðið á Höfn |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Haukafell |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Háalda |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Heilstætt gönguleiðakerfi um Höfn |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Hvalnes |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Kvíárjökull |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Kvísker - Múlagljúfur |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Leiðarhöfði á Höfn |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Ósland á Höfn |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Skálafellsjökull |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Svínafell – Skaftafell, göngustígur |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Jöklaleiðin - gönguleiðakerfi í Sveitarfélaginu Hornafirði |
| **Sveitarfélagið Ölfus** | Þorlákssskógar, skipulag útivistarsvæðis, göngustígar og áningarstaðir |
| **Sveitarfélagið Ölfus** | Reykjadalur, göngustígar og áningarstaðir |
| **Sveitarfélagið Ölfus** | Hafnarskeiðs- og Ölversströndin, útivist, sjósport og áningarstaðir |
| **Sveitarfélagið Ölfus** | Vitaleiðin, gönguleið |
| **Vestmannaeyjar** | Heimaklettur |
| **Vestmannaeyjar** | Lundaskoðunarpallur í Stórhöfða |
| **Vestmannaeyjar** | Eldfjöllin - Helgafell og Eldfell |

Auk fyrrgreindra þátta þá hefur verið unnið að uppfærslu á aðgerðaráætlun í Landsáætlun um uppbyggingu innviða þar sem fjöldi staða fóru úr 27 í 40 staði.

## Í Landsáætlun um uppbyggingu innviða er tekið á 40 stöðum á Suðurlandi:

| Heiti staðar | Umsjón | Verndarflokkun | Helstu aðgerðir | 2018 | 2019 | 2020-2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Álftaversgígar** | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Greiningarvinna og skipulag. | 0 | 3.000.000 | 0 |
| **Dverghamrar** | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Framhald á uppbyggingu göngustígar (hringleiðar) | 0 | 8.900.000 | 0 |
| **Dyrhólaey** | Umhverfisstofnun | Friðland | Áframhaldandi uppbygging innviða: endurskoðun deiliskipulags, endurbætur og viðhald göngustíga, stígatengingar milli staða, lokafrágangur bílastæðis, merkingar, girðingar. | 8.700.000 | 8.000.000 | 146.005.000 |
| **Fjaðrárgljúfur** | Umhverfisstofnun | Á Náttúruminjaskrá | Bráðaaðgerðir til verndar gróðurs, endurheimt gróðurs, endurskoðun á deiliskipulagi, gerð göngustígs. Ath. með fyrirvara um samþykki landeigenda. | 10.000.000 | 5.000.000 | 58.160.000 |
| **Friðland að fjallabaki – allt stjórnunarsvæðið** | Umhverfisstofnun | Fiðland | Bættar merkingar á svæðinu. Viðhald og styrking eldri göngustíga. | 4.900.000 | 0 | 40.500.000 |
| **Friðland að fjallabaki / Landmannahellir** | Umhverfisstofnun | Friðland | Hönnun og skipulag á gönguleiðum út frá Landmannahelli og stýringu á margskonar umferð um svæðið. | 0 | 2.600.000 | 0 |
| **Friðland að fjallabaki / Landmannalaug** | Umhverfisstofnun | Friðland | Endurnýjun göngustígs við laugina, girðingar. | 0 | 2.110.000 | 16.900.000 |
| **Friðland að fjallabaki / Laugahringur, Laugavegur** | Umhverfisstofnun | Friðland | Annar áfangi lagfæringar á göngustíg um Laugaveg frá Vondugiljaaurum að Brennisteinsöldu. | 0 | 0 | 51.000.000 |
| **Friðland að fjallabaki / Laugavegur - leið** | Umhverfisstofnun | Friðland | Áframhald stígagerðar frá Laugahrauni að Hrafntinnuskeri. Árlegt viðhald náttúrustíga. | 750.000 | 30.750.000 | 750.000 |
| **Friðland að fjallabaki / Rauðufossar** | Umhverfisstofnun | Friðland | Skipulag og hönnun vegna Rauðufossa í Friðlandi að fjallabaki á grunni tillagna að verndarinnviðum. | 0 | 3.000.000 | 0 |
| **Geysir** | Umhverfisstofnun | Á náttúruminjaskrá, er í friðlýsingarferli | Hönnun og framkvæmdir innan Geysissvæðis á grunni deiliskipulags. | 50.000.000 | 24.750.000 | 74.750.000 |
| **Gjáin í Þjórsárdal** | Umhverfisstofnun | Á Náttúruminjaskrá og í friðlýsingarferli | Verndaraðgerðir í Gjánni, merkingar, afmarkanir. | 800.000 | 7.200.000 | 0 |
| **Gullfoss** | Umhverfisstofnun | Friðland | Framkvæmdir á grunni deiliskipulags: Endurnýjun stíga og torgs (G1, G2), endurnýjun útsýnispalls (D1), nýr stígur (A1 frá D2), merkingar, girðingar, skemma fyrir sand og vinnuvélar. | 128.844.000 | 28.750.000 | 25.000.000 |
| **Haukadalsskógur** | Skógræktin | Nærri jaðri svæðis á Náttúruminjaskrá | Bætt salernisaðstaða | 1.000.000 | 0 | 0 |
| **Heinabergslón – nýr staður** | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Þurrsalerni | 0 | 16.744.000 | 0 |
| **Hjálparfoss** | Skógræktin | Á Náttúruminjaskrá | Bætt salernisaðstaða, viðhald gönguleiða og aðstöðu. | 2.000.000 | 9.000.000 | 2.000.000 |
| **Ingólfshöfði – nýr staður** | Umhverfisstofnun | Friðland | Lagfæringar á stígum, merkingar. | 0 | 0 | 2.970.000 |
| **Jökulsárlón** | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Bráðabirgðainnviðir (gestasalerni og aðstaða landvarða). Framkvæmdir á grunni sérstakrar áætlunar, væntanlegs deiliskipulags og stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins. | 25.000.000 | 31.650.000 | 100.000.000 |
| **Keldur á Rangárvöllum** | Þjóðminjasafn Íslands | Friðað mannvirki (húsafriðun) | Deiliskipulag, stækkun og frágangur bílastæðis sunnan heimreiðar, bygging salernis- og þjónustuhúss. | 1.000.000 | 600.000 | 28.328.000 |
| **Kerlingarfjöll – nýr staður** | Umhverfisstofnun | Í friðlýsingarferli sem landslandsverndarfl. og í tengslum við Rammaáætlun 2. | Aðkomu- og upplýsingaskilti auk lokunarslár við setursleið og leiðina vestan með Kerlingarfjöllum. | 0 | 300.000 | 2.300.000 |
| **Kirkjugólf** | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Afmörkun gönguleiða og lokun aflögustíga | 0 | 5.301.000 | 0 |
| **Kolgríma – nýr staður** | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Lagfæringar á göngubrú yfir Kolgrímu | 0 | 3.100.000 | 0 |

| Heiti staðar | Umsjón | Verndarflokkun | Helstu aðgerðir | 2018 | 2019 | 2020-2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Laugarvatn** | Skógræktin | Á Náttúruminjaskrá | Aðgengi fyrir alla frá bílastæði, lokafrágangur eldaskála, uppbygging og viðhald gönguleiða. | 2.500.000 | 3.500.000 | 2.000.000 |
| **Laugavegur, frá Landmannalaugum í Þórsmörk - leið** | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | Friðland, á náttúruminjaskrá | Laugavegur - Tilraunaverkefni um gönguleiðir. | 0 | 10.000.000 | 20.000.000 |
| **Reykjadalur** | Sveitarfélagið Ölfus | Á Náttúruminjaskrá | Áframhaldandi lagfæring á stígum/viðhald | 0 | 0 | 15.000.000 |
| **Rútshellir** | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar og nærri svæði á Náttúruminjaskrá | Lokafrágangur þannig að hann geti verið opinn ferðamönnum á öruggan hátt. | 5.100.000 | 0 | 0 |
| **Sandfell í Öræfum** | Vatnajökulsþjóðgarður | í jaðri/umsjá þjóðgarðs | Salerni við upphaf gönguleiðar | 0 | 0 | 10.000.000 |
| **Skaftafell – nýr staður** | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Framkvæmdir í Skaftafelli á grunni áætlunar, m.a. úrbætur í fráveitumálum. | 0 | 30.000.000 | 100.000.000 |
| **Skaftafellsheiði** | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Endurbætur á heiðinni og tröppur | 0 | 0 | 10.000.000 |
| **Skaftáreldahraun** | Skaftárhreppur | Á Náttúruminjaskrá (hluti hrauns), hluti innan þjóðgarðs | Girðingar, merkingar, endurheimt mosaþekju, greiningarvinna og uppfærsla deiliskipulags. | 0 | 6.000.000 | 2.000.000 |
| **Skálholt** | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Endurbætur innviða, bætt aðgengi og miðlun á uppgraftarsvæðinu í samræmi við óloknar aðgerðir 1-5 sem tilteknar eru í verndaráætlun. | 13.000.000 | 0 | 0 |
| **Skógafoss / láglendi** | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Bráðaaðgerðir vegna ástands gróðurs, hönnun og gerð á bílastæði, nýjum tröppum, malbikuðum stíg frá þjónustuhúsi að fossi, merkingar. | 4.614.789 | 2.000.000 | 117.000.000 |
| **Skógafoss / Skógaheiði** | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Áframhaldandi vinna við gerð göngustíga, viðhald, gerð tengistíga og lokun aflögustíga. | 5.100.000 | 20.000.000 | 75.000.000 |
| **Stöng í Þjórsárdal** | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Greiningavinna fyrir minjasvæðið að Stöng, göngustígur um bæjarhól, merkingar, lagfæring byggingar sem verndar rústir þjóðveldisbæjar. | 5.000.000 | 35.000.000 | 0 |
| **Svarthöfði við Vonarskarð - Kolugil** | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Þurrsalerni | 0 | 20.000.000 | 0 |
| **Systrafoss - skógarreitur** | Skógræktin | Önnur flokkun | Endurbætur og viðhald á gönguleið og umhverfi | 1.000.000 | 1.000.000 | 2.000.000 |
| **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum / Þinghelgi** | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | Þjóðgarður | Deiliskipulag áfangi 1. og 2. Endurbygging göngupalls að Öxarárfossi. Styrking og uppbygging göngustíga í sunnanverðri Þinghelgi. Gönguleið úr Stekkjargjá, tenging við Vallakrók. Bætt salernisaðstaða. | 25.000.000 | 10.000.000 | 197.500.000 |
| **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum / Þingvallahraun** | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | Þjóðgarður | 1., 2., 3., og 4. áfangi í uppbyggingu stígakerfis í Þingvallahrauni, malarstígar. Hönnun og fyrstu útfærslur göngustígs og útsýnispalls við Hrafnagjá. | 10.000.000 | 15.000.000 | 35.000.000 |
| **Þjórsárdalur – minjasvæði** | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Gerð verndaráætlunar fyrir Þjórsárdal á grundvelli friðlýstra þjóðminja. | 0 | 3.500.000 | 0 |
| **Þjórsárver – nýr staður** | Umhverfisstofnun | Friðland | Merkingar | 0 | 450.000 | 2.500.000 |
| **Þórsmörk og Goðaland** | Skógræktin | Á Náttúruminjaskrá | Merkingar, nýframkvæmdir og árlegt viðhald gönguleiða | 15.000.000 | 15.000.000 | 31.600.000 |
| **Ægissíðuhellar (Hlöðuhellir, Fjárhellir og Fjóshellir) – nýtt svæði** | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Standsetning manngerðra hella, bætt aðgengi (hellulögn, malarlag, náttúrustígur). | 0 | 3.525.000 | 7.970.000 |
| **Samtals** | | | | **319.308.789** | **365.730.000** | **1.176.233.000** |

Áfram verður unnið að einstaka þáttum tengdum Áfangastaðaáætlun Suðurlands í gegnum hin ýmis verkefni innan landshlutans, hvort sem er á vegum Markaðstofunnar, sveitarfélaga, landshlutasamtaka, ferðaþjónustuaðila eða íbúanna sjálfra.

# 6. Mælikvarðar

Til þess að markviss árangur náist í að ná þeim markmiðum og framtíðarsýn sem sett hefur verið fram er mikilvægt að setja mælikvarða niður á aðgerðir til að sjá hver staðan er þegar byrjað er að vinna eftir áætluninni. Í þessum fasa er ekki búið að vinna þá greiningarvinnu á aðgerðaráætluninni. Þegar búið er að greina aðgerðir alveg niður eru dregnir fram mælikvarðar. Mögulega mun koma í ljós að einhverjar aðgerðir og markmið eru ekki raunhæf að komi til framkvæmda á þeim þremur árum sem þessi áætlun nær til. Mikil áhersla hefur verið lögð á að áfangastaðaáætlun sé lifandi skjal sem farið verður reglulega yfir og staðan tekin á einstaka aðgerðum og markmiðum.

Unnið verður í að greina aðgerðir í þessari áætlun í næsta fasa verkefnisins, stefnt er að því að sú greining verði tilbúin á haustmánuðum 2018. Verða þá m.a. skoðaðir eftirfarandi þættir:

- **Vörður:** *Hvaða vörður þarf að framkvæma til að ná settu markmiði?*
- **Tímamörk:** *Hver er tímarammi aðgerðarinnar?*
- **Ábyrgð:** *Hver ber ábyrgð á framkvæmd  og hverjir eru stuðningsaðilar?*
- **Fjármögnun:** *Hverjir fjármagna aðgerðina?*
- **Árangursmat:** *Hvernig er árangur af aðgerðinni mældur? Hvenær er settum markmiðum náð?*
- **Utanaðkomandi þættir:** *Til dæmis tengist aðgerðin fjárlögum eða öðru utanaðkomandi?*
- **Raunhæft:** *Hversu auðveld er aðgerðin í framkvæmd?*
- **Staða:** *Er þessi aðgerð til staðar eða í vinnslu nú þegar?*
- **Tengsl við aðrar áætlanir:** *Tengist þessi aðgerð öðrum áætlunum eins t.d. og Landsáætlun, Sóknaráætlun, Samgönguáætlun, Stjórnaráætlun jarðvangs eða þjóðgarða?*

Þegar búið verður að greina aðgerðir niður í þessa þætti ætti að vera komin raunhæf aðgerðaráætlun sem auðvelt er að vinna eftir og reglulega tekin staða á með það markmiði að ná settum markmiðum og framtíðarsýn. Mikilvægt er að helstu hagaðilar taki þátt í að greina aðgerðirnar og þannig hefja innleiðingu stefnunarinnar. Aðgerðaráætlanirnar eru mjög ítarlegar, yfirgripsmiklar og koma að starfsemi margra hagaðila ferðaþjónustunnar beint eða óbeint. Ekki er endilega raunhæft að koma öllum þeim aðgerðum sem settar hafa verið hér fram innan þeirra tímamarka sem áætluninninni er sett en með góðri greiningu með því að skoða aðgerðir með tillit til hversu raunhæf hún er, hvort hún sé í ferli nú þegar, er hún til lengri tíma eða hægt að vinna innan tímamarka sem dæmi. Einnig er margt í aðgerðaráætlunum jafnvel nú þegar í gangi eða til staðar en þar þarf að leggja áherslu á að viðhalda því og vinna með það áfram sem dæmi að endurskoða reglulega eða auka vitund.

# 7. Kostnaður, mannafl og úrræði

Þó svo að áfangastaðaáætlun sé ekki lögbundin áætlun þá eru í henni ýmis tækifæri fyrir svæðið til að nýta þær niðurstöður og vinnu sem hefur átt sér stað við vinnslu hennar. Möguleikar eru á mörgum nýjum verkefnum, hvort sem er á vegum Markaðsstofunnar, SASS, sveitarfélaga, fyrirtækja eða annara.

Beint eða óbeint fjármagn þarf til að viðhalda áætluninni og vinna að innleiðingu með því að vinna aðgerðir, bæði stórar og smáar. Mikilvægt er að það sé skilgreint starf innan Markaðsstofunnar til að halda utan um heildina og styðja við aðra sem eru að vinna að ýmsum verkþáttum, smáum sem stórum, innan áfangastaðaáætlunarinnar.

Erfitt getur verið að setja fram einhverja eina upphæð sem þarf til að koma öllum þessum aðgerðum í framkvæmd til að ná fram þeim markmiðum og framtíðarsýn sem fram hafa verið sett. Sumar aðgerðir kosta ekkert fjármagn heldur aðeins breytt hugarfar eða kostar jafnvel tímann sem það tekur að skrifa grein í blað. Aðrar aðgerðir geta kostað tugi, jafnvel hundruði miljóna eins og stórar vegaframkvæmdir sem mikil þörf er á vegna aukins umferðarþunga á þjóðvegum landsins.

Í stefnumótunarvinnu þá er innleiðingin yfirleitt sá fasi sem er yfirleitt vanmetinn í tíma, kostnaði og mannafla. Til þess að innleiðingin sé markviss og gefi af sér það sem ætlast er til þurfa hagaðilar að ganga í takt og stefna að sömu framtíðarsýn. Hagaðilagreining fyrir Áfangastaðaáætlun Suðurlands var unnin í ársbyrjun 2017 og má sjá hana í töflu 40.

*Tafla 40 Hagaðilagreining fyrir Áfangastaðaáætlun Suðurlands.*

| Hagaðilagreining - Áfangastaðaáætlun DMP Suðurland | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Svæði:** | **Suðurland** | | | | | | |
| **Markmið:** | **Greina aðila sem eiga hagsmuna að gæta í árangri verkefnisins og í því umhverfi sem þeir starfa.** | | | | | | |
| **Hagaðilagreining** | **Hlutverk / Framlag:** | | **Flokkun:** | **Hagsmunir/ Mikilvægi:** | **Áhrif:** | **Einkunn:** | |
| **Listi yfir hagaðila:** | (Almennt) | Starfsheiti/hlutverk | A / B / C / D | Skali 1-5* | Skali 1-5* | **Vægi x Áhrif** | **Umsagnir og athugasemdir sveitarfélaga við drögum sem send voru út í febrúar 2018** |
| **Ferðamálastofa** | Eigandi verkefnis | Verkefnastjórar Ferðamálastofu | A | 5 | 5 | **25** | |
| **Verkefnastjórar DMP** | Verkefnastjórar verkefnisins / framkvæmd verkefnisins | Verkefnastjórar DMP | A | 5 | 5 | **25** | |
| **Ferðamála-, kynninga, - og/eða atvinnufulltrúar sveitarfélaganna og forsvarsmenn klasa á Suðurlandi (einnig tengiliðir** | Lykilaðilar á svæðunum og hluti af samstarfshóp um ferðamál á Suðurlandi | | A | 5 | 5 | **25** | |
| **Samtök Sunnlenskra Sveitarfélaga (SASS)** | Landshlutasamtök sveitarfélaga á Suðurlandi. Vinna að sameiginlegum verkefnum og koma mikið að DMP. | Framkvæmdastjóri | A | 5 | 5 | **25** | |
| **Markaðsstofa Suðurlands (MSS)** | Stoðstofnun fyrir ferðaþjónustu á svæðinu og sveitarfélögin. Mun vera leiðandi í DMP vinnu. | Framkvæmdastjóri | A/D | 5 | 5 | **25** | |
| **Ölfus** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Bæjarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Engin bókun komin 16.4.2018 |
| **Hveragerði** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Bæjarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Bæjarráð lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem fram hefur farið við gerð Áfangastaðaáætlunar DMP fyrir Suðurland og telur að verkefnið geti orðið ferðaþjónustu og samfélaginu öllu til framdráttar ef vel tekst til með innleiðingu þess. |
| **Sveitarfélagið Árborg** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Framkvæmdastjóri | B | 5 | 5 | **25** | Engin bókun komin 16.4.2018 |
| **Grímsnes- og Grafningshreppur** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Búið að leggja fram á sveitarstjórnarfundi - bókun um umsögn ekki komin. |
| **Skeiða- og Gnúpverjahreppur** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Sveitarstjórn vill sjá aukna áherslu á samgöngumál í skýrslunni og lýsir samþykki við komugjöld farþega til landsins. Auk þess verði haldið áfram að byggja upp innviði þar með talið aðstöðu við ferðamannastaði. Sveitarstjórn leggur áherslu á að því fé sem varið er til uppbyggingar ferðamannastaða er ekki í neinu samræmi við þá brýnu þörf sem er til staðar. |
| **Hrunamannahreppur** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Búið að leggja fram á sveitarstjórnarfundi - bókun um umsögn ekki komin. |

| Hagaðilagreining - Áfangastaðaáætlun DMP Suðurland | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Svæði:** | **Suðurland** | | | | | | |
| **Markmið:** | **Greina aðila sem eiga hagsmuna að gæta í árangri verkefnisins og í því umhverfi sem þeir starfa.** | | | | | | |
| **Hagaðilagreining** | **Hlutverk / Framlag:** | | **Flokkun:** | **Hagsmunir/ Mikilvægi:** | **Áhrif:** | **Einkunn:** | |
| **Listi yfir hagaðila:** | (Almennt) | Starfsheiti/hlutverk | A / B / C / D | Skali 1-5* | Skali 1-5* | **Vægi x Áhrif** | **Umsagnir og athugasemdir sveitarfélaga við drögum sem send voru út í febrúar 2018** |
| **Bláskógabyggð** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við framlögð drög að Áfangastaðaáætlun. Þó finnst sveitarstjórn nauðsynlegt að sett verði inn í áætlunina, að ríkisvaldið tryggi að leiðbeiningar um lokaða vegi fari sjálfkrafa inn á GPS leiðsagnarkerfi til að auðvelda og tryggja sem öruggasta flæði umferðar á vegum landsins. Tíðar lokanir, takmörkuð þjónusta og ófærð á vegum kalla á að slíkar lausnir verði innleiddar líkt og gert í öllum nágrannalöndum okkar. |
| **Flóahreppur** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Áfangastaðaáæltun DMP á Suðurlandi – drög til umsagnar<br>Lögð fram drög að Áfangastaðaáætlun DMP (e. Destination Management Plan) Suðurlands til umsagnar og athugasemda.<br>Lagt fram til kynningar. |
| **Ásahreppur** | Almenn hlutverk sveitarfélaga | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi áætlun. |
| **Rangárþing ytra** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Engin bókun komin 16.4.2018 |
| **Rangárþing eystra** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | 1802031 Drög að Áfangastaðaáætlun DMP. Samþykkt að vísa drögunum til umfjöllunar á sameiginlegum fundi Umhverfisnefndar og Markaðs- og atvinnumálanefndar. Markaðs- og kynningarfulltrúa falið að boða fundinn, og sitja hann, ásamt formönnum nefndanna. Umsögn nefndanna þarf að berast sveitarstjórn fyrir 28. mars 2018. |
| **Mýrdalshreppur** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Engin bókun komin 16.4.2018 |
| **Skaftárhreppur** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Sveitarstjórn þakkar erindið og fagnar því að þessi vinna sé langt á veg komin. Erindinu vísað til skipulagsnefndar og umhverfis- og náttúruverndarnefndar til umfjöllunar og felur sveitarstjóra að tilkynna Markaðsstofunni um að ekki náist að afgreiða málið fyrr en á apríl fundi sveitarstjórnar.<br>**Skipulagsnefnd:** Skipulagsnefnd telur fátt í áfangastaðaáætluninni sem myndi fara inní aðalskipulag sveitarfélagsins. Fremur sé um að ræða óskalista yfir framtíðarsýn. Skipulagsnefnd telur mörg starfsmarkmiðanna óraunhæf og of viðamikil og tímarammi of skammur.<br>**Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd:** Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd er ánægð með innihald skýrslurnar en telur að forgangsraða þurfi starfsmarkmiðum þar sem ljóst er að mörg þessara markmiða náist ekki á næstu þremur árum. Sem dæmi er óraunhæft; að öllum einbreiðum brúm ásamt því að gera 2+1 þjóðveg frá Selfossi að Jökulsárlóni/Höfn, hinsvegar mætti á þessum vegkafla setja ákveðna staði í forgangi. Jafnframt mætti í ljósi atburða |



Markaðsstofa Suðurlands

FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

| Hagaðilagreining - Áfangastaðaáætlun DMP Suðurland | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Svæði: | Suðurland | | | | | | |
| Markmið: | Greina aðila sem eiga hagsmuna að gæta í árangri verkefnisins og í því umhverfi sem þeir starfa. | | | | | | |
| Hagaðilagreining | Hlutverk / Framlag: | | Flokkun: | Hagsmunir/ Mikilvægi: | Áhrif: | Einkunn: | |
| Listi yfir hagaðila: | (Almennt) | Starfsheiti/hlutverk | A / B / C / D | Skali 1-5* | Skali 1-5* | Vægi x Áhrif | Umsagnir og athugasemdir sveitarfélaga við drögum sem send voru út í febrúar 2018 |
| **Sveitarfélagið Hornafjörður** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Sveitarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | 3. 201709112 - Stefnumótandi stjórnunaráætlun fyrir ferðaþjónustu í hverjum landshluta/Destination management plan (DMP) Vinnu við gerð Áfangastaðaáætlunar DMP fyrir Suðurland er að ljúka. Lokafundur fyrir austursvæði verður 10. apríl á Hótel Skaftafelli Öræfum. Óskað er eftir ábendingum frá sveitarfélaginu vegna gerðar aðgerðaráætlunar og þá ferðamannastaði innan svæðisins sem nauðsynlegt er að hefja uppbyggingu á. Bæjarráð felur atvinnu- og ferðamálafulltrúa að undirbúa svar við erindinu og málið verður tekið aftur fyrir á næsta fundi bæjarráðs. |
| **Vestmannaeyjar** | Almenn hlutverk sveitarfélaga. | Bæjarstjóri | B | 5 | 5 | **25** | Engin bókun komin 16.4.2018 |
| **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum** | Tekur á móti gríðarlegum fjölda ferðamanna á ári hverju | Fræðslufulltrúi | B | 4 | 4 | **16** | |
| **Vatnajökulsþjóðgarður (Vestur- og Suðursvæði)** | Tekur á móti fjölda ferðamanna á ári hverju | | B | 4 | 4 | **16** | |
| **Katla Jarðvangur – Global UNESCO Geopark** | Tekur á móti fjölda ferðamanna á ári hverju | Framkvæmdastjóri | B | 4 | 4 | **16** | |
| **Ferðaþjónustufyrirtæki innan svæðis** | Ferðaþjónustuaðilar með starfssemi á Suðurlandi | | B | 3 | 4 | **12** | |
| **Gestastofur Þjóðgarðana** | Þingvöllum, Kirkjubæjarklaustri, Skaftafelli og Höfn | | B | 3 | 3 | **9** | |
| **Upplýsingamiðstöð Suðurlands, Hveragerði - landshlutamiðstöð** | Mikilvægur snertiflötur við ferðamenn á svæðinu. | | B | 3 | 3 | **9** | |
| **Umhverfisstofnun** | Umsjónamenn friðlanda og náttúruvætta. | | B | 3 | 3 | **9** | |
| **Náttúrustofa Suðausturlands** | | | C | 3 | 3 | **9** | |
| **Vegagerðin** | Tenging vegna uppbyggingar og þjónustu. | | C | 3 | 3 | **9** | |
| **Landeigendur** | Tenging vegna uppbyggingu | | C | 3 | 3 | **9** | |
| **Björgunarsveitir** | Tengjast sem viðbragðsaðilar. | | C | 3 | 3 | **9** | |
| **Almenningssamgöngur Herjólfur / Strætó** | Almenningssamgöngur inná og innan svæðis | | C | 3 | 2 | **6** | |
| **Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands, Þekkingarsetur, fræðslumiðstöð, Háskólafélag og menningarmiðstöðvar** | Rannsóknir, miðlun þekkingar/menntunar og menningar á svæðinu | | C | 3 | 2 | **6** | |

| Hagaðilagreining - Áfangastaðaáætlun DMP Suðurland | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Svæði:** | **Suðurland** | | | | | | |
| **Markmið:** | **Greina aðila sem eiga hagsmuna að gæta í árangri verkefnisins og í því umhverfi sem þeir starfa.** | | | | | | |
| **Hagaðilagreining** | **Hlutverk / Framlag:** | | **Flokkun:** | **Hagsmunir/ Mikilvægi:** | **Áhrif:** | **Einkunn:** | |
| **Listi yfir hagaðila:** | (Almennt) | Starfsheiti/hlutverk | A / B / C / D | Skali 1-5* | Skali 1-5* | **Vægi x Áhrif** | **Umsagnir og athugasemdir sveitarfélaga við drögum sem send voru út í febrúar 2018** |
| **Upplýsingamiðstöðvar á vegum sveitarfélaga** | Mikilvægur snertiflötur við ferðamenn á svæðinu. | | B | 3 | 2 | **6** | |
| **Ferðaþjónustufyrirtæki utan svæðis** | Ferðaþjónustuaðili með tengsl/starfssemi á Suðurlandi | | B | 3 | 2 | **6** | |
| **Ferðamálasamtök Suðurlands** | Hagsmunasamtök ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi. Eiga tvo aðila í stjórn Markaðsstofu Suðurlands. (ekki virk) | Formaður (skráður) | B/C | 3 | 2 | **6** | |
| **Ferðamálafélag Austur - Skaftafellssýslu** | Hagsmunasamtök ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi. Eiga einn aðila í stjórn Markaðsstofu Suðurlands. (lítið virk) | | B/C | 3 | 2 | **6** | |
| **Visit South Iceland ehf (Rúntað í Rangárþingi)** | Hagsmunasamtök ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi. Eiga einn aðila í stjórn Markaðsstofu Suðurlands. (? virk) | | B/C | 3 | 2 | **6** | |
| **Heimamenn – íbúasamtök** | Tenging vegna sjálfbærrar uppbyggingar. | | C | 3 | 2 | **6** | |
| **Bílaleigurnar** | Ferðaþjónustuaðili með tengsl inn á svæðið. | | C | 2 | 2 | **4** | |
| **Aðrar upplýsingamiðstöðvar** | Mikilvægur snertiflötur við ferðamenn á svæðinu. | | B | 2 | 2 | **4** | |
| **Heilsugæslur og sjúkraflutningar** | Tengjast sem viðbragðsaðilar. | | C | 2 | 2 | **4** | |
| **Lögreglan** | Tengjast sem viðbragðsaðilar. | | C | 2 | 2 | **4** | |
| **Atlantsflug** | Ferðaþjónustuaðili með tengsl inn á svæðið. | | C | 2 | 2 | **4** | |
| **Flugfélagið Ernir** | Ferðaþjónustuaðili með tengsl inn á svæðið. | Flugfélagið Ernir | C | 2 | 2 | **4** | |
| **FAB lab / Nýsköpunarmiðstöð** | Þekking og nýsköpun á svæðinu | | C | 2 | 2 | **4** | |
| **Hafnir (Þorlákshöfn, Landeyjahöfn, Höfn)** | Samgöngur og skemmtiferðaskip | | C | 1 | 2 | **2** | |
| **Ferðafélag Íslands og Útivist** | Gönguleiðir og fjallaskálar | | C | 2 | 1 | **2** | |
| **Isavia (flugvellirnir)** | Ferðaþjónustuaðili með tengsl inn á svæðið. | | C | 2 | 1 | **2** | |
| **Verslun og þjónusta** | "Óbeinir" ferðaþjónustuaðilar. | | C | 2 | 1 | **2** | |

## Heimildaskrá

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2018). Skýrsla ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku. (Lögð fyrir Alþingi á 148. löggjafarþingi 2017–2018.). Alþingi. Sótt af http://www.althingi.is/altext/pdf/148/s/0717.pdf

Butler, R. W. (1980). The concept of a tourist area cycle of evolution: Implications for management of resources. Canadian Geographer / Le Géographe Canadien, 24(1), 5–12. https://doi.org/10.1111/j.1541-0064.1980.tb00970.x

Doxey, G. V. (1975). A causation theory of visitor–resident irritants, methodology and research inferences: The impact of tourism, 195–198.

Edwaed Hákon Huijbens, & Gunnar Þór Jóhannesson. (2013). Ferðamál á Íslandi. Reykjavík: Mál og menning.

Ferðamálastofa. (2014). Einföldun starfsumhverfis og regluverks í ferðaþjónustu á Íslandi. Ferðamálastofa. Sótt af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/mai/fms-einfoldun-starfsumhverfis-og-regluverks-i-ferdathjonustu-mai-2014.pdf

Ferðamálastofa. (2018, mars 5). Landsmenn sáttir við ferðamenn og ferðaþjónustu. Sótt 21. mars 2018, af https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/landsmenn-sattir-vid-ferdamenn-og-ferdathjonustu

Ferðamálastofa. (e.d.-a). Ferðamálaáætlun 2011-2020. Sótt 25. apríl 2018, af https://www.ferdamalastofa.is/is/moya/page/ferdamalaaaetlun-2011-2020

Ferðamálastofa. (e.d.-b). Niðurstöður úr sumarkönnun Ferðamálastofu. Sótt 15. mars 2018, af https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ahugaverdar-nidurstodur-i-sumarkonnun-ferdamalastofu

Ferðamálastofa. (e.d.-c). Vakinn. Sótt 15. mars 2018, af https://www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-og-gaedi/vakinn

Festa Samfélagslegábyrgð fyrirtækja. (e.d.). Ábyrg ferðaþjónusta. Sótt 15. mars 2018, af http://festasamfelagsabyrgd.is/abyrg-ferdathjonusta/

Hagstofa Íslands. (2012, október 30). Landbúnaður 2010–2012. Hagtíðindi. Sótt af http://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu/

Hagstofa Íslands. (e.d.). Íbúar/Mannfjöldi/Sveitarfélög og byggðarkjarnar. Sótt 30. apríl 2018, af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN10001.px/

Heilbrigðisstofnun Suðurlands. (e.d.). Sjúkraflutningar. Sótt 26. apríl 2018, af https://www.hsu.is/sjukraflutningar/

Íslandsstofa. (2018). Markhópagreining fyrir íslenska ferðaþjónustu. Íslandsstofa. Sótt af http://www.islandsstofa.is/files/pdf/markhopar-171008-mq.pdf

Íslandsstofa. (e.d.). Icelandic pledge. Sótt 15. mars 2018, af https://www.inspiredbyiceland.com/icelandicpledge/

Kotler, P. T., Bowen, J. T., & Makens, J. (2014). Marketing for Hospitality and Tourism: International Edition (6th edition). England: Pearson.

Landmælingar Íslands. (e.d.). Landmælingar Íslands. Sótt 23. apríl 2018, af https://www.lmi.is/landupplysingar/einfold-kort/

Markaðsstofa Suðurlands. (2016). Markaðsgreining og markaðsleg stefnumótun fyrir áfangastaðinn Suðurland. Selfoss: Markaðsstofa Suðurlands.

Mill, R. C., & Morrison, A. M. (2012). The Tourism System (7. útg.). Kendall Hund.

Minjastofnun Íslands. (e.d.). Minjavefsjá. Sótt 24. maí 2018, af https://www.map.is/minjastofnun/

Oddný Þóra Óladóttir. (2017). Opinber stefnumótun í ferðamálum. Háskóli Íslands. Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/27440/1/Opinber%20stefnum%C3%B3tun%20%C3%AD%20fer%C3%B0am%C3%A1lum-T%C3%B6luleg%20gagnas%C3%B6fnun%20og%20ranns%C3%B3knir%20%C3%A1%20svi%C3%B0i%20fer%C3%B0am%C3%A1la.pdf

Ríkislögreglustjórinn Almannavarnardeild. (e.d.-a). Skipurit. Sótt 26. apríl 2018, af http://www.almannavarnir.is/almannavarnir/skipurit/

Ríkislögreglustjórinn Almannavarnardeild. (e.d.-b). Verkefni almannavarna. Sótt 26. apríl 2018, af http://www.almannavarnir.is/almannavarnir/tenglar/

SASS. (e.d.). Sóknaráætlun Suðurlands, Stefnumörkun. Sótt 25. apríl 2018, af http://www.sass.is/soknaraaetlun-sudurlands/stefnumorkun/

Seðlabanki Íslands. (2018, febrúar 27). Ný rannsóknarritgerð um mat á áhrifum Airbnb á íbúðamarkað. Sótt 21. mars 2018, af https://www.sedlabanki.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2018/02/27/Ny-rannsoknarritgerd-um-mat-a-ahrifum-Airbnb-a-ibudamarkad/

Stjórnarráð Íslands. (2017, nóvember 30). Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis. Sótt 21. mars 2018, af https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlysing/

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Drög að landsáætlun um innviði til umsagnar. Sótt 25. apríl 2018, af https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/02/05/Drog-ad-landsaaetlun-um-innvidi-til-umsagnar/

Stjórnstöð ferðamála. (e.d.). Mælaborð ferðaþjónustunnar. Sótt 25. apríl 2018, af http://stjornstodin.is/maelabord-ferdathjonustunnar

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (e.d.). Samráðsgátt - Landsáætlun og verkefnaáætlun um innviði. Sótt 21. mars 2018, af https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=5

Umhverfisstofnun. (e.d.). Suðurland. Sótt 22. mars 2018, af http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudurland/

Vegagerðin. (e.d.-a). Áningarstaðir. Sótt 26. apríl 2018, af http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/aningastadir/

Vegagerðin. (e.d.-b). Um Vegagerðina. Sótt 26. apríl 2018, af http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina

Þingskjal 823 — 384. mál. (2018). Svar umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um landvörslu. 148. löggjafarþing 2017–2018. Sótt af http://www.althingi.is/altext/pdf/148/s/0823.pdf

## Viðauki – Markaðsgreining Suðurlands

Sjá Markaðsgreiningu Suðurlands á vefsíðunni: www.south.is/markadsgreining